

NÖRDAR
NÁ TÖKUM Í
NBA

►34



KOSNINGAR Í BRETLANDI
Á FIMMTUDAG ►36

Djammferð
Verð frá 109.900 kr.
4 stjörnu gisting og
allt innifalið!

plus
FERDIR
www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

2. maí 2015
102. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðastöðum Capacent Gólfur apríl-júní 2014

BEÐIN UM AÐ AFNEITA DÓTTUR SINNI

Hulda Fríða Berndsen sagði skilið við Votta Jehóva þegar dóttur hennar var útskúfað vegna samkynhneigðar. Hún segir margt einkennilegt eiga sér stað innan safnaðarins. ► 24



SKÖPUN OG RÉTTLÆTI
Guðrún Ásmundsdóttir og Hilmar Hildarson Magnússon mætast á rökstólum. ► 32



HEIDA RÚN
VENST EKKI
FRÆÐINNI
► 76

Bergsveinn fagnar 20 ára afmæli Söldaggar.

► 62



LAUMAST Í POPPIÐ AFTUR



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KOMDU OG GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR GOLFSUMARIÐ

GOLFHÁTÍÐ Í DAG

KYNNTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ
OG SPENNANDI KEPPNIR INNI Í BLAÐINU

PÚTTKEPPNI
NÁNDARKEPPNI
DRIVE-KEPPNI

Kringlan

TAKTU
ÞÁTT OG ÞÚ
GÆTIR UNNIÐ
GLÆSILEG
VERÐLAUN


Sportdagar
í Smáralind

Opið til 18



SMÁRALIND

VEÐUR




Austan 8-15 m/s í dag, hvassast með suðurströndinni. Víða él eða slydduél, en hægari vindur vestanlands. Hiti mjög svipaður því sem hann var í gær.

SJÁ SÍÐU 52

GLEÐIFRÉTTIN

Fann sjálfan sig


Reynir Pétur Ingvarsson göngugarpur auglýsti eftir stytta af sjálfum sér í vikunni. Stytta var gerð af honum fyrir um þrjátíu árum í tilefni af göngu hans hringinn í kringum landið en hann vissi ekki hvað hefði orðið um hana. „Ég fer í bæinn og sæk mig,“ sagði Reynir Pétur glaður í bragði þegar símtalið barst um að stytta væri fundin.



FIMM Í FRÉTTUM: KÖRFUBOLTI OG KÆRÐ HATURSORÐRÆÐA



Ragnheiður Elín Árnadóttir ferðamálaráðherra lýsti því yfir að stjórnvöld myndu ekki taka upp samræmda gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða. Allt stefnir í að uppbyggingin verði sett á fjárlög.



Pavel Ermolinskij og félagar hans í körfuknattleikslíði KR urðu Íslandsmeistarar annað árið í röð eftir 88-81 sigur á Tindastóli í fjórða leiknum í Síkinu á miðvikudagskvöld.



Hilmar Hildarson Magnússon og Samtökin 78 lögðu fram kærú á hendur tíu einstaklingum vegna meiðandi orðræðu í garð hinsegin fólks á opinberum vettvangi.



Sigríður Hallgrímsdóttir aðstoðarmaður menntamálaráðherra bað um viðtal hjá fréttastofu RÚV á þeim grundvelli að stofnunin heyrði undir ráðuneytið. Fréttastofa RÚV var verulega undrandi á ummælunum.



Erpur Eyvindarson rappari gaf út nýtt myndband við lag sitt Fyrirliði þar sem hann fer yfir ferilinn. Í myndbandinu birtast margar af helstu þróttahetjum þjóðarinnar, eins og Margrét Lára Viðarsdóttir og Gunnar Nelson.



SETIÐ ÚTI Vegfarendur létu ekki lágt hitastig aftra sér frá að njóta sólarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Borgarbúar nutu veðurbliðunnar fyrir utan kaffihúsin: Bongóblíða í miðbæ Reykjavíkur

MANNLÍF Íbúar höfuðborgarsvæðisins dattu í lukkupottinn á baráttudegi verkafólksins í gær, þann 1. maí. Sólin skein og þrátt fyrir að hitinn mældist aðeins mest 4 stig hjá Veðurstofnunni virtist sem fólk upplifði mun hærri hitatölur. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofnunni mun hitinn hækka á morgun og fara upp í 5 til 6 stig.

Handtekinn í Austurstræti: Tilkynnt um tvær líkamsrásir

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um tvær líkamsrásir í miðborginni aðfaranótt föstudags. Árásarmaður var handtekinn á veitingastað við Austurstræti en hann var í mjög annarlegu ástandi að sögn lögreglu. Maðurinn lét ófriðlega þegar hann var handtekinn og skallaði meðal annars lögreglumann.

Þá var tilkynnt um aðra líkamsrás á veitingahúsi við Laugaveg. Sá sem varð fyrir árásinni var fluttur á slysadeild en lögreglan segist hafa upplýsingar um gerendur.

Gera grein fyrir innkaupum: Vilja auka upplýsingaflæði

STJÓRNMÁL Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp um breytingu á upplýsingalögum. Þeir vilja með frumvarpinu skylda stjórnvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir til að gera grein fyrir öllum innkaupum á vöru og þjónustu yfir 150 þúsund krónum.

Ef frumvarpið myndi ná fram að ganga gæti almenningur haft auknið aðgengi að upplýsingum af þessum toga. Fyrirmynd frumvarpsins er frá Bretlandi og Bandaríkjunum en þar getur almenningur fylgst með opinberum útgjöldum mánaðarlega.

Spurningalisti Blátt áfram gagnrýndur

Móðir nemanda í Háteigsskóla telur að spurningalisti Blátt áfram í tengslum við fyrirlestur um kynferðislegt ofbeldi brjóti gegn persónuvernd. Hún segir að foreldrar hafi ekki fengið að vita af fyrirlesturinum fyrr en eftir að hann var fluttur.

SKÓLAMÁL Móðir stúlku í Háteigsskóla gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð samtakanna Blátt áfram eftir fyrirlestur þeirra um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 8. bekk skólans. Foreldrar nemenda fengu ekki tilkynningu um fyrirlesturinn fyrr en eftir að hann var fluttur.

„Með tilkynningunni kom fram að börnin ættu að svara spurningum í tengslum við fyrirlesturinn. Ég bað um að fá að sjá listann og þau leyfi sem þau ættu að hafa til að leggja slíka lista fyrir börnin. Ég hef ekki fengið nein svör,“ segir Berglind Gísladóttir, móðir nemanda.

„Það getur vel verið að þetta séu saklausar spurningar, en foreldrar eiga að fá að vita um svona hluti. Þessi vinnubrögð tel ég að séu ekki leyfileg og brjóti gegn persónuvernd,“ segir Berglind. „Spurningarnar voru aldrei sendar eftir að ég hafði samband við skólafyrirvöld.“

Guðrún Helga Bjarnadóttir, starfsmaður Blátt áfram sem flutti fyrirlesturinn, segir mikilvægt að foreldrar séu ekki látnir vita áður en fyrirlesturarnir eru haldnir. „Það eru dæmi um að börn og jafnvel systkinahópar sem verða fyrir ofbeldi heima hjá sér mæti ekki þann dag sem fyrirlesturinn fer fram. Ef það er verið að brjóta á þeim vilja þeir aðilar ekki að börnin fái fræðslu um það,“ segir Guðrún. Hún segir að börnin fái spurningalista eftir fyrirlesturinn sem þau séu ekki skyldug til að svara. Listarnir eru nafnlausir.

Berglind segir að í póstinum sem foreldrar fengu hafi komið fram að



HEFUR EKKI FENGIÐ SVÖR Berglind vildi fá að sjá spurningarnar og þau leyfi sem samtökin ættu að hafa til að leggja spurningalista fyrir börnin. NORDICPHOTOS/GETTY

bekkurinn hefði fengið fyrirlestur frá Guðrúnu Helgu um kynferðislegt ofbeldi. „Ég bað þá um að fá upplýsingar um hver menntun hennar væri og hvers vegna hún væri talin fær til að ræða svona viðkvæmt málefni við grunnskólabörn. Ég fékk þau svör að hún væri leikskólakennari,“ segir Berglind.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru spurningarnar á listanum flestar almennt í tengslum við fyrirlesturinn. Hvað lærðir þú á fyrirlesturinum? Hvað þótti þér áhugaverðast? Kom eitthvað á óvart? Eitthvað sem þú vilt spyrja um? Eitthvað sem þú vilt fá að vita um kynferðislegt ofbeldi? Á listanum voru einnig spurningar um hvort börnin teldu sig treysta einhverjum fullkomlega og ef svo væri hver það væri.



„Það getur vel verið að þetta séu saklausar spurningar, en foreldrar eiga að fá að vita um svona hluti.“

Berglind Gísladóttir, móðir nemanda í Háteigsskóla.

Skólastjóri Háteigsskóla segir að mistök hafi átt sér stað með spurningalistanum og að málið verði skoðað frekar. Hann segir þó að samstarfið hafi gengið vel í gegnum árin. Hann vildi ekki tjá sig meira um málið að svo stöddu.

Löng helgi á Spáni

Alicante 8.-12. maí

Tilboðsverð frá 69.900 kr.
m.v. 2 í herbergi með hálfu fæði á Melia Benidorm.

Flugsæti til Alicante 8. maí 14.950 kr.
önnur leiðin og 39.900 kr. fram og til baka.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

VITA er lífið

Fyrirverandi ráðherra segir eðlilegt að iðnaðurinn greiði skatt af auðlindum: Ættu að halda í raforkuskattinn

STJÓRNMÁL „Mér þykir það undarlegt þegar Bjarni segir að það sé mikilvægt að viðhalda stöðugleika með því að gefa stóriðjunni afslátt af sköttum á sama tíma og launum er haldið lágum til að viðhalda stöðugleikanum,“ sagði Oddný G. Harðardóttir, fyrirverandi fjármálaráðherra.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á ársfundum Samáls að afnám raforkuskatts á álver væri forgangsmál fyrir ríkisstjórnina þar sem það félli vel að markmiðum stjórnarinnar um að treysta efnahagslegan stöðugleika.

Skatturinn var upphaflega lagður á árið 2009 sem hluti af samningi álfyrirtækjanna, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Skatturinn skilaði ríkissjóði 1,6 milljörðum króna í fyrra. Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Sam-



ÁLVER Álverin greiddu 1,6 milljarða króna í skatt í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/BIG

áls, segir að skatturinn hafi upprunalega átt að vera tímabundinn en hafi verið framlengdur þrátt fyrir loforð um annað.

Oddný segir að áliðnaðurinn í landinu verði að vera samfélagslega ábyrgur. „Það er eðlilegt að

stóriðjan greiði skatt af þeim auðlindum sem hún nýtir. Við getum bara kallað þetta auðlindaskatt. Og við eigum að feta þessa slóð með allar okkar auðlindir, getum ekki gefið þær frá okkur,“ sagði Oddný.

Sportdagar í Smáralind

2. og 3. maí

Allt sem þú þarft fyrir sumarsportið!
Skoðaðu tilboðin á smaralind.is

Sumarsport

Laugardagur 2. maí

kl. 11-18 Sportgetraun við Cintamani

★ kl. 13-16 Frí ástandsskoðun á hjólum hjá Dr. Bæk
Staðsetning: við inngang hjá Ísbúðinni 2. hæð

kl. 13-16 Hlaupagreining í boði Air
Staðsetning: 2. hæð, á svölum milli Zöru og Levi's

★ kl. 14-15 BMX brós sýna listir sínar
Staðsetning: úti, við Smáratívoli

kl. 14-16 Hlaupafræðsla með Kára Steini
Staðsetning: verslunin Air

kl. 15 Íslandsmeistarar Stjórnunnar í fimleikum
sýna Under Armour íþróttaföt
Staðsetning: 1. hæð, fyrir framan Vero Moda

kl. 15-17 Gólfúrfræðingur frá Footjoy
Staðsetning: Útilíf




27.4.2015 → 3.5.2015

104 HEIMILISOFBELDISMÁL

komu á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu
Á 2 MÁNUÐUM

10 MANNNS

voru kærðir til lögreglu af Samtökunum 78 fyrir meiðandi orð í garð hinsegin fólks.



4,5

milljarða króna mun útgerðin hafa sparað í árslok ef **OLÍUVERÐ** og gengi Bandaríkjadals haldast út árið.

50-52%

launahækkunir á 3 árum er krafa SGS.




271

milljón kostuðu sýnatökur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs á tveimur árum.

33

milljörðum Hafa útgerðarfyriktæki þegar samið um að verja til smíði nýrra skipa.



50%

er talið að sé fækkun heilablóðfalla á síðasta áratug.



TEKUR VIÐ Þórunn Guðmundsdóttir lögmaður tekur við af Ólöfu Nordal ráðherra sem formaður bankaráðs Seðlabankans.

Formaður Seðlabankaráðs:
Þórunn yfir bankaráðinu

EFNAHAGSMÁL Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður var á fimmtudag kjörin formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands. Þórunn var kosin í bankaráðið af Alþingi í mars síðastliðnum í stað Ólafar Nordal sem hætti í ráðinu er hún tók við embætti innanríkisráðherra. Varaformaður bankaráðsins er Jón Helgi Egilsson.

Þórunn er einn eigenda lögmansstofunnar Lex. Hún hefur um 30 ára lögmansreynslu og hefur starfað samfelld hjá Lex frá árinu 1983. - fbj

Auka fylgið um átta stig:
Píratar með byr í seglunum

STJÓRNMÁL Píratar mælast langstærsti stjórnmálaflokkurinn á Íslandi ef gengið yrði til kosninga nú með 30 prósentu fylgi. Það er átta prósentustigum meira en í síðasta mánuði.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 22,9 prósent og Samfylkingin með 14,1 prósent. Þá fá Vinstri græn 10,6 prósent, Framsókn er með 10,1 prósent og Björt framtíð með 7,8 prósentu fylgi. - srs

Fjárfesting í gagnaverum 20 milljarðar á 5 til 6 árum

Gagnaver á Íslandi nýta 20 megavött af orku og kaupa rafmagn fyrir um 1,4 milljarða árlega. Föst og afleidd störf eru um 300. Græn orka og náttúruleg kæling gera Ísland að góðum kosti til uppbyggingar gagnavera.

TÆKNI Fjárfesting við uppbyggingu íslenska gagnaversiðnaðarins er í kringum 20 milljarðar króna á aðeins fimm til sex árum. Föst og afleidd störf eru þegar um 300 talsins.

Þetta kom fram í máli Eyjólf M. Kristinssonar, formanns Samtaka íslenskra gagnavera (DCI), á vorkundi Landsnets fyrir skemmstu.

Eyjólfur fjallaði meðal annars um af hverju Ísland hentar vel til uppbyggingar gagnavera. Ekki síst er það náttúruleg kæling sem hefur bein áhrif á rekstrarkostnað fyrirtækjanna sem þurfa að kaupa minni orku til kælingar á vélbúnaði en víða annars staðar.

Tiltölulega lágt orkuverð spilar einnig inn í þessa mynd. Gagnaver á Íslandi nýta 20 megavött (MW) af orku og kaupa rafmagn fyrir um 1,4 milljarða króna árlega. Keypt bandvidd er fyrir 500 milljónir á ári.

Þótt greinin sé ung að árum þá eru þegar bein störf í gagnaverum á Íslandi í dag 70 til 100, en afleidd störf eru mun fleiri eða rúmlega 200 talsins.

Eyjólfur svaraði þeirri spurningu af hverju gagnaver á Íslandi eru ekki fleiri og stærri en raun ber vitni. Það sagði hann helst að rekja til þess að gagnasamband við Bandaríkin væri „ekki frábært“ en nefndi að við erfiðar aðstæður hefði greinin fengið mikla stöð frá fyrirtækjum á sviði gagnaflutninga- og fjarskiptasambanda við útlönd.

„Hins vegar þarf miklu meira til ef við ætlum að vera samkeppnishæf,“ sagði Eyjólfur sem varpaði fram þeirri spurningu hver



THOR Um 80 alþjóðlegir aðilar nýttu sér þjónustu gagnavers Advania í Hafnarfirði á síðasta ári.

aðskrifstofur á bak við sig og þessi lönd hafa markað sér skýra stefnu um að ná árangri. Árangurinn hefur ekki líka ekki látið á sér standa,“ sagði Eyjólfur og nefndi Írland sem dæmi en einnig Finnland og Svíþjóð.

Hann sagði tækifærin án nokkurs vafa fyrir hendi enda væru tvö prósent allrar orku í Bandaríkjunum þegar nýtt til að reka gagnaver og aðrar tölur væru til marks um það að gagnaveraiðnaðurinn á heimsvísu yxi hraðar en menn gerðu sér almennt grein fyrir.

svavar@frettabladid.is

„Við finnum það að þau lönd sem við erum helst í samkeppni við fá öflugan stuðning frá stjórnvöldum.“



Eyjólfur M. Kristinsson, formaður DCI.

svavar@frettabladid.is

Pýsk gæði

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Ósammála um hvort Hanna Birna hafi sagt þinginu ósatt í lekamálinu: Segir nefndina hafa brugðist

STJÓRNMÁL Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins brást í máli Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, að mati Ögmundar Jónssonar, formanns nefndarinnar. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Nefndin fór í pólitískar skotgrafir en meiningin er að hún sé hafin yfir slíkt. Nefndin klofnaði í málinu, en aðallega var deilt um hvort Hanna Birna hefði sagt þinginu ósatt eða ekki.

Stjórnarliðar mynduðu meirihluta og telja að málinu hafi lokið með skýrslu umboðsmanns Alþingis. Brynjar Nielsson, varaformaður nefndarinnar, segir að nefndin

eigi ekki að setja sig í dómarasæti eða starfa sem rannsóknarréttur. Til þess hafi hún embætti eins og umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun. Hann hafnar því að nefndarmenn hafi farið í pólitískar skotgrafir þótt þeir hafi ekki talið eða treyst sér til að fullyrða það að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi sagt ósatt í þinginu.

Til stóð að afgreiða skýrslu í nafni allrar nefndarinnar en stjórnarliðar féllust ekki á það svo minnihlutinn stendur einn að skýrslunni eða álitinu. Ögmundur Jónsson segir þetta mjög dapurlega niðurstöðu en það sé nauðsynlegt að álit minnihlutans verði rætt í þinginu. Hann segist líta málið mjög alvarlegum augum en ekki hafa tekið neina ákvörðun um hvort hann hatti sem formaður í nefndinni.



BRUGÐIST Ögmundur Jónsson, formaður nefndarinnar, segir hana hafa brugðist í máli Hönnu Birnu.

- þká

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Viltu vinna íbúð?

6 íbúðavinningar á happdrættisárinu
að verðmæti 30 milljónir hver!

- **Nýtt happdrættisár framundan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum**
 - Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða
og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.



Fylgstu með okkur á Facebook

DAS-húsið 1971 - Aðalvinningur Reynilundi í Garðabæ



DREGIÐ Í HVERRI VIKU



Diplómanám um áfengis- og vímuefnafræðing

Diplómanám um áfengis- og vímuefnafræðing er sjálfstætt 30 eininga þverfræðilegt nám að loknu BA-, BS- eða sambærilegu háskólaprófi.

Námsleiðin er ætluð þeim sem starfa með áfengis- og vímuefnasjúkum og fjölskyldum þeirra, s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, lýðheilsufræðingum, iðjuþjálfum, guðfræðingum, áfengis- og vímuefnaráðgjöfum og læknum.

Kennsla fer fram tvo samfellda daga í mánuði sem auðveldar fólki að sinna náminu meðfram vinnu.

Sæktu um á hi.is fyrir 5. júní.

Nánari upplýsingar á felagsradgjof.hi.is og hjá dr. Steinunni Hrafnadóttur í síma 824 0598 og 525 5266.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

www.hi.is

Tröppur og stigar

Álþrappa 3 þrep **3.990**
Álþrappa 4 þrep 4.990,-
5 þrep 6.390,-

SM-RLG0
Álþrappa 7 þrep, tvöföld **25.590**
5 þrep, tvöföld 19.990,-

RLA-05
Álþrappa 5 þrep, tvöföld **6.690**
4 þrep 5.690,-
6 þrep 7.890,-
7 þrep 9.690,-

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m **18.490**

Uppfyllir AN:131 staðalinn

Mætti gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

TÓNMENTASKÓLI REYKJAVÍKUR

Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2015-2016 stendur yfir núna á vorönn og lýkur í maí.

Innritaðir eru nemendur á aldrinum 8-10 ára sem eru teknir beint í hljóðfæránám, án undangengins forskólanáms.

Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri:

- Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu, víólu, selló og gítar
- Einnig á píanó og harmóníku
- Einnig er innritað í fiðluforskóla (5-6 ára börn)
- Einnig er til takmarkað pláss á þverflautu, klarinett og saxófón
- Teknir eru inn nokkrir nemendur fædda 2009 (6 ára) í Forskóla I
- Teknir eru inn nokkrir nemendur fædda 2008 (7 ára) í Forskóla II

ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER TAKMARKAÐ.

Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 13:00-16:00 virka daga.
Síminn er 562-8477.

Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna.

Til að tryggja endanlega að innritunin sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemandann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðunni www.rafraen.reykjavik.is á sama tíma og setja Tónmentaskólann í 1. val.

Skólastjóri



Íslenska landsnefndin á þriðja hæsta framlag landsnefnda til verkefna: Ný stjórn landsnefndar UN Women

GÓÐGERÐARMÁL Ný stjórn landsnefndar UN Women á Íslandi tók til starfa á fimmtudag. Starf landsnefndarinnar hefur aukist mikið á undanförunum árum en aldrei hafa fleiri styrkt samtökin með mánaðarlegu framlagi. Hátt í 1.100 einstaklingar gengu til liðs við UN Women á síðasta ári og íslenska landsnefndin á þriðja hæsta framlag landsnefnda til verkefna UN Women.

Guðrún Ögmundsdóttir hagsfræðingur var endurkjörin for-

maður samtakanna. Nýir inn í stjórn nefndarinnar eru Örn Úlfar Sævarsson, texta- og hugmyndasmiður, og Soffía Sigurgeirsdóttir alþjóðastjórnsmálafræðingur sem áður sat í varastjórn.

Í stjórn sitja sem fyrr Magnús Orri Schram, Ólafur Stephensen, Kristjana Sigurbjörnsdóttir, Friðmann Sigurðsson, Guðrún Norðfjörð, Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, Arna Gerður Bang og Karen Áslaug Vignisdóttir.



STJÓRNIN Ný stjórn landsnefndar var kosin á fimmtudag.

Segir sæstrengsmál í hárréttum farvegi

Ragnheiður Elín Árnadóttir vísar því á bug að vinna stjórnvalda við mat á kostum og göllum við lagningu sæstrengs sé í hægagangi. Hún segir samskipti við Breta um málið í eðlilegum farvegi og niðurstaðna úr undirbúningsvinnu að vænta.

ORKUMÁL „Við erum í góðu samtali við Breta um það sem tímabært er að ræða. Hvað sem einhverjir kunna að halda fram þá er enginn gluggi að lokast á næstu misserum. Ég fullyrði það enda hef ég spurt orkumálaráðherra Breta að því sjálf,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um undirbúningsvinnu stjórnvalda í tengslum við hugsanlega lagningu sæstrengs á milli Íslands og Bretlands og samskipti við þarlend stjórnvöld.

Charles Hendry, fyrrverandi orkumálaráðherra Breta og ráðgjafi hjá Atlantic Superconnection Corporation, sagði á fundi Kjarnans og Íslenskra verðbréfa um sæstrengsverkefnið nýlega að bresk stjórnvöld vildu eindregið taka upp viðræður við íslensk stjórnvöld um stöðu verkefnisins. Hins vegar væri engin krafa gerð til þess að stjórnvöld hér gæfu afdráttarlaus svör á þessum tímapunkti.

Í framhaldi af fundinum sagði Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, í viðtali við Fréttablaðið að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu að taka upp viðræður við Breta um sæstreng þó undirbúningsvinna standi yfir hérna heima. Hann vill hraða málinu og fá svör við lykilsurningum frá Bretum og hér heima.

Ragnheiður segir það rangt að Bretar sæki fast að setjast niður til viðræðna um sæstrengsmál. Samskipti hennar við núverandi orkumálaráðherra Breta, Matthew Hancock, og fyrrirrennara hans, Michael Fallon, hafi einkennst af hinu gagnstæða. Þeir hafi sýnt skilning á því að verkefnið krefðist



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR Hefur ekki gert upp hug sinn um sæstreng- og sér bæði kosti og galla við verkefnið.

mikillar heimavinnu en hafi boðið fram aðstoð sína með alla þá þætti sem þeir gætu. „Við erum að vinna þetta m.a. eftir forskrift atvinnuveganefndar og þetta mál krefst yfirlegru. Einhverjum kann að finnast að málið gangi ekki nógu hratt, en ég er ósammála því. Það sem vakir fyrir okkur er að vanda okkur eins og kostur er og gæta að íslenskum hagsmunum.“

Ragnheiður hnykkir á að settur hafi verið á fót verkefnahópur á vegum ráðuneytisins sem sé að skoða þau átta verkefni sem lögð voru til í áliti atvinnuveganefndar. Þau eru öll komin í farveg. Síðast hafi verið boðið út „ítarleg þjóðhagsleg kostnaðar- og ábatagrein- ing á áhrifum raforkusæstrengs á íslenskt samfélag“, eins og verk-

„Einhverjum kann að finnast að málið gangi ekki nógu hratt, en ég er ósammála því. Það sem vakir fyrir okkur er að vanda okkur eins og kostur er og gæta að íslenskum hagsmunum.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

efnið er kallað. Straumur fjárfestingarbanki sé um þessar mundir að hefja þá vinnu. Samkvæmt tímaáætlun verður undirbúningsvinnan í hendi um eða eftir næstu áramót.

svavar@frettabladid.is

Aðeins einn einstaklingur sé viðstaddur fæðingu móðurinni til stuðnings:

Ný tilmæli LSH um heimsóknir

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hefur gefið út ný tilmæli um heimsóknir á sængur- og fæðingarkvænadeild spítalans. Í tilkynningu frá spítalanum eru tilmælin sögð byggja á stefnu um heimsóknir og viðveru við fæðingar sem mótuð var þegar fæðing- arþjónustunni á spítalanum var breytt árið 2014.

Þannig mælast ljósmæður og læknar til þess að aðeins einn einstaklingur sé viðstaddur fæðinguna. Þá séu heimsóknir fyrstu tímana eftir fæðingu ekki æskilegar. „Fæðingin og tíminn fyrst eftir fæðingu er mikilvægur fyrir tengslamyndun foreldra og nýbura. Grunnurinn að brjóstgjöf er lagður á fyrstu tímum eftir fæðingu og mikilvægt að móðir og barn fái frið og tíma til að leggja þann mikilvæga grunn,“ segir í tilkynningunni.

Um tveimur tímum eftir fæðingu flytjast mæður á meðgöngu- og sængurlegudeild. Er þá mælt til þess að aðeins nánustu aðstandendur komi í heimsóknir, aðeins milli klukkan 16.00 og 19.30. Heimsóknir barna yngri en 12 ára eru ekki leyfðar, vegna RS víruss.

„Mikilvægt er að sýna tillitssemi, skipuleggja



VIÐKVÆMT FERLI Nýjum tilmælum um heimsóknir er ætlað að vernda viðkvæmt ferli tengslamyndunar milli foreldra og nýfædds barns.

NORDICPHOTOS/GETTY

heimsóknir í samráði við foreldra og fresta heimsóknnum ef fólk er með kvef eða flensu,“ segir í tilkynningunni.

- fbj



FERSKASTI NAMMIBARINN



1.899 kr/pk

Bláber 500 gr



1.699 kr/pk

Jarðarber 1 kg

ávöxtur
mánaðarins

Ný uppskera
frá Spáni



Galía melónur

999 kr/ks

Appelsínur Lane-Late
3,5 kg.



Nýtt í Hagkaup

Hnetu og ávaxtaálegg

Á brauðið, kexið eða bara í kökuna.



Nýtt í Hagkaup

Luscombe lífrænn drykkur

Með Silican sítrónum og madagascar vanillu.



Nýtt í Hagkaup

Nóa kropp með piparmyntu

Frábært inni sumarið



Eat Real snakk

Hummus og Kínóa.



Nýtt í Hagkaup

AriZona Watermelon

Frískandi sumardrykkur.

Gildir til 3. maí á meðan birgðir endast.



RISARÆKJU TEMPURA

RÚLLA
MÁNAÐARINS!



RISARÆKJU TEMPURA, BLADSLAT, PÚRRULAUKUR, AVOCADO, SPICY MAJÓNES OG TERIYAKI SÓSA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Herjólfur sigldi fyrstu ferð sumarsins til Landeyjahafnar í gær og rekstrarstjóri segir erfiðan vetur að baki fyrir Eyjamenn:

Segir hilla undir góða tíma í samgöngum til Eyja

SAMGÖNGUR „Þetta er stór dagur fyrir samfélagið okkar hérna, enda erfiður vetur að baki fyrir eyjaskeggja,“ segir Gunnlaugur Gretti-sson, rekstrarstjóri Herjólfur.

Herjólfur sigldi fyrstu ferð sumarsins til Landeyjahafnar í gær.

„Þetta er virkilega gleðilegt,“ segir Gunnlaugur og bætir við að hédan í frá muni ekki siglt meira til Þorlákshafnar.

„Við munum ekki sigla á blússandi háfjöru til að byrja með, en enn er unnið að dýpkun hafnar-



GUNNLAUGUR GRETTISSON

innar svo við reiknum með að eitthvert hnask verði á áætlun,“ segir Gunnlaugur. Segist hann gera ráð fyrir að áætlunarferðir verði komnar í eðlilegt horf á næstu dögum og kappkostað sé að gera botninn klár- an sem allra fyrst. Nú eru tvö skip sem vinna að því að dýpka höfnina.

Gunnlaugur er þó vongóður á framhaldið og sumarið í heild sinni.

„Landeyjahöfn er frábær samgönguleið fyrir okkur. Í fyrra sigldum við aðeins einu sinni til Þorlákshafnar og við sjáum fyrir okkur að þetta verði svipað í ár. Við vonumst eftir að halda því svoléiðis fram á haustið að minnsta kosti, þó alltaf sé gaman að heilsa upp á nágretta okkar í Þorlákshöfn, þá er afar ljúft að þurfa ekki að standa mikið í því.“

-ga



HERJÓLFUR Mikil gleði var meðal Eyjamanna í gær þegar Herjólfur sigldi sína fyrstu ferð frá Landeyjahöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR

Opið fyrir umsóknir vegna sýningarhalds í Listasal Mosfellsbæjar á árinu 2016

Óskað er eftir umsóknum um einka- og samsýningar.

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og er lánaður endurgjaldslaut til sýnenda.

Fylgja skulu með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Nánari upplýsingar og eyðublöð má finna á vefsíðu Bókasafns Mosfellsbæjar:

www.bokmos.is/listasalur
eða í síma 566 68 22

Umsóknir skulu verða vandaðar og berast fyrir 1. júní 2015.

Umsóknir sendist til:

Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

eða á pósthfang: listasalur@mos.is
einnig er hægt að sækja um rafrænt.



FÖGNUMU ÁKAFT Mót mælendur í Baltimore fögnuðu ákaft eftir yfirlýsingu saksóknarans.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ákært fyrir manndráp

Sex lögregluþjónar verða ákærðir vegna dauða Freddie Gray. Saksóknari segir að um manndráp hafi verið að ræða og ætlar að ná fram réttlæti fyrir hönd Grays.

BALTIMORE Sex lögregluþjónar í Baltimore verða ákærðir fyrir að hafa komið að dauða hins 25 ára Freddie Gray.

Gray lést af áverkum meðan hann var í umsjá lögreglu og brutust út miklar óeirðir í borginni í kjölfar þess. Því hafði meðal annars verið haldið fram að Gray hefði reynt að veita sér áverkana sjálfur.

Ákærurnar eru í nokkrum liðum en að minnsta kosti einn manna hefur verið ákærður fyrir manndráp.

Marilyn Mosby ríkissaksóknari sagði á blaðamannafundi í gær að um manndráp hefði verið að ræða og að handataka Grays hefði verið ólögleg. Hún sagði að áverkar sem Gray hlaut á mænu eftir handtökuna hefðu dregið hann til dauða. Fyrir liggur að Gray var handtekinn og hafður í lögreglubíl í um fjörutíu mínútur áður en hann var færður á lögreglustöð.

„Til fólksins í Baltimore og mót mælenda víða um Bandaríkin. Ég heyrði kall ykkar „ekkert réttlæti, enginn friður“. Það er þörf á friði

„Það er þörf á friði meðan ég vinn að því að ná fram réttlæti fyrir hönd þessa unga manns.“

Marilyn Mosby,
ríkissaksóknari í Baltimore.

meðan ég vinn að því að ná fram réttlæti fyrir hönd þessa unga manns,“ sagði Moby á fundinum í gær og vísaði þar til Grays.

Mót mælendur í Baltimore fögnuðu mjög yfirlýsingu Mosby. Neyðarástandi var lýst yfir í borginni þegar óeirðirnar stóðu sem hæst og þjóðvarðliðar kallaðir til.

Gray var dökkur á hörund og sá síðasti meðal margra ungra svartra manna sem látið hafa lífið í átökum við lögreglu í Bandaríkjunum undanfarnin misseri.

Lögregluþjónarnir sex voru allir leystir frá störfum í kjölfar dauða Grays. Ekki hefur verið greint frá því hvort þeir séu nú í haldi lögreglu eður ei.

viktoria@frettabladid.is

LSR sjóðfélagar á lífeyri

LSR og LH halda fund fyrir sjóðfélaga á lífeyri 5. maí 2015 á Hilton Reykjavík Nordica Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14:00.

Dagskrá:

- Kynningar frá LSR
- Einar Kárason rithöfundur
- Guðrún Gunnarsdóttir flytur dægurlög
- Kaffiveitingar
- Fyrirspurnir og umræður

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á vef LSR.



Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins


Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is



SAKSÓKNARINN Marilyn Mosby sagði á fundinum í gær að um manndráp hefði verið að ræða.

NORDICPHOTOS/GETTY



↑↑ KLETTHÁLS *NÝR*
SÝNINGASALUR

FLUTTIR



Velkomin í einn stærsta sýningarsal notaðra bíla á landinu að Kletthálsi 13. Enn betri þjónusta í enn betra umhverfi. HEKLA notaðir bílar.



HEKLA NOTAÐIR
BÍLAR

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040

Ónægar varúðarráðstafanir: Áhyggjur af slyshættu

ÖRYGGISMÁL Foreldrar sem búa í næsta nágrenni við barnaskólann á Stokkseyri hafa áhyggjur af slyshættu vegna ónægra varúðarráðstafana við Löngudæl. Þetta kemur fram í bréfi sem þeir sendu bæjarráði Árborgar.

Áhyggjurnar kviknuðu eftir slysi í Hafnarfirði í síðasta mánuði þegar tveir drengir festust í fossi sem féll fram af stíflunni sem er í Læknum. Í ljós hafi komið að við Löngudæl hafi skapast hætta þegar barn fór út á ótrygga ís og datt ofan í.

Bæjarráð vísaði erindinu til framkvæmda- og veitustjórnar.

- fbj

Grunur um fíkniefnaakstur: Með fíkniefnin í nærbuxunum

LÖGREGLA Laust eftir miðnætti aðfaranótt föstudags var ökuður bifreiðar stöðvaður á Njálsgötu og vaknaði grunur um að hann æki undir áhrifum fíkniefna. Í bílnum var einn farþegi, sem grunaður var um vörslu fíkniefna. Við frekari rannsókn kom í ljós að sá grunur var á rökum reistur er fíkniefni fundust falin í nærbuxum farþegans.

- ga

Vilja láta vísa nýju makrílfrumvarpi til þjóðarinnar

Meira en 8.000 hafa kvittað upp á undirskriftarsöfnun sem hvetur forseta Íslands til að synja makrílfrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Einn forsprakkanna segir ótækt að þjóðin fái ekki fullt gjald fyrir afnot af auðlindinni.

SJÁVARÚTVEGUR Rúmlega 8.400 manns höfðu, þegar Fréttablaðið fór í prentun, skrifað undir á síðunni Þjóðareign.is, þar sem undirskriftum er safnað til að hvetja forseta Íslands til að samþykkja ekki stjórnarfrumvarpið sem lagt hefur verið fram á Alþingi um úthlutun makrílkvóta, heldur vísa því í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að baki undirskriftasöfnuninni standa margir einstaklingar, þeirra á meðal Jón Steinsson hagfræðingur. „Til þess að bæta lífskjör á Íslandi er lykilatriði að þjóðin njóti arðsins af sameiginlegum auðlindum hennar,“ segir Jón í samtali við Fréttablaðið.

En búast þau við því að undirskriftarsöfnun beri árangur? „Ef nægilega margir skrifa undir hef ég trú á því að forsetinn taki það mjög alvarlega. Hann hefur sagt að mikilvægar breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar á sjávarauðlindinni geti verið mál sem þjóðin eigi að fá tækifæri til að samþykkja eða synja beint. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða. Í fyrsta skipti er verið að úthluta



í fyrsta skipti er verið að úthluta veiðiheimildum með óafturkræfum hætti til lengri tíma en eins árs. Slíkt er ótækt á meðan þjóðin er ekki að fá fullt gjald fyrir afnot af auðlindinni.

Jón Steinsson, hagfræðingur.

veiðiheimildum með óafturkræfum hætti til lengri tíma en eins árs. Slíkt er ótækt á meðan þjóðin er ekki að fá fullt gjald fyrir afnot af auðlindinni,“ segir Jón.

Í tilkynningu segja þau að frumvarpið, sem felur í sér úthlutun makrílkvóta til útgerðarmanna til sex ára hið skemmsta og að veiðigjöld verði ákveðin til þriggja ára, feli í sér grundvallarbreytingu á tilhögun fiskveiðistjórnunarkerfis-



MAKRÍLL Frumvarp var lagt fram á Alþingi þar sem segir að óheimilt sé að fella sex ára úthlutun á kvóta úr gildi með minna en sex ára fyrirvara. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

ins. Verði það að lögum sé útgerðinni í fyrsta sinn veitt óafturkallanlegt forræði yfir aflaheimildum til lengri tíma en eins árs. Alþingi geti ekki í reynd afturkallað þá ráðstöfun. „Lagasetning af þessu tagi kemur í veg fyrir að unnt sé að kveða á um skilyrðislaust eignarhald þjóðarinnar á fiskveiði-auðlindinni með ákvæði í stjórn-

arskrá sem jafnframt tryggir að þjóðin njóti fulls gjalds af afnotum á auðlindinni,“ segir jafnframt í tilkynningunni.

Meðal þeirra sem deilt hafa undirskriftasöfnuninni á Facebook-síðu sinni og hvatt aðra til að skrifa undir eru Birgitta Jónsdóttir þingmaður og Illugi Jökulsson rithöfundur. fanney@frettabladid.is

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 20 milljónum króna í samfélagsstyrki árið 2015 sem úthlutað er í tvennu lagi og koma 10 milljónir til úthlutunar nú í vor. Umsóknarfrestur er til og með 26. maí næstkomandi.

Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaganna
- » Verkefni á sviði menningar og lista
- » Menntamál, rannsóknir og vísindi
- » Forvarna- og æskulýðsstarf
- » Sérstæk útgáfustarfsemi

Á hvoru úthlutunartímabili verða veittir eftirtaldir styrkir:

- » Fimm styrkir að upphæð 1.000.000 krónur hver
- » Fimm styrkir að upphæð 500.000 krónur hver
- » Tíu styrkir að upphæð 250.000 krónur hver

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með þriðjudeginum **26. maí 2015**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



HNULLUNGUR Þúsundir þorpa eru rústir einar. AFP/PHILIPPE LOPEZ

Tala látinna í Nepal gæti farið yfir 10.000 manns:

Þurfa tvo milljarða til uppbyggingar

NEPAL Tala látinna eftir jarðskjálftann í Nepal er komin yfir 6.000 manns.

Nýjustu tölur benda til þess að 6.260 manns hafi látið lífið og 14.000 hafi slasast. Þúsunda er saknað og hundruð þúsunda hafa misst heimili sín. Yfirvöld í Nepal óttast að fjöldi látinna muni fara yfir 10.000.

Þúsundir þorpa hafa geyrdilagst og meirihluti sjúkrahúsa og skóla í fjölmörgum þorpum er alveg ónothæfur.

Ram Sharan Mahat, fjármálaráðherra Nepal, áætlað að í það minnsta þurfi um 2 milljarða dollara til að endurreisa heimili, spítala, opinberar byggingar og sögulegar minjar í landinu.

Yfirvöld í Nepal hafa kallað eftir aukinni fjárhagsaðstoð en þau hafa viðurkennt að þau hafi verið of illa undirbúin fyrir jarðskjálfta af þessum toga. Sameinuðu þjóðirnar hafa óskað eftir 415 milljónum dollara í uppbyggingar- og björgunarstarf en einungis um 5,8 milljónir hafa safnast.

Embættismenn Evrópusambandsins leggja nú kapp á að hafa uppi á þegnum sambandsins en

6.260

eru taldir af eftir jarðskjálftana í Nepal. Þúsunda er saknað og talið að 14.000 hafi slasast. Yfirvöld óttast að fjöldi látinna muni fara yfir 10.000.

að sögn talsmanna sambandsins hefur ekki verið hægt að hafa uppi á um 1.000 þegnum sem voru á ferðalagi í Nepal.

Talið er að flestir þeirra hafi verið við fjallgöngu á Everestfjalli eða í strjálbýlum héruðum landsins. Vonast er til þess að margir séu enn á lífi en hafi einfaldlega ekki látið sendiráð sín vita af ferðum sínum.

Vitað er til þess að tólf þegnar sambandsins létust vegna skjálftans en sú tala bliknar vitaskuld í samanburði við fjölda innfæddra sem látist hafa.

Jarðskjálftinn reið yfir mitt landið þann 25. apríl og var 7,8 að stærð.

- sfs

Frá kr. **69.900**

Bókaðu sól í orlofinu

Bodrum



Eken Resort

Frá kr. 119.900

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 148.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur m/bókunarfslætti.

Bodrum



Bitez Garden

Frá kr. 125.900

Netverð á mann frá kr. 125.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 158.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur m/bókunarfslætti.

Marmaris



Hotel Romance

Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur á sértilboði.

Marmaris



Grand Cettia Hotel

Frá kr. 139.900

Netverð á mann frá kr. 139.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 165.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 18. júní í 11 nætur með bókunarfslætti.

Krít




Porto Plataniás Village

Frá kr. 149.900

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 189.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 21. maí í 11 nætur.

Benidorm



Benikaktus

Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 104.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 31. maí í 7 nætur m/bókunarfslætti.

Salou



Cye Holiday Center

Frá kr. 69.900

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur.

Tenerife



Villa Adeje

Frá kr. 119.900

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 155.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 6. júní í 14 nætur.

Þitt með lýnværa um þrenntullur. Heimferðir skjalda sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMMI/STA-0008662



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is





MIKIL FJÖR Tónar sveitarinnar voru til heiðurs komu vorsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Árlega vorkomuhátíð í Oxford þar sem hækandi sól er fagnað:
Fögnuðu vorkomu með tónlist

ENGLAND Vorinu var fagnað með tónlist í Oxford í gær. Á hverju ári er haldin sérstök vorkomuhátíð til þess að fagna því að vorið sé gengið í garð. Á hátíðinni eru hinar ýmsu uppákomur víða um bæinn. -vh

Annrfki hjá lögreglu:

Ekið á ljósastaur í gærmorgun

LÖGREGLA Ekið var á ljósastaur við gatnamót Sæbrautar og Miklubrautar um klukkan fimm í gærmorgun og stakk ökumadur af frá vettvangi. Tvennt var handtekið í framhaldinu, grunað um ölvun við akstur og tekið til skýrslutöku þegar af því bráði.

Einnig barst lögreglu tilkynning um miðbik dags, um börn við Laugardalshöll sem sýndu alla tilburði til að kveikja í sinu. Vissara þótti að kalla slökkvilið á vettvang.

-ga

Álykta um hinseginfræðslu:

Mikil þörf á umræðunni

SAMFÉLAG Ungmennaráð SAFT sendi í gær frá sér ályktun vegna hinseginfræðslu í Hafnarfirði og umræðu sem skapaðist í kjölfarið. Ungmennaráðið gagnrýnir þau haturfullu ummæli sem borið hefur á í umræðunni og lýsir yfir þakklæti til Hafnarfjarðar og annarra sem tekið hafa þátt með málefnalegum hætti í umræðu um málið.

Jafnframt er hvatt til enn frekar til uppbyggilegrar umræðu í samfélaginu.

-ga

Erfitt að manna störf með Íslendingum

Árstíðabundnar sveiflur í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu eru nánast að hverfa. Fleiri heilsárstörf verða því til sem gæti þýtt fleiri störf fyrir menntað fólk í greininni. Erfiðlega gengur þó að manna störf með heimamönnum á landsbyggðunum.

FERÐAPJÓNUSTA Erfiðara er fyrir ferðapjónustuaðila á landsbyggðunum að fá til sín íslenskt starfsfólk yfir sumartímam. Árstíðasveiflur í ferðapjónustu eru nánast horfnar á höfuðborgarsvæðinu á meðan þeirra gætir enn úti á landi. Þessi þróun kann að valda því að árstíðabundin störf í ferðapjónustu verði fremur á landsbyggðunum en heilsárstörfum fjölgi á höfuðborgarsvæðinu.

Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnuálastofnunar á Norðurlandi eystra, segir erfitt að manna stöð-ur í ferðapjónustu á landsbyggðunum með íslensku vinnuafli. „Íslendingar í atvinnuleit eru fastir á sínum stað og eru alls ekki tilbúnir til að fara og búa í dreifbýli í stuttan tíma þar sem heilsárstörfin vantar í ferðapjónustu á landsbyggðinni. Það er mjög erfitt fyrir fólk í atvinnuleit að rífa sig upp og flytja annað. Það er okkar tilfinning að ferðapjónustuaðilar beini því auglýsingum sínum í auknum mæli á evrópsku vinnumiðlunina EURES og fái þá starfsfólk til sín erlendis frá,“ segir Soffía.

Edward Huijbens, doktor í ferðamálafræðum við Rannsóknarmiðstöð ferðamála, segir fjölda ferðamanna yfir vetrarmánuðina geta skapað mikil tækifæri í aukinni menntun ferðapjóna á Íslandi. „Nú eru allar forsendur fyrir því að á Íslandi geti starfað á heilsársgrundvelli menntað fólk í hótélbransanum. Allavega er þetta hægt á höfuðborgarsvæðinu þar sem árstíðasveifla í fjölda ferðamanna er nánast að hverfa. Hins vegar er sveiflan enn það mikil úti á landi að lítið er um varanleg störf í greininni á heilsársgrundvelli,“ segir Edward.

Fréttablaðið greindi frá því þann 30. mars síðastliðinn að



REYKJAVÍK Svo gæti farið að hlutfallslega fleiri útlendingar störfuðu við ferðapjónustu á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Mikill fjöldi ferðamanna í Reykjavík yfir vetrarmánuðina býr til fleiri heilsárstörfa á suðvesturhorni landsins en annars staðar á landinu.

fjölgun starfsmanna innan íslenskrar ferðapjónustu yrði ekki mætt með íslensku vinnuafli. Þá væri fjöldi sérhæfðs starfsfólks í engu samræmi við ferðamannastrauminn til Íslands. Erlendu starfsfólki myndi því fjölga í sumarstörfum sem frekar yrðu unnin á landsbyggðunum en í höfuðborginni.

„Við munum ekki fá heilsárstörfa í greininni á landsbyggðinni nema við gerum annað af tvennu,“ segir Edward. „Bæta tengingar við Keflavík út á land eða bæta við annarri gátt inn í landið fyrir erlenda ferðamenn.“

sveinn@frettabladid.is



EDWARD HUIJBENS

Síminn

Upplifðu Frelsi með Ferðapakkanum

siminn.is

Þú greiðir sama gjald í Bandaríkjunum og Evrópu

Með Ferðapakka Símans er miklu ódýrara að nota símann þegar þú ert í útlöndum. Farðu til Bandaríkjanna eða Evrópu* og þú borgar alls staðar sama gjaldið. Þú getur nýtt þér Ferðapakkan hvort sem þú ert í áskrift eða Frelsi.

Sendu SMS-ið „ferðapakki“ í 1900 og stökktu af stað

Ferðapakki

490 kr.	Daggjald í Evrópu
490 kr.	Daggjald í Bandaríkjunum
5 kr. mín.	Hringd símtöl
0 kr.	Móttekin símtöl
0 kr.	SMS
25 kr. MB	Gagnamagn

*Ferðapakkin gildir innan EES

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

GSL70
Yaris Active
Fyrst skráður 10/2012
Ekinn 40.000 km
Verð: 2.550.000 kr.
Tilboðsverð:

2.350.000 kr.

IHH41
Auris H/B Live
Fyrst skráður 5/2013
Ekinn 50.000 km
Verð: 2.650.000 kr.
Tilboðsverð:

2.350.000 kr.

BETRI SÖLUHÁTÍÐ 2. MAÍ STÓRSÝNING Í KAUPTÚNI

Fögnum nýjum heimkynnum
notaðra bíla kl. 12-16.

Í DAG

JYL80
Yaris Live
Fyrst skráður 7/2013
Ekinn 29.000 km
Verð: 2.250.000 kr.
Tilboðsverð:

2.050.000 kr.

15T59
Auris TS Active
Fyrst skráður 6/2014
Ekinn 17.700 km
Verð: 4.090.000 kr.
Tilboðsverð:

3.850.000 kr.



FKU52
Avenis S/D Active
Fyrst skráður 5/2013
Ekinn 55.000 km
Verð: 4.100.000 kr.
Tilboðsverð:

3.550.000 kr.

OEV25
Auris H/B Live
Fyrst skráður 2/2014
Ekinn 37.000 km
Verð: 3.090.000 kr.
Tilboðsverð:

2.850.000 kr.

HXF08
Toyota Land Cruiser 150 GX (leður)
Fyrst skráður 1/2014
Ekinn 38.000 km
Verð: 9.790.000 kr.
Tilboðsverð:

9.190.000 kr.

OTX07
RAV4 GX Plus
Fyrst skráður 1/2014
Ekinn 45.000 km
Verð: 5.890.000 kr.
Tilboðsverð:

5.350.000 kr.

LOJ89
Auris H/B Live
Fyrst skráður 9/2014
Ekinn 3.450 km
Verð: 3.690.000 kr.
Tilboðsverð:

3.450.000 kr.

Í DAG 2. MAÍ OPNUM VIÐ NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR FYRIR NOTAÐA BÍLA MEÐ POMPI OG PRAKT KL. 12

Komdu á opunarhátíðina í Kaupþúni 6 og sjáðu ævintýralegt úrval Toyota og Lexus bíla á einum stað. Við höfum sameinað Betri notaða bíla og umboðssölu Toyota þar sem sérfræðingar veita framúrskarandi Toyota-þjónustu. Skráðu bílinn þinn í sölu og njóttu þess að eiga örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur Toyota bílinn þinn aftur!



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

VIÐ TÖKUM GAMLA BÍLINN UPPÍ
NÝJAN OG BETRI NOTAÐAN



Landsvirkjun



1965 | Stofnun Landsvirkjunar

Verðmæti til framtíðar

Ársfundur á 50. afmælisári Landsvirkjunar

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965. Búrfellsstöð var fyrsta stórfamkvæmd fyrirtækisins og stærsta framkvæmd Íslandssögunnar á þeim tíma. Með byggingu hennar var lagður grunnur að nýjum iðnaði í landinu sem leiddi af sér aukna verkþekkingu og fjölbreyttara atvinnulíf á Íslandi.

Landsvirkjun byggir á traustum grunni. Eftirspurn eftir endurnýjanlegri íslenskri raforku er orðin meiri en framboð og í því umhverfi hefur góður rekstur skapað tækifæri til að skila arði til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar.

Á opnum ársfundi munum við fjalla um hvaða áhrif stofnun Landsvirkjunar hafði á íslenskt samfélag. Hvers vegna raforka er verðmæt vara? Hversu mikið viljum við virkja? Hvenær getum við greitt aukinn arð? Við stöndum frammi fyrir einstökum tækifærum til að skapa þjóðinni aukin verðmæti til framtíðar.

Verið velkomin á ársfund Landsvirkjunar í Eldborg í Hörpu, þriðjudaginn 5. maí kl. 14–16.

Nánari upplýsingar og skráning á landsvirkjun.is.

#lv50ára



BARÁTTUHUGUR Það var mál manna að jafn margir hefðu ekki mætt í kröfugöngu svo árum skipti. Lögregla metur það svo að um 9.000 manns hafi mætt í gönguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Fram þjáðir menn í þúsund löndum

KJARAMÁL „Krafan er að fólk fái borguð mannsæmandi laun fyrir vinnu sína,“ sagði Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, í ræðu

sinni á verkalýðsdaginn. „En hverju svara atvinnurekendur? Svarið er nei! Við höfum ekki efni á þessu. Það er ekki til peningur

fyrir alla, bara suma,“ sagði hann. „Það er tími til kominn að almenn-ingur á Íslandi fari að taka í taumana!“

Fjöldi fólks lagði leið sína í miðborg Reykjavíkur í gær til að taka þátt í kröfugöngu. Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur spiluðu með göngunni og Reykjavíkurdætur sungu fyrir samkomuna. Auk Árna Stefáns flutti Hilmar Harðarson, formaður

ur Samiðnar, barátturæðu. Að lokum söng hópurinn Maistjörnu- og Internationalinn.

Lögregla telur að 8 til 9 þúsund manns hafi mætt í kröfugöngu í Reykjavík. Fulltrúar fjölda stéttarféлага voru á staðnum og mikill baráttuhugur virtist í fólki. -sfs

WITH A LITTLE HELP FROM MY FRIENDS



Fjöldi landsþekktu listamanna flytja lög Bítanna Lennon og McCartney og gefa vinnu sína á **stuðningstónleikum** fyrir Grensásdeild í Háskólabíói laugardaginn 30. maí nk. kl 18:00 - Frábær skemmtun á aðeins 4.700,-

EFTIRTALDIR AÐILAR KOMA FRAM:

Kynnar: Helgi Pétursson og Bogi Ágústsson, Björn Thoroddsen, Ari Jónsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson & Lovísa Fjeldsted,

Sönghópur úr Domus vox, Hljómsveitin; Á bak við eyrað, Ólafía Hrönn, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Örn Gauti Jóhannsson.



HLJÓMSVEITARSTJÓRN:

Davíð Sigurgeirsson

TROMMUR:

Óskar Þormarsson

HLJÓMBORD:

Ingvar Alfredsson

BASSI:

Ingi Björn Ingason


RADDI:

Gospelkór Jóns Vídalíns

Miðasala:
midi.is

Aukin lífsgæði verða ekki metin til fjár

Hollvínir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar.
www.grensas.is



Miðasala er einnig á www.grensas.is

Styrktaraðili: **365**

→ Vangaveltur verkalýðsins



Halla Þorvaldsdóttir hefur verið í verkfalli undanfarnar vikur en hún er í Félagi sálfræðinga. „Þetta er stór dagur, gríðarleg þátttaka í göngunni. Það hlýtur að endurspegla að það er eitthvað mikið að gerast í samfélaginu,“ segir hún.

„Við erum búin að vera í verkföllum í nokkrar vikur án þess að nokkurt útspil komi frá ríkinu. Það finnst okkur gríðarlega alvarlegt mál.“

blikinu þegar allt stendur stál í stál,“ segir hann. „Það eru margar stéttir sem hafa dregist aftur úr og tekið á sig byrðar sem þarf að skila til baka. Því miður er ekkert annað gert hjá þessari ríkisstjórn en að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari.“



Halla Halldórsdóttir og Þórarinn Snorri Sigurgeirsson voru að syngja Internationalinn hástöfum þegar blaðamaður spurði þau út í stöðu mála.

„Ástandið í þjóðfélaginu er einhvern veginn hrikalegra en nokkru sinni áður hvað vinnunumarkaðinn varðar. En maður getur verið bjartsýnn þar sem maður finnur að það er einhver samtakamáttur að fæðast aftur,“ segir Þórarinn.

„Ég vil alltaf vera svolítið bjartsýnn þó að stjórnin sé eins og hún er, greyin,“ segir Halla. „En ég vona að þjóðin læri eitthvað af þessu og kjósi eitthvað annað næst.“

„Það er ekki nóg að vera bara bjartsýnn. Það þarf að berjast fyrir betri kjörum,“ segir Þórarinn. -sfs



Jón Svavarsson, vaktstjóri hjá Strætó, er ekki mjög bjartsýnn hvað stöðu mála varðar en kjarasamningar hans stéttarfélags urðu lausir í gær. „Staðan er ekkert jákvæð í augna-


www.hyundai.is

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

Opið í dag kl. 12-16
Kaffi og léttar veitingar



Frumskýning í dag á nýjum Hyundai i20



Nýr Hyundai i20 hlýtur hin eftirsóttu RedDot hönnunarverðlaun!

Hyundai i20 var fyrir skömmu valinn best hannaði nýji bíllinn í sínum flokki 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framandi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Komdu á frumsýningu á nýjum Hyundai i20 og kynntu þér Classic eða Comfort gerðina með sparneytinni bensín- eða díselvél sem notar einungis 3,6 l/100 km í blönduðum akstri.

Nýr Hyundai i20 - Verð frá 2.450.000 kr.

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

Fylgið streymir til Pírata:

Píratar á siglingu

Pótt ekki sé með nokkrum rétti hægt að saka þingmenn Pírata um stefnuleysi hefur þingflokkur þeirra óneitanlega að sumu leyti haft frítt spil. Í því liggur styrkur þeirra. Það hafa þingmenn flokksins nýtt sér með vel ígrundaðri afstöðu til einstakra mála. Það kunna kjósendur að meta ef marka má kannanir undanfarið. Samkvæmt nýjustu könnunum eru þeir stærsti flokkurinn með um 30 prósentu fylgi.

Stefnuskrár stjórnmálaflokka í kosningum hafa lítið gildi. Flokkar hafa alla tíð leyft sér að leggja á tæpasta vað með vilýrði og loforð, sem hljóma vel í kosningaslag. Fjölmíðlun hefur aftur á móti breyst. Yfirlýsingar eru hermar uppá stjórnmálamenn þegar orð og gjörðir fara ekki saman. Netíð gerir öllum kleift að kveða sér hljóðs og það gleymir engu. Það setur stjórnmálunum skorður.

Tækifærin til umbóta eru meiri en nokkru sinni. Kjarninn í boðskap Pírata byggist á þessu. Þau kunna skil á tækninni og vita að orðagjálfríð, sem alltaf hefur fylgt pólitíkinni, verður afhjúpað fyrr eða síðar. Netíð, sem engu gleymir, þvingar þannig langþráðri síðbót uppá stjórnmálin. Orð, sem falla í hita leiksins, eru kyrfilega skjalfest. Það hefur orðið núverandi ráðherrum fótakeli.

Rígbundnar stefnuskrár, sem líta vel út á blaði, en enginn ætlar sér neitt með, eiga ekki uppá pallborðið lengur. Píratar burðast ekki með slíkt. Að hluta vegna þess að þau eru nýtt afl. En líka vegna þess, að þau skynja nútímann. Þau hafa unnið sér traust með því að hlusta vel og tefla fram góðum rökum í einstökum málum. Enginn hefur talað skýrar en þau með nýrri stjórnarskrá – og gegn hugmyndum um forvirkar rannsóknarheimildir og vopnaburð lögreglu svo dæmi sé nefnd.

Píratar gerðu ekki ráð fyrir að standa frammi fyrir þeirri ábyrgð, sem kjósendur virðast reidubúnir að fela þeim. Í þeirri stöðu er freistandi að leita til reynslujaxlanna, sem eru í kringum þau, mynda einhvers konar bandalag. En þeim liggur ekkert á.

Píratar hafa komið til dyranna eins og þau eru klædd. Ef þau halda því áfram verður erfitt að finna á þeim höggstað. Þau kunna aðferðirnar til að hafa kjósendur með í ráðum – ekki bara á fundum. Þingmenn flokksins og borgarfulltrúi munu vera í skipulögðu sambandi við sitt bakland alla daga. Þau þurfa engan fundarsal, bara nettengingu.

Auðvitað eru veikleikar í málflutningi Pírata. Helst hefur verið bent á, að höfundarréttarmál á netinu þvælist fyrir þeim. En það eru margslungin mál, sem varla verða til lykta leidd á Alþingi Íslendinga. Þau snerta alla heimsbyggðina.

Þrátt fyrir alla vondu síðina í pólitíkinni er sómafólk á Alþingi. Píratar verða ekki í vandræðum með að finna sér samstarfsfólk verði þeim falið hlutverk í landsstjórninni. En þau þurfa að tryggja, að þeirra boðskapur um ný vinnubrögð fái framgang – að tæknin þvingi síðbót uppá stjórnmálin hratt og örugglega.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Vornámskeið að byrja í yoga

Betri svefn
Rétt öndun
Góð slökun
Aukinn liðleiki
Áherslur á mjóðak og axlir



Klippikort

Kennt í Sjúkrálfálfaranum Hafnarfirði 691 0381



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Bjánaþopp

Ég hef lengi verið aðdáandi ákveðinnar tegundar íslenskrar tónlistar og hef sankað að mér upptökum og diskum með hinum ýmsu tónlistarmönnum. Ég veit ekki alveg hvað þessi tónlist kallast eða hvort um eiginlega tónlistarstefnu er að ræða. Kannski mætti kalla þessa tónlist naíviska tónlist.

Ég kalla þetta bara bjánaþopp. Oftast er þetta tónlist sem gerð er og gefin út af töluverðum metnaði en litlum efnum og oftast er ekki af töluverðri fljótfærni. Eitt helsta skilyrðið fyrir því að bjánaþopp geti kallast bjánaþopp er að það sé ekki gefið út sem slíkt heldur af fullri alvöru. Þetta eru gjarnan lög og textar sem samdir eru meira af vilja en getu og í einhverju hugsunarleysi



og fljótfærni og yfirleitt af tónlistarmönnum sem ofmeta eigin getu þannig að útkoman verður klaufaleg, hlægileg og krúttleg. Oftast er ekki beita tónlistarmennirnir fyrir sig börnum eins og þegar Einar S. Ólafsson söng hið hressilega lag Ég vil ganga minn veg sem samið var af móður hans.

Flestir kannast við þetta lag enda er það eitt þekktasta bjánaþopp lag Íslandssögunnar. Í því sameinast allt sem lag þarf að hafa til að bera til að geta kallast alvöru bjánaþopp. Laglínan er

einföld og taktföst og textinn er kjánalegur og næstum því óskiljanlegur. Til að fullkomna verkið er barn látið syngja lagið. Flestir sem heyrta lagið geta ekki varist brosi. Maður getur ekki alveg útskýrt hvaða hughrif það vekur en það er sannarlega bjánaþopp.

Eitt af aðalsmerkjum bjánaþoppisins er hressleiki og lífsgleði og frekar einföld og barnaleg afstaða til lífsins almennt. Lögirnir oftast einföld og grípandi og textarnir leggja áherslu á jákvæðni og gleði. Og sá andi svífur yfir vötnum í sjálfri upp-tökunni. Þar er ekki verið að hafa áhyggjur af vandvirkni eða metnaði heldur er fyrsta og eina upptaka látin duga svo hægt sé að demba verkinu í sölu og beint til aðdáenda.

Hamfarir

Ein besta bjánaþoppplata sem út hefur komið á Íslandi er Hamfarir með Gunnari Jökli. Ég spilaði Gunnar Jökul í útvarpinu og náði að gera lögin Kaffið mitt og Hundurinn minn nokkuð vinsæl. Ég hitti Gunnar og hann var mér mjög þakklátur. Ég hélt mikið uppá Hallbjörn Hjartarson og heimsótti hann jafnvel og tók við hann viðtöl í útvarpi.

Ég var dyggur hlustandi Útvarps Kántríbæjar alltaf þegar

ég keyrði milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Gylfi Ægisson hefur átt sérstakan sess í mínu lífi. Mörg af lögum hans hafa fylgt mér í gegnum lífið og ég hef sungið þau upphátt við ýmsar aðstæður. Jólaláttan Gylfi og Gerður hefur verið hluti af jólahaldi á mínu heimili í mörg ár. Lagið Jólaveinn á leið í land hefur markað komu jólanna og þegar Gylfi Ægisson spilar Heimsumból á

Casio-skemmtara fyllist heimilið af hátíðarbrag. Diskurinn hefur verið hluti af jólaskrautinu eins og Christmas vacation-myndin. Ég hef líka haft gaman af Leoncie, jafnvel þegar hún úthúðar öðrum tónlistarmönnum, alhæfir um íslenskt samfélag eða heldur því enn og aftur fram að Björk hafi meira og minna stolið öllum sínum lögum frá henni. Ég hef fyrirgefið henni þetta um leið og ég heyrir frá henni nýtt lag.

Bjánaþoppið er dautt

En nú er komið að kaflaskilum í sögu íslensku bjánaþoppisins. Það byrjaði með falli kántríkóngsins. Skömmu síðar gerðist Gylfi Ægisson einn helsti talsmaður hommahatara á Íslandi. Varla líður sá dagur að hann sé ekki í fjölmíðlun að tjá sig um eitthvert það heimskulegasta og þröngsýnasta þvaður sem boðið er uppá í umræðu í dag. Hann fullyrðir til dæmis að samkynhneigð og barnagirnd séu af sama meidi. Það veit hver heilvita maður að svo er ekki.

Hallbjörn var til dæmis enginn hommi. Ekki frekar en Gylfi er hommi þótt hann liti á sér skeggið. Mörgum gæti þótt það hommalegt en það gerir Gylfa samt ekki að homma. Og þarsem Gylfi er virtur bjánaþoppari hefur honum tekist að draga fleiri reiða og ruglaða vitleysinga með sér. Nú er Leoncie búin að slást í hópinn. Og í stað þess að gleðja og uppörva með vitleysunni í sér reyna þau nú að skemma og meida. Og ég vona að engir samkynhneigð-

ir unglingar taki þetta nærri sér. En ég hef ákveðið að hætta að hlusta á bjánaþopp. Einsog margir fleiri ætla ég að reyna að gleyma öllu um Hallbjörn Hjartarson. Ég er búinn að henda jólaþlötunni hans Gylfa í ruslið og mun aldrei koma nálægt neinu af hans lögum á einn eða annan hátt. Heldur ekki Leoncie. Mér finnst þau ekki lengur bjánaþopparar heldur bara bjánar. Bjánaþoppið er dautt. Þetta er ekki fyndið lag.

STÓRTÓNLEIKAR

60 ÁRA AFMÆLI KÓPAVOGS

í Kórnum 10. maí kl. 16. Ókeypis aðgangur – taktu daginn frá!

#kopavogur60



Fjölskylduskemmtun sem enginn Kópavogsbúi má missa af

Í tilefni 60 ára afmælis Kópavogsbæjar verður blásið til stórtónleika í Kórnum þann 10. maí kl. 16–17.30. Fram koma Ríó tríó ásamt Birni Thoroddsen, Gunna Þórðar og Snorra Helgasyni, Erpur Eyvindarson, Dr. Gunni, Salka Sól, Bogomil Font, Sigga Beinteins, Stefán Hilmars, Eyþór Ingi, Guðrún Gunnars, Gissur Páll, stórhljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar, sameinaður barnakór undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, Skólahljómsveit Kópavogs og Össur Geirsson, kórar Kópavogsbæjar og sýningarhópur frá Gerplu. Kynnar verða Helgi Pétursson og Saga Garðarsdóttir.

Aðgangur ókeypis. Húsið opnar kl. 15. Hoppukastalar og fjör. Fögnum saman í Kórnum!

Dagskrá tónleikanna og aðrir afmælisviðburðir eru kynntir á www.kopavogur.is og á Facebook-síðu Kópavogsbæjar.



1955 6 2015



HELGI

Bryndís Ásmundsdóttir, leik- og söngkona

Öll orka fer í Tinu

„Eftir huglæga slökun í gærkvöldi ætla ég að hjóla í undirbúning fyrir Tinu Turner-sýninguna sem verður í kvöld. Ég mæti snemma, svo fersk. Dagurinn fer bara í þetta frá a til ö. Á sunnudag geri ég ráð fyrir að vera hreinlega í óreindum eftir átökin. Huggulegheit verða því fyrir valinu.“



Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi

Hjólátúr um Reykjavík

„Ég ætla að hjóla fimmtíu kílómetra. Ég mun byrja í 105 en veit ekkert hvar ég enda en tek allavega góðan hring um höfuðborgarsvæðið. Svo mun ég njóta góða veðursins í bland við það og taka því rólega.“



Arndís Hrönn Egilsdóttir, leikkona

Njóta leikhússfrís

„Það er ekki sýning á Hystory um helgina þannig að ég ætla að njóta frísins. Ég ætla á kaffihús með dóttur minni og rölta í bænum í góða veðrinu. Svo ætla ég að elda eitthvað voða gott og sýna Línu á morgun.“



Jón Gunnar Geirdal, athafnamaður

Afmæli og Avengers

„Það er afskaplega einföld dagskrá, barnaafmæli í dag og afmæli á morgun auk bíóferðar á Avengers: Age of Ultron með syni mínum, við erum algjörir Marvel-sjúklingar. Svo er það bara sófínn og sælgætisskálín.“


**FARÐU
HLUSTAÐU
LESTU
HORFÐU...**



Á FATAMARKAÐ fatahönnuða á Lofti Hosteli frá 11 til 17 þar sem Hildur Yeoman er meðal sölumanna.



HEILDARSAFN ljóða Ingunnar Snædal sem komu út í vikunni.



Very best of Eurovision Song Contest og hitaðu upp fyrir Júrúpartíin og gleðina sem hefst eftir rúmar tvær vikur.



HORFÐU Á Dom Hemingway klukkan 22.10 í kvöld á Stöð 2 með Jude Law í aðalhlutverki.



FULL BÚÐ AF SÖGUM Gísli Einarsson, eigandi Nexus, og Þórhallur Björgvinsson, starfsmaður búðarinnar, gefa gestum búðarinnar myndasögur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fullt af fríum myndasögum

Ókeypismyndasögudagurinn er í dag og myndasögur eru gefnar í Nexus. Myndasögusenan á Íslandi fer stækkandi en fyrsta íslenska sérvörverslunin með myndasögur var opnuð fyrir um 20 árum.

Þórgnýr Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Myndasögum verður fagnað um allan heim í dag þegar Ókeypismyndasögudagurinn verður

haldinn hátíðlegur. Hérlendis fara hátíðarhöldin fram í Nexus í Nóatúni. Líkt og tíðkast annars staðar í heiminum mun Nexus gefa myndasögur og eru titlarnir margir. Þeirra á meðal er eitt íslenskt myndasögublað, ÓkeiPiss sem forlagið Ókei-Bækur gefur út. ÓkeiPiss,

sem nú kemur út í fimmta skipti, er samansafn íslenskra myndasagna sem sendar voru inn í blaðið og fá þar fjölmargir listamenn pláss.

„Fyrirtæki nota þennan dag til að kynna nýja titla, nýjar seríur og sögur,“ sagði Gísli Einarsson, eigandi Nexus. Hann segir myndasögusenuna á Íslandi fara sístækkandi og á Ókeypismyndasögudagurinn hlut í því. Auk þess segir hann góða hluti vera að gerast í myndasögugeiranum. „Maður verður að fylgjast með til að ná þessum parti af vestrænni menningu. Þar eru hlutir að gerast sem finnast hvergi annars staðar í blöndu af texta og mynd.“




SAGA MYNDASÖGUNNAR Á ÍSLANDI

- Bókaforglafið Fjölvi fór að gefa út íslenskar þýðingar á bókaröðum á borð við Ævintýri Tinna, Ástrík gallvaska og Lukku-Láka upp úr 1970. Síðan þá hefur vegur myndasögubóka á Íslandi farið vaxandi.
- Fyrsta íslenska myndasögubókin er talin vera Pétur og vélmennið: Vísindaráðstefnan sem Kjartan Arnórsson, sem

kallar sig Kjarnó, gaf út árið 1979, fjórtán ára gamall.

- Með vaxandi áhuga Íslendinga á myndasögum voru æ fleiri bókaraðir skrifaðar og þýddar hérlendis.
- Árið 1993 var síðan opnuð fyrsta íslenska sérvörverslunin með myndasögur, Goðsögn við Rauðarárstíg.
- Arftaki hennar, Nexus, var svo opnuð 1996.



Allt sem fyrirtækið þarf í einum pakka

FYRIRTÆKJALOUSNIR

Net, borðsími, farsími og Office 365 frá 12.100 kr. á mánuði.
Fyrirtækjapakki Símans inniheldur Internet, borðsíma- og farsímaþjónustu, ásamt Office 365 skýþjónustu sem tryggir nýjustu útgáfur af forritum og aðgang að vinnuskjólum hvar sem er. Fullkomin yfirsýn og fyrirsjáanlegur rekstrakostnaður með föstu mánaðargjaldi. Hafðu samband í síma **800 4000** eða á **8004000@siminn.is**.

Þú getur meira með Fyrirtækjalausnum Símans



ENNEMM / NM6650

RISA LAGER SALA

HEFST Í
DAG
AÐEINS Í NOKKRA
DAGA!

OPNUNARTÍMI
LAU. 11⁰⁰–17⁰⁰
SUN. 13⁰⁰–17⁰⁰
MÁN.–FÖS.
12⁰⁰–18⁰⁰



BÍLDSHÖFÐA 9
BÍLANAUSTHÚSIÐ



Leggur grunn að góðum degi

DORMA

Láttu drauminn rætast



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

25-70%

AFSLÁTTUR

EKKI
MISSA AF
ÞESSU!

EIN STÆRSTA
LAGERSALA
FYRR OG SÍÐAR
Á ÍSLANDI

| SÓFAR | HEILSURÚM

| HEILSUDÝNUR | RÚMGAFLAR

| SÓFASETT | KODDAR | HÆGINDASTÓLAR

| SVEFNSÓFAR | ELDHÚSSTÓLAR | SÓFABORÐ

| SÆNGUR | BORÐSTOFUBORÐ OG -STÓLAR

| ÚTLITSGALLAÐ | SÝNINGAREINTÖK | O.FL. | O.FL.



Leggur grunn að góðum degi

DORMA

Láttu drauminn rætast



HÚSGAGNAHÖLLIN

- fyrir lifandi heimili -

Viktoría
Hermansdóttir
viktoría@frettabladid.is



Hulda Fríða Berndsen var um árabíl meðlimur í söfnuði Votta Jehóva en hætti í söfnuðinum í annað sinn þegar ætlast var til af henni að hún myndi afneita dóttur sinni vegna þess að hún væri samkynhneigð.

Pað var erfitt skref þegar ég byrjaði að opna mig um þetta. Það var svo mikil skömm sem fylgdi því. Okkur var kennt að tala ekki um þetta og tjá ekki skoðanir okkar. En ég er hætt að vera hrædd,“ segir Hulda Fríða Berndsen sem tilheyrði til margra ára söfnuði Votta Jehóva. Þar segist hún hafa upplifað ýmislegt misjafnt, meðal annars vald-níðslu og heilapvott.

Upphaflega gekk Hulda til liðs við söfnuðinn um miðjan áttunda áratug síðustu aldar en þá hafði þáverandi eiginmaður hennar verið meðlimur um nokkurt skeið. Þau voru rekin úr söfnuðinum í upphafi níunda áratugarins í kjölfar skilnaðar en hún byrjaði aftur árið 1986. „Ég sást í bíl með manni. Það var ekkert í gangi á milli mín og þessa manns en þeir héldu það. Í kjölfarið var ég rekin,“ útskýrir Hulda.

Hart dæmd

Undanfarin ár hefur hún unnið að því að gera upp fortíð sína. Meðal annars ásamt syni sínum, rithöfundinum Mikael Torfasyni, sem er að skrifa bók um æskuár sín og sögu foreldra sinna í eigin uppgjöri við fortíðina. Æskuár þar sem hann barðist við veikindi og vegna trúar foreldranna þurftu lækarnir líka að heyja baráttu við þau til þess að bjarga lífi hans. Við gerð bókarinnar tók Mikael viðtöl við móður sína. „Þetta var erfitt en gott. Það var gott að gera þetta upp,“ segir hún er hún tekur á móti blaðamanni á heimili sínu. Þeir sem þekkja Huldu vita að hún er lífleg og hress og hrókur alls fagnaðar. Undir niðri er þó brotin sjálfsmýnd sem mótaðist af miklu leyti af erfiðri æsku.

Eftir að hafa hrakist úr söfnuðinum í upphafi níunda áratugarins hóf Hulda nýtt líf. Foreldarnir ungu skiptu með sér forræði barnanna, faðirinn hafði hjá sér tvo syni þeirra og Hulda ól upp yngstu dóttur þeirra. „Það var erfitt að setja frá sér börnin og ég var hart dæmd fyrir það á þeim tíma,“ segir hún alvarleg.

Skilnaðurinn við barnsföðurinn var Huldu erfiður. „Ég var orðin vön sársauka, þetta er svona eins og barn sem hefur alltaf verið veikt, það þekkir ekkert annað. Þannig var ég og ég fór þetta á hnefanum. Ég var ómenntuð og hafði verið heimavinnandi með börnin. Ég vildi standa á eigin fótum.“

Stöðug hræðsla

Og það gekk í nokkur ár. „Ég kem úr brotnu umhverfi og var stöðugt hrædd. Það var í mér svo mikil hræðsla við allt. Ég lifði alltaf með ótta og stöðugan kvíða en gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en ég var orðin fullorðin.“

Árið 1986 hófst seinni saga hennar innan safnaðar Votta Jehóva. Leiðtogafundur Ronalds Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíls Gorbatsjev, leiðtoga Sovétríkjanna, í Höfða var yfirvofandi. „Þarna gerðist eitt hvað inni í mér, það var eins og ég hefði fengið eldingu í hausinn og ég varð óstjórnlega hrædd. Ég

LOKSINS LAUS VIÐ HRAEÐSLUNA



ÓHRAEÐD Hulda var lengi vel hrædd um að tala um reynslu sína innan safnaðarins vegna þess að henni hafði verið kennt þar að ræða ekki um þessa hluti. Það var stórt skref að stíga að byrja að tala um það sem hún upplifði þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég vildi ekki deyja í Harmageddon og var vitskert af hræðslu, ég hélt að þetta væri lausnin.“

„Það mátti enginn yrða á mig eða tala við mig. Ég man hvað þetta var niðurlægjandi og mér leið illa. Þetta er auðvitað ofboðslegt ofbeldi.“

var viss um að heimurinn væri að farast og ég væri að missa af lestinni. Austrið og vestrið voru að semja frið og ég var sannfærð um að það væri komið að þessu,“ segir hún og vísar þar í hið fræga Harmageddon sem trúvottanna byggist að miklu leyti á. Þegar Harmageddon kemur fara þeir útvöldu og lifa í paradís en aðrir farast.

Þjökkuð af hræðslu, sem hún lærði síðar að var alvarlegt kvíðakast, keyrði hún til bróður síns, öldungs innan Votta, í Keflavík. Systkinin voru ekki í miklu sambandi þar sem Hulda hafði verið

rekin úr söfnuðinum, en samkvæmt reglum ber þeim sem eru innan safnaðarins að hætta samskiptum við þá sem gerðir hafa verið brottrækir. „Ég fer til hans miður mín og bið hann að hjálpa mér.“

Bróðir hennar hafði samband við öldung í bænum sem samþykkti að hitta Huldu. „Ég fór og hitti hann og hann sagði mér að ég mætti mæta á samkomur til þess að sýna að ég idrist. Ég lofaði öllu fögru og iðraðist niður í duftið. Ég vildi ekki deyja í Harmageddon og var vitskert af hræðslu, ég hélt að þetta væri lausnin.“

Enginn mátti yrða á hana

Huldu voru sett ströng skilyrði. „Ég átti að mæta á allar samkomur, mátti ekki setjast fyrr en allir voru sestir, átti að sitja aftast og fara út áður en samkomurnar voru búnar. Það mátti enginn yrða á mig eða tala við mig. Ég man hvað þetta var niðurlægjandi og mér leið illa. Þetta er auðvitað ofboðslegt ofbeldi. En ég fór þessa leið og ég sagði engum frá því nema litlu stelpunni minni sem var tíu ára. Við vorum með þetta leyndarmál saman, ég og hún, sem var náttúrulega mikil byrði fyrir hana.“



Stjórn málafræði



Lögfræði



Félagsráðgjöf



Félagsfræði
Mannfræði
Þjóðfræði

FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ

SPENNANDI FRAMTÍÐ!

UMSÓKNARFRESTUR Í GRUNNNÁM ER TIL 5. JÚNÍ
VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



Hagfræði



Viðskiptafræði

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands býður fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt nám í sex deildum:

- Félags- og mannvísindadeild
- Félagsráðgjafardeild
- Hagfræðideild
- Lagadeild
- Stjórn málafræðideild
- Viðskiptafræðideild

Kynntu þér grunnnám á hi.is.

Aukagreinar í boði: atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, kynjafræði, líffræðileg mannfræði og safnafræði.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

► Hulda mætti samviskusamlega á samkomu í nokkrar vikur þar til hún fékk skilaboð um að nú væri komið að því, hún yrði tekin inn í söfnuðinn um kvöldið. Nafn hennar var lesið upp á samkomunni og allir klöppuðu. Hún var aftur komin inn. „Ég fór þarna inn á eigin forsendum. En þegar ég horfi til baka þá sé ég hrædda og veika konu en gerði mér ekki grein fyrir því þá.“

Hún tók starfið í söfnuðinum alla leið og fann aftur tilgang. Hulda var öflug í trúboði en ætlast er til þess að meðlimir stundi trúboð hús úr húsi. „Meðaltalið voru ellefu tímar á mánuði og ég var yfirleitt fyrir ofan meðaltalið. Síðan var hægt að gerast aðstoðarbrautryðjandi sem þýddi að ég fór 60 tíma í mánuði. Þá var sagt frá því á samkomu og það var mikil viðurkenning. Ég tók þetta alla leið eins og mér einni er lagið,“ segir hún og brosir út í annað.

Hulda hætti að halda jóla og afmæli á nýjan leik, en hefð er fyrir því á meðal votta að halda ekki slíkar hátíðir. „Auðvitað var þetta rosalega erfitt gagnvart börnunum mínum líka en mér varð ekki haggjað. Ég er svolítið þannig að ef ég ætla að gera eitthvað þá geri ég það, þótt það sé sárt.“

Eins og lítið þorp

Samfélag votta hefur verið þekkt fyrir að vera lokað og sumir myndu segja einangrað. „Þetta er eins og lítið þorp þar sem allir þekkja alla og vita allt um alla. Flestir eru venjulegir en inni í þessu þorpi er fólk sem er mjög öfgakennt. Það fólk er fljótt að dæma aðra, það klagar aðra og er með augun opin fyrir öllu. Það er hvítt svæði og það er svart. Sumir eru á gráa svæðinu. Þá ertu enn skráður í söfnuðinn en tekur kannski ekki virkan þátt. Þú hefur heldur ekki gert neitt af þér til þess að vera rekinn og færð enn að halda sambandi við þá sem eru innan,“ þorpsins.“

Árið 1994 veiktist Hulda alvarlega af þunglyndi og kvíða. Hún upplifði ekki stuðning innan safnaðarins og fannst eins og hún mætti ekki ræða veikindin.

„Upp úr veikindunum fer ég aðeins að vinna í sjálfri mér og fer að hugsa um þetta. Þarna var ég búin að vera inni í þessu samfélagi frá 1986 og var búin að sjá ýmsan sora sem viðgekkst. Margt sem mér fannst vera rangt.“

Þótt hún hafi byrjað að ihuga stöðu sína hélt hún áfram að vera virk í söfnuðinum. Þetta var leiðin sem hún hafði valið og hún ætlaði sér að standa við það. Innan safnaðarins var fólkid sem hún umgekkst, hennar heimur. „Ég held bara áfram, reyni að vera stillt og góð og geri það sem þarf að gera. Veikindin ganga yfir en ég finn að ég er komin í svolítinn mótþróa gagnvart þessu. Mér fannst alltaf erfitt að halda ekki jól, það var erfiður tími, sérstaklega út af strákunum.“

Hulda á fimm systkini og fjögur þeirra eru meðlimir safnaðarins. Þrátt fyrir meðal áframa að hún vildi ekki lengur tilheyrta Vottum vildi hún ekki slíta sambandi við systkini sín á nýjan leik. „Ég var margbúin að segja við systkini mín að ég væri að hugsa um að segja mig úr söfnuðinum en þau báðu mig alltaf um að gera það ekki því þá gætu þau ekki talað við mig. Það er auðvitað sárt að missa systkini sín.“

Dóttirin gifti sig sautján ára

Dóttir Huldu, Lilja, tók þátt í starfinu og ólst upp frá tíu ára aldri innan safnaðarins. Sautján ára gömul giftist hún manni sem var líka votti. „Það þótti mjög eðlilegt. Þessi krakkar mega ekki lifa kynlífi fyrir hjónaband. Það er unglingabók sem er gefin út á vegum þeirra þar sem kemur fram að þú megir ekki stunda sjálfstrúun og helst ekki skoða eigin kynfæri. Allt tengt kynlífi er bara tengt hjónum og þú átt helst að gifta þig innan Vottanna.“

Henni finnst sárt að hugsa til



DÓTTIR MÁLARANS Hulda byrjaði fyrir um ári að mála myndir og hefur það hjálpað henni mikið. Faðir hennar, sem lést þegar hún var aðeins fimmtán ára, var málara-meistari og málaði myndir. Hér er hún í vinnuherbergi sínu innan um myndirnar sínar.

þess að hún hafi tekið dóttur sína með inn í söfnuðinn. „Hugsaðu þér ofbeldið sem ég beitti hana af einlægri því ég hélt það væri rétt,“ segir hún. „Einu sinni þegar hún var unglingur stóð hún og var að horfa út um gluggann. Það var bekkjarkvöld í skólanum. Ég kem til hennar og segi: Langar þig að fara? Hún segir já. Ég segi við hana: Ef hjartað þitt er þar. Og hún fór ekki,“ segir hún hikandi. „Sérðu ofbeldið?“ spyr hún og það er greinilegt að það tekur á að rifja þetta upp. „Ég ýtti á alla hennar sektarkennd. Það var búið að kenna mér það. Þú færð sýnikennslu á samkomu hvernig þú átt að tala við börnin þín og hvernig þú átt að fara að því að gera hitt og þetta. Fólk er bara matað.“

Með tímanum þróaðist það þannig að Hulda fór að taka minni þátt í starfinu og segist hafa verið verið lengi á gráa svæðinu. Í kringum aldamótin urðu kaflaskil. Lilja, dóttir Huldu, kom út úr skápnunum. Samkynhneigð er ekki samþykkt innan safnaðarins. „Það var mjög erfitt fyrir hana og sársaukafullt. Hún var útskýfuð og strax rekin. Þetta var rosalegt mál innan safnaðarins en ekki fyrir mig. Ég sagði strax við hana að það skipti mig engu máli. Ég elska hana skilyrðislaust og myndi aldrei snúa við henni bakinu, sama hvað á gengur. Aldrei.“

Hulda hélt enn innan safnaðarins þó að dóttir hennar hefði verið útskýfuð en hélt sig á gráa svæðinu. „Systkini mín voru ekki ánægð. Í eitt skiptið vorum við á Strikinum í Kaupmannahöfn, ég og Lilja. Við mættum fyrir tilviljun systur minni sem býr í Kaupmannahöfn. Mér þykir alveg ofboðslega vænt um hana og Lilja hafði verið mikið hjá henni. Ég stóð á milli þeirra og hún lét eins og Lilja væri ekki þarna og vildi ekki tala við hana. Þetta var hræðilegt.“

Afdrifarík heimsókn

Það var svo eitt kvöld sem Hulda fékk heimsókn frá tveimur öldungum. „Þetta var á þeim tíma sem fólk var mikið með Barnalandssíður fyrir börnin sín þar sem það setti inn myndir og annað. Ég skrifaði við myndir inni á síðu fyrir barnabarnið mitt, bæði við myndir af barnabörnunum og svo var mynd af Lilju og kærustunni hennar sem ég skrifaði undir að þær væru svo góðar og fallegar og eitthvað svona. Bara eins og mömmur gera,“ segir hún. „Þeir

biðja um að fá að koma inn og ég býð þeim inn. Þeir sitja svo hérna báðir tveir,“ segir hún og bendir á sófa í stofunni hjá sér. „Þeir draga síðan upp A-4 blöð. Á þeim var myndin og það sem ég skrifaði undir. Þeir rétta mér þetta og spyrja hvort ég ætli virkilega að samþykkja það að dóttir mín sé samkynhneigð,“ segir hún og reiðin leynir sér ekki í rödd hennar þegar hún rifjar þetta upp. „Ég man að ég horfði á þetta og sagði: Eruð þið geðveikir? Þið eruð stórklikkaðir. Hvernig dettur ykkur þetta í hug? Þetta eru börnin mín og barnabörninn og þau eru númer eitt, tvö og þrjú. Ekki trúin. Og ég bað þá vinsamlegast um að koma sér út. Ég var brjáluð.“

Sagði skilið við söfnuðinn

Eftir að þeir fóru kraumaði reidinn sem aldrei fyrr. „Ég hugsaði með mér: Jæja, Hulda, nú er komið að því. Ég settist niður og skrifaði úrsagnarbréf þar sem stóð: Ég segi mig hér með úr Söfnuði Votta Jehóva, virðingarfyllst Hulda Fríða Berndsén. Daginn eftir skilaði ég bréfinu inn í Ríkissalinn á Sogavegi.“

Hulda tilheyrði ekki lengur þorpinu. „Það varð mikið fjaðrafok. Ég var komin út úr þorpinu og allir sem enn voru þar töluðu ekki við mig. Flest systkini mín tala ekki við mig og það þykir mér sárast af því mér þykir svo vænt um þau og veit að þeim þykir líka vænt um mig. Mér er ekki boðið þegar það eru viðburðir í þeirra fjölskyldum. Vinir mínir sem ég átti innan safnaðarins heilsa mér ekki,“ segir hún og vitnar í eitt atvik því tengt. „Ég rakst í eitt skipti á vinkonu mína í Kringlunni. Þessi vinkona mín kom inn í Vottana í gegnum mig. Og ég man hvað ég var ofsalega glöð að sjá hana. Ég ætlaði að hlaupa að henni og faðma hana en hún labbaði í burtu.“

Æðsta valdið innan safnaðarins

Systkini hennar reyndu líka að tala um fyrir henni. „Bróðir minn og konan hans komu til mín. Þau settu sig svolítið á háan hest og spurðu mig hvort ég ætlaði virkilega að fórna sannleikunum fyrir börnin mín. Og ég sagði já, ég ætla að fórna þessu öllu fyrir börnin mín. Annað skiptir ekki máli. Ég hef ekki það góða reynslu innan safnaðarins að ég myndi fórna börnunum mínum fyrir það. Aldrei. Ég hef gert það og geri það aldrei aftur,“ segir hún.

„Þeir rétta mér þetta og spyrja hvort ég ætli virkilega að samþykkja það að dóttir mín sé samkynhneigð.“

„Ég er hætt að skammast mín fyrir það hver ég er. Ég er ekki lengur hrædd eins og ég var.“

„Ég var alltaf með grímu, nú tek ég grímuna af og get sagt við fólk: Ég var þunglynd, ég var Vottur Jehóva. Ég var það, ég var ekki neydd í það en ég var þarna af því ég var veik og ég veit það núna.“

Fyrst eftir að Hulda hætti í söfnuðinum var hún reid in átti erfitt með að finna reidinni farveg. „Ég átti líka mjög erfitt með að tala um það sem hafði gengið á. Okkur er kennt að tala ekki um þetta og fyrir mig að opna mig um þetta var stórt skref. Mér fannst ég ekki mega segja frá reynslu minni. Þegar ég horfi til baka þá skil ég ekki hvernig ég trúði þessu. Þetta er svo mikið ofbeldi. Þér er kennt hvernig þú átt að haga þér og það er öllu stjórnað. Ég gerði mér ekki grein fyrir þessu ofbeldi fyrr en ég fór að vinna í mínum málum.“

Hún segir það ekki hafa verið auðvelt skref að stíga út fyrir söfnuðinn og losa sig við það sem henni hafði verið kennt. „Þetta er það sem maður þekkir og þú þarft að byrja algjörlega upp á nýtt orðin fullorðin kona.“

Að hennar sögn sneri reidin líka að því hvernig fólk er stjórnað innan safnaðarins og hlutum sem hún sá að voru ekki eðlilegir. „Ég sá margt skrytið þarna. Eitt situr alltaf í mér. Ég var að passa litla stúlku innan safnaðarins, hún fór að segja mér frá hlutum sem voru mjög óhugnanlegir. Hún lýsti nákvæmlega fyrir mér hvað hefði verið gert við hana – eitthvað sem svona ung börn ættu ekki að vita af. Ég sagði mömmu hennar frá þessu sem fékk áfall. Það kom í

ljós að faðir hennar hafði beitt hana kynferðisofbeldi. Foreldrnir voru skilin en bæði í söfnuðinum. Öldungarnir tóku málið að sér. Svar þeirra var biblíunám með foreldrunum. Ég held að málið hafi ekki verið kært en ég veit að hún fór í einhverja skoðun en þannig voru málin leyst þarna. Æðsta valdið er innan safnaðarins.“

Útilokað

Hulda segir margt undarlegt við starfið innan safnaðarins. Fólk vinnur sig upp í ábyrgðarstöður. Konur eru óæðri og geta til dæmis ekki orðið öldungar sem eru æðstir innan safnaðarins. Eins finnst henni sorglegt hvernig fólk innan safnaðarins afneitar þeim sem hætta. „Maður sem ég veit um missti móður sína, hann mátti koma í jarðarförina en ekki erfidrykkjuna því pabbi hans og systur voru vottar. Annað dæmi sem ég veit um var ung kona sem var brottrekin og missti móður sína. Hún vildi fá að bera kistuna út en mátti það ekki af því það myndi stuða vottana.“

Fyrir um ári byrjaði Hulda að mála myndir og það hefur hjálpað henni mikið. „Þetta er eins og hugleiðsla,“ segir hún þegar hún sýnir blaðamanni myndirnar sem prýða veggir heimilisins og fylla heilt vinnuherbergi. Hún hefur ekki langt að sækja listahæfileikana en faðir hennar var málara-meistari en hann lést þegar hún var aðeins fimmtán ára gömul.

Huldu finnst fjarstæðukennt í dag að hafa tilheyrt vottunum. „En ég er hætt að skammast mín fyrir það hver ég er. Ég er ekki lengur hrædd eins og ég var. Ég fæ kvíða en ég er ekki hrædd. Ég gat aldrei talað um þetta af því maður er kennt að tala ekki um þessa hluti. Þú máttir aldrei hafa skoðanir. Og þá er skömmin svo mikil. Það var mikið mál fyrir mig að brjóta ísinn og byrja að tala.“

Auðvitað er ég markeruð af því sem fyrir mig hefur komið en það er aldrei of seint að vinna í því. Nú er ég 63 ára og er að vinna í því að ná heilsu og það sem ég þrái mest er að geta hlúð að minni fjölskyldu á eðlilegan og heildarlegan hátt. Ég var alltaf með grímu, nú tek ég grímuna af og get sagt við fólk: Ég var þunglynd, ég var Vottur Jehóva. Ég var það, ég var ekki neydd í það en ég var þarna af því ég var veik og ég veit það núna.“



„Afar vel skrifuð, ótrúleg og erfið saga.“

ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR

„Mögnuð lesning og merkilega falleg, þrátt fyrir allan óhugnaðinn.“

STEFÁN BALDURSSON

„Ég er búin að lesa þessa bók og hún er bara ótrúleg!“

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

„Því hvað er í raun merkilegra í heiminum en að frelsa sína eigin móður?“

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR



1.

Metsölulisti
Eymundsson

Heildarlisti - Vika 17

AÐ BÚA Í TVEIMUR
AÐSKILDUM HEIMUM,
HIMNARÍKI OG HELVÍTI,
Í EINU OG SAMA HÚSINU

„Hugrökk og heilsteypt bók.“

ÓFEIGUR SIGURÐSSON

HELGAAR

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17



Philips 55PFT5609
Snjallsjónvarp með háskerpu upplausn 1920x1080 punkta. Pixel Precide HD myndvinnsla. 200Hz Perfect Motion Rate. Þráðlaus nettenging. 20w RMS surround hljóðkerfi.

TILBOÐ
169.995
FULLT VERÐ 199.995



Philips 65PFS6659
65" 3D Smart LED TV með Full HD 1920 x 1080p upplausn. Pixel Precise HD. DualCore örgjörvi. Ambilight 2 bakljós. 400Hz Perfect Motion Rate. Digital Natural Motion. Easy 3D. 2D-3D conversion. Smart TV. Wi-Fi og Skype. Ljóssemi. Þráðlaus móttakari. Stafrænn DVB-C, DVB-T/T2, DVB-S/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari S/S2. App fyrir iPhone og Android síma.

TILBOÐ
299.995
FULLT VERÐ 399.995



Whirlpool AKP4551X
60L stál bakarofn undir borð. Actual Line Multifunction 5 blástursofn. Rofar fyrir helluborð. Undir- og yfirhiti og Grill. Tvöfalt gler í hurð. Orkuflokkur A. Innbyggingarmál (hxbxd): 56x60x55sm.

Whirlpool AKT1101X
Keramik helluborð án rofa með 4 keramik hellum og stál kanti. 1x2100w hella 21 sm. 1x1700w hella 18 sm. 2x1200w hellur 14,5 sm. Mál (hxbxd): 58x5,1x51sm

Whirlpool
STÁL OFN
OG KERAMIK
HELLUBORÐ
SAMAN

VERÐ
79.995
FULLT VERÐ 119.990



PHILIPS

Philips FC6140
Einföld og góð handryksuga.

TILBOÐ
6.995
FULLT VERÐ 9.995

SJÁLFVIRK GÓLFMOPPA

**HREIN
SNILLD!**



iRobot

iRobot Braavias 380
Sjálfvirk hljóðlát skúringarmoppa, bæði fyrir blautt og þurr - algjör snilld

TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 54.995



Melissa 16420239
1200w ryksuga með 4 filtera kerfi og tvískiptu plastskafti.

TILBOÐ
4.995
FULLT VERÐ 7.995



Melissa 16420240
800w ryksuga með 4 filtera kerfi og tvískiptu málmskafti.

TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 9.995



Philips FC8322
Orkusparandi Eco range ryksuga með 3 í 1 TriActive+ ryksuguhaus. CleanAir filter sem má þvo. Tvískipt málmskaft. 5m snúra.

TILBOÐ
14.995
FULLT VERÐ 19.995



Philips FC8522
Orkusparandi ryksuga með 3 í 1 TriActive+ ryksuguhaus. Airflow Max. EPA 10 og AirSeal filter sem má þvo. Tvískipt málmskaft. 6m snúra.

TILBOÐ
19.995
FULLT VERÐ 24.995

Ariete

Ariete 2770
Handryksuga með skafti og Túrbó burstu.

TILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 14.995

RTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



Philips 58PUS6809

Hágæða 58" 3D Smart Ultra Pixel Plus HD LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn með 400Hz Perfect Motion Rate, Digital Natural Motion og Dual Core örgjörva. Wi-Fi og Skype. Ljóssemi. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, S/S2 móttakari og gervihnattamóttakari. MyRemote App fyrir Apple eða Android síma og spjaldtölvur. 3D / 2 stk gleraugu fylgja.

TILBOÐ

199.995

FULLT VERÐ 249.995

RYKSUGUVÉLMENNI
20% AFSLÁTTUR

iRobot®



SodaStream

SodaStream tæki með 2x 1L flöskum. 2x 0.5L flöskur fylgja. Kolsýruhylki fyrir 60L fylgir. 6 bragðefni.

TILBOÐ

12.995

FULLT VERÐ 16.995



STK-STEAKCHAMP

Hágæða kjötmælir til að elda steikina nákvæmlega eins og þú vilt hafa hana. Mælinum er stungið í steikina og hún elduð þar til ljós á enda hans blikkar.

KYNNINGARTILBOÐ

9.995

FULLT VERÐ 14.995

VÖFFLUJÁRN
20% AFSLÁTTUR



FRANCIS FRANCIS KAFFIVÉLAR
KYNNING ALLA HELGINA OG TILBOÐ Á VÉLUM



Francis Francis X7 kaffivél

Kr. 29.900

FULLT VERÐ 36.995

KAUPAUKI

Tveir bollar og 20 hylki

KYNNING LAUGARDAG 12 - 16 OG SUNNUDAG 13 - 17



Francis Francis Y5 kaffivél

Kr. 49.900

FULLT VERÐ 59.995

KAUPAUKI

Tveir bollar og 20 hylki



Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

TÖLVUR

FARTÖLVUR - SPJALDTÖLVA



ÓTRÚLEGT
TILBOÐSVERÐ

-17%

GAAAAALIN
VERÐ
IÖRFÁA DAGA!



LÆKKUN
-35.000 KR.

-32%

15,6" Intel i3 með snertiskjá



LÆKKUN
-40.000 KR.

-33%

15,6" rauð Intel i5



LÆKKUN
-7.000 KR.

-28%

7" Asus Intel Atom spjaldtölva



LÆKKUN
-25.000 KR.

-12%

Alvöru leikjatölva fyrir kröfuharða



LÆKKUN
-15.000 KR.

-17%

15,6" 1TB Intel Pentium



LÆKKUN
-10.000 KR.

-8%

23" FHD IPS Quad Core skjátölva

SÝNINGAREINTÖK Í TAKMÖRKUÐU



AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

RYMNING!

ÖLVUR - BORDTÖLVUR

OPIÐ
ALLA
HELGINA!

-25%
LÆKKUN
-35.000 KR.

ASU-F555LAX0330H
104.995 KR.
FULLT VERÐ 139.995 KR.



-17% LÆKKUN
-20.000 KR.

CH-SG1000KWH
119.995 KR.
FULLT VERÐ 139.995 KR.

Quad Core leikjatölva



-24%
LÆKKUN
-20.000 KR.

ASU-T100TADK024H
64.995 KR.
FULLT VERÐ 84.995 KR.

10,1" fartölva og spjaldtölva



-15% LÆKKUN
-20.000 KR.

ASU-R553LNK0516H
109.995 KR.
FULLT VERÐ 129.995 KR.

Intel i5 með GT840M



ASU-F555LADM835H
109.995 KR.
FULLT VERÐ 129.995 KR.

15,6" FHD Intel i5



-15%
LÆKKUN
-30.000 KR.

TOS-Z30A18W
169.995 KR.
FULLT VERÐ 199.995 KR.

13,3" Pro með Intel i5 og SSD



-44% LÆKKUN
-110.000 KR.

ACE-NXVBRED005
139.995 KR.
FULLT VERÐ 249.995 KR.

Örpunn Pro fartölva með SSD



-20% LÆKKUN
-20.000 KR.

TOS-L50DB17
79.995 KR.
FULLT VERÐ 99.995 KR.

15,6" með Radeon R5



MAGNI Á VERULEGUM AFSLÆTTI!



TÖLVULISTINN

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700



FARIÐ Á FLUG Hilmar og Guðrún sögðu skemmtilegar sögur að vestan og köfuðu djúpt í bæði guðdóminn og réttlætið. Svo hlógu þau ósköp mikið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Setja oftast stuðninginn í orð

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona og **Hilmar Hildarson Magnússon**, formaður Samtakanna 78, ræða hatursfulla umræðu, baráttuna eilífu og pólitíska þátttöku þeirra á rökstólum, auk þess sem barnaupeldi og Ísafjörður koma við sögu.

Á RÖKSTÓLUM

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Fyrsta spurningin er venju samkvæmt sú hvort þú kannist eitthvað hvort við annað?

Hilmar: Ég kannast náttúrulega við Guðrúna. Ég held að ég muni eftir henni fyrst úr áramótaskaupinu að brillera og svo auðvitað úr alls kyns leiksýningum. En ég er nú ekki viss um að hún kannist við mig.

Guðrún: Ég hef séð myndir af þessum fallega manni. Þegar maður byrjar að standa í stríði þá fylgir því mynd í blöðunum. Þannig að ég hef bara fylgst með þér í fréttum og finnst flott hjá þér að stoppa þessi illmæli af. Það þarf bara að berja hundana niður um leið og þeir fara að gjamma. Ég óska ykkur alls hins besta.

Hilmar: Takk kærlega fyrir það.

Viss um að Guð elski homma

Kemur ykkur á óvart að Samtökkin 78 þurfi að eiga við hatursfulla umræðu á sama tíma og talað er um Ísland sem eitt opnasta samfélagið gagnvart hinsegin fólki í heiminum?

Hilmar: Fordómar eru viðvarandi ástand undir yfirborðinu. Ef maður vill sjá þetta, þá sér maður þetta. Svona umræða sýnir að björninn er ekkert unninn. Það koma alltaf bakslög í baráttuna. Konur þekkja það úr kvenréttindabaráttunni, svart fólk úr sinni baráttu og svo framvegis. En í rauninni er þetta einfalt, við viljum bara öll fá að vera til og lifa hamingjusömu lífi en við búum við veruleika þar sem sífellt er verið að trádka á okkur og því búum við ekki við jöfn réttindi og lífsgæði.

Guðrún: Óréttlæti nær alltaf að smjúga sér einhvers staðar.

Hilmar: Já, þetta er marghöfða skrímsli.

Guðrún: Ég skrifaði leikrit fyrir tíu árum um samkynhneigðan prest sem lést úr alnæmi. Við settum verkið upp í Guðríðarkirkju og því hlaut ég að taka Guð og trúna með í þetta sem var ekki öllum að skapi. Þá hugsa ég til góðs vinar míns sem var alltaf að tala við mig um guðdóminn og trúna – og þá sagði hann alltaf: „Ég er viss um að Guð elski mig þótt ég sé hommi.“ Og ég svaraði alltaf: „Ég veit ekki alveg hvernig Guð hugsar, en það er líka eitt-hvað sem ég er alveg viss um.“

Hilmar: Ég fór að hugsa það í vikunni, þar sem við stóðum í þessari baráttu, hvað ég fékk ótrúlega mikið af falletum skilaboðum með hlýjum orðum og stuðningi. Það skiptir svo miklu máli að segja fólki að maður styðji það, að maður sé til staðar og þyki vænt um það. Að setja það í orð og passa sig á að segja það við fólk. Ég held að við gerum það ekki nógu oft. Manni hættir til að einblína á þetta neikvæða.

Guðrún: Já, maður á að gera meira af þessu. Maður stendur ekki einn í baráttu.

Bæði í pólitík

Hilmar er formaður Samtakanna 78 í sjálfbæðisástarfi. Hvað starfar þú dagsdaglega?

Hilmar: Ég er alþjóðafulltrúi á skrifstofu borgarstjóra. Á okkar tímum eru mikil samskipti á milli ríkja, landa og borga. Ég er mennta- og alþjóðastjórnsmálafræðingur en með arkitektúr í grunninn. Listin og pólitíkin hafa alltaf togast á í mér.

Guðrún: Ég er alveg sannfærð um að því fleiri listamenn í pólitík, því betra. Ég átti stuttan pólitískan feril fyrir nokkrum árum. Þá fylgdi ég

Ólafi F á F-lista og fór inn í borgarstjórn sem varaborgarfulltrúi. Það er reynsla sem ég hefði ekki viljað vera án. Það sem kom mest á óvart var hvað fólkíð sem starfar við þetta eru miklar ágætismanneskjur. Alveg frábært fólk. Það eru allir að vinna vinnuna sína og gera eins vel og þeir geta. Ég hafði mjög gaman af þessu en það var svolítið gott að vera á þeim aldri að ég var ekki með neina drauma um pólitískan feril. Ég hafði þetta frelsi sem maður fær þegar maður er orðinn gamall. Maður er hættur að vinna og gerir það sem mann langar til. Þetta er svo yndislegt hlé á færíbandinu, svona áður en því lýkur.

En þú, Hilmar? Hefur þú beinlínis verið í pólitík?

Hilmar: Ég hef líka átt minn pólitíska feril. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á pólitík og byrjaði að lesa blöðin tíu ára. Ég var örugglega mjög undarlegt barn, var innipúki og vildi bara teikna og lita. En minn pólitíski ferill hófst þegar ég var tvítugur í bæjarstjórn á Ísafirði. Við vorum menntaskólakrakkar og buðum fram undir merkjum Fönklistans og fengum tvo fulltrúa af ellefu. Það var mjög dýrmæt reynsla. Svo hef ég alltaf verið viðloðandi þetta á einhvern hátt og þá aðallega á sviði mannréttinda. Og það er rétt þetta með pólitíkina og listina. Ég lærði arkitektúr og starfaði við það í einhver ár en tók svo master í alþjóðasamskiptum. Þetta vinnur vel saman. Það er nauðsynlegt að hafa list í pólitíkinni, enda er það skapandi starf að skapa samfélag og pólitíkin er svo mikið í listinni. Svo hangir þetta allt saman á heimspekinni, hún er alltaf undirliggjandi.

Eignast börn á gamals aldri

Guðrún: Já, þú ert frá Ísafirði. Ég elska Ísafjörð. Fyrir hundrað árum þegar ég ferðaðist með leikhópum

í kringum landið með leiksýningar þá var alltaf aðalatriðið að koma á Ísafjörð. Það voru líka svo margir af gömlu leikurunum að vestan sem rifust um hvaða bær fyrir vestan væri menningarlegastur. Þeir eru allir dánir núna, þegar maður er orðinn 79 ára þá er maður alltaf að tala um dáíð fólk. Það var líka svo gamalgróið leikfélag á Ísafirði og áhorfendur svo þjálfaðir.

Hilmar: Já, ég tók þátt í starfi Litla leikklúbbsins á Ísafirði og Ísafjörður hefur náttúrulega alltaf verið mikið menningarbær.

Hér upphæfst mikil umræða um menningarlífið á Ísafirði og gamalsögur af Ísfirðingum kitla hláturtaugarnar. Sumt ekki prenthæft og allt er það hreinlega efni í aðra grein. Að lokum talar Hilmar um að hann hafi lært á píanó og verið mikið inni á heimili hjónanna sem ráku tónlistarskólann, sem Guðrún þekkir einnig til.

Hilmar: Já, vonandi fer eitthvað af þessu menningarlega uppeldi niður til litla sonarins.

Guðrún: Áttu lítinn son?
Hilmar: Já, ég var ekki viss um að ég myndi eignast börn en svo fann ég þörfina til þess og eignaðist son á gamalsaldri – orðinn 37 ára.

Guðrún: Ég var orðinn fertug þegar ég eignast Ragnar – þennan heimsfræga (hér er mikið hlegið) og ég hef aldrei átt auðveldari meðgöngu og fæðingu. En ég á þrjú börn og þau eru í raun þrjú einbirni enda um áratugur á milli þeirra allra.

Hilmar: Ég hef ekki samanburðinn en mér hefur verið sagt að það sé munur á þessu, eftir því hvort maður eignist börn ungur eða eldri. Maður er náttúrulega kominn með heilmikla reynslu sem er gott en svo þarf maður að passa sig að vera ekki of fastur í sínum skorðum. Kannski verður erfiðara að breyta um lífsstíl en þetta er skemmtileg áskorun.

“Ég á þrjú börn og þau eru í raun þrjú einbirni enda um áratugur á milli þeirra allra. Það eina sem ég kunni var að kela við þau. Ég fór ekki eftir neinum uppeldisreglum og hlustaði á engin ráð.

Guðrún

“Það skiptir svo miklu máli að segja fólki að maður styðji það, að maður sé til staðar og þyki vænt um það. Að setja það í orð og passa sig á að segja það við fólk.

Hilmar

Guðrún: Þú þarft ekki að vera hræddur við neitt. Það eina sem ég kunni var að kela við þau. Ég fór ekki eftir neinum uppeldisreglum og hlustaði á engin ráð.

Hilmar: Já, við fjölskyldan höfum það að leiðarljósi. Hann á tvær mæður og einn föður en ég held ekki að aðalatriðið sé hvernig fjölskyldan er samansett, við erum bara fjölskylda og það eina sem skiptir máli er að barnið fái ást og atlæti.

Guðrún: Já, við eigum ekkert að vera að vanda okkur. Bara elska!


Hilmar: Einmitt, svo gera allir sín mistök.

Guðrún: Já, og þau láta mann heyra það seinna meir.

Hilmar: Ég hlakka til þegar mér verður sagt til syndanna.

Og þar með lauk dásamlegri samverustund með þessu heidursfólki á fallegum vordegi í Reykjavík.

20% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM



FROSKUR
Áður 1.590,- NÚ 1.272,-



**PAILLY
BLÓMAPOTTUR**
Áður 12.990,- NÚ 10.392,-



**FRAKTALO
MÓSAÍKBORÐ**
60xH75cm.
Áður 29.900,-
NÚ 23.920,-



BOTANIQUE CALLA
Áður 2.590,- NÚ 2.072,-



**NID
KÖRFUSTÓLL**
94x194 cm.
Áður 59.990,- NÚ 47.920,-

TRENEL STÓLL
63x74xH89 cm.
Áður 29.900,-
NÚ 23.920,-



**BLÓMAPOTTUR
M/KRANA**
Áður 6.990,- NÚ 5.592,-



BLÓMÁLFUR
Áður 12.990,-
NÚ 10.392,-

NANTES STÓLL
59x60,5xH90 cm.
Áður 19.990,-
NÚ 15.992,-



**LUCY&FELIPE
FUGLABAÐ**
Áður 19.990,-
NÚ 15.992,-



ANTON&BERGUR

CALVI GARÐBORD
103xH73,5 cm.
Áður 29.990,-
NÚ 23.920,-



BERISSO STÓLAR
54,5x57,5xH81,5 cm.
Áður 6.990,- NÚ 5.592,-



FROSKUR
Áður 1.590,-
NÚ 1.272,-



LOTUS BLÓM
Áður 590,- NÚ 472,-



HUNDUR
Áður 12.990,-
NÚ 10.392,-



ORKEDÍA
Áður 790,- NÚ 632,-




FÖTUR/BLÓMAPOTTAR
Áður: 990,- NÚ 792,-

the
PIER



Nördavæðing NBA

Undanfarinn áratug hefur vígbúnaðarkapphlaup liða í NBA-deildinni að hluta til færst af parketinu og inn á skrifstofur liðanna. Rýnt er í alls kyns tölfraði í von um að komast feti framur en andstæðingurinn. Fyrirverandi stjórnur NBA gefa lítið fyrir þessa nördavæðingu.



CHARLES BARKLEY

JALEN ROSE

JALEN ROSE SPARNADUR Í LAUNAKOSTNAÐI

Jalen Rose, sem var þekktur leikmaður á tíunda áratug síðustu aldar og er nú vinsæll fjölmiðlamaður, hefur tjáð sig um þessa tölfraðivæðingu. Honum þykir þessi þróun neikvæð, sérstaklega í ljósi þess að hún gengur að miklu leyti út á að finna leikmenn á lágum launum sem skila miklu til liðsins. Þannig finnst honum einhverjir stjórnendur NBA-liða vera að spara í launakostnaði til leikmanna en græða jafn mikið og önnur lið í aðgangseyri og sjónvarpstekjum.

CHARLES BARKLEY GÁTU EKKERT SJÁLFIR

Charles Barkley fór mikinn í að gagnrýna þessa tölfraðivæðingu NBA-deildarinnar í þættinum Inside the NBA fyrr á árinu og tók Daryl Morey hjá Houston Rockets sérstaklega fyrir. „Í fyrsta lagi finnst mér þessi tölfraðigreining vera kjaftæði,“ sagði Barkley og hélt áfram: „Mér er sama um Daryl Morey. Hann er einn af þessum bjánum sem trúa á tölfraðina.“ Barkley sagði einnig að hann myndi ekki þekkja Morey ef hann hitti hann.

Barkley sagði einnig að þessi séni í tölfraði hefðu ekkert getað í körfubolta sjálf og skilur ekki hvað þau séu að vilja upp á dekk.

„Í fyrsta lagi finnst mér þessi tölfraðigreining vera kjaftæði.“

Charles Barkley

Kjartan Atli
Kjartansson

kjartanatti@365.is



Þegar gengið er um skrifstofur sögufræga félagsins Boston Celtics sést skilti hanga á einni hurðinni merkt BIA. Skammstöfunin vísar til CIA, leyniþjónustu Bandaríkjanna, og þýðir skammstöfunin Basketball Intelligence Agency. Vissulega er skiltið sett upp með húmor í huga en þetta fangar samt sem áður hugarfarið í NBA-deild 21. aldarinnar. Fókusinn í NBA hefur að vissu leyti færst frá leikmönnum inni á vellinum og yfir á hvaða upplýsingar skrifstofur félaganna í NBA-deildinni geta útvegað.

Markmið ráðamanna liðanna er að gera leikinn mælanlegan; að finna réttar breytur svo hægt sé að kortleggja leikfræðina og hegðun leikmanna á vísindalegan hátt.

Leikfræðinni breytt

Þessi bylting, ef svo má kalla, hófst fyrir um áratug og hefur haft mikil áhrif á spilamennsku margra liða í deildinni. Lið Houston Rockets hefur gengið lengst í þessari tölfraðivæðingu og liðið leitar nú aðeins að skotum mjög nálægt körfunni eða fyrir aftan þriggjustigalínuna. Auk þess hefur framkvæmdastjóri liðsins, Daryl Morey, öflugur sérfræðingur á sínum snærum sem greina leiki og leikmenn hinna liðanna ítarlega og eru leikmenn stundum fengnir til liðsins vegna þess að þeir uppfylla mjög afmörkuð skilyrði, skilgreind út frá tölfraðinni.


Fjölbreyttar leiðir í bílafjármögnun

Landsbankinn býður góð kjör, fjölbreyttar leiðir og allt að 80% fjármögnun á nýjum og notuðum bílum. Kynntu þér allt um bílalan á landsbankinn.is/bilalan.

Lánshlutfall
allt að 80%

Allt að 7 ára
lánstími

Engin
stimpilgjöld



Ungir framkvæmdastjórar

Fleiri lið hafa fetað svipaðar leiðir og Rockets og hefur þessi vísindalegi þankagangur verið í stöðugri útbreiðslu. Oft eru fulltrúar þessarar byltingar af yngri kynslóðinni og má sjá hversu vel þessi vísindalega nálgun á leikinn er vinsæl með því að skoða aldur framkvæmdastjóra deildarinnar. Undanfarinn áratug hafa nokkrir verið ráðnir inn í þessar ábyrgðastöður, rétt um þrítugt. Má þar nefna Sam Presti, framkvæmdastjóra Oklahoma City Thunder, sem náð hefur markverðum árangri. Hann var ráðinn 31 árs og var þá yngsti framkvæmdastjórinn í sögu NBA. Rob Hennigan, framkvæmdastjóri Orlando Magic, var ráðinn þrítugur og sló met Presti. Báðir nálgast starfið á nýstárlegan hátt, með tölfræðina að vopni.

Betri aðgangur að upplýsingum

Það eru ekki bara stjórnendur NBA-liðanna sem nýta tölfræðigögnin. Mikil þróun hefur verið í því hvernig blaðamenn fjalla um deildina. Ný kynslóð blaðamanna sem nýtir sér bætta aðgang að upplýsingum hefur rutt sér til rúms. Vefsíðan Grantland hefur til að mynda sérhæft sig í slíkri umfjöllun. Einn af föstum pennum síðunnar er til að mynda Kirk Goldsberry, landfræðingur og kortagerðamaður sem kennir við Harvard. Goldsberry skrifaði doktorsritgerð um hvernig væri hægt að kortleggja umferð og hefur nýtt sérþekkingu sína í að setja fram gögn um hvar leikmenn skora með sem auðveldustum hætti og hefur með sérþekkingu á framsetningu gagna vakið mikla athygli.

TÖLFRÆÐI Í NBA

Tölfræði hefur verið veigamikill þáttur í körfubolta í marga áratugi. En nú hefur viðhorfið til hennar breyst. Dæmi um hvernig menn horfa á leikinn með öðrum augum:

→ Áður

- Hversu mörg stig lið skorar að meðaltali í leik
- Hversu mörg stig lið fær á sig í leik
- Skotnýting leikmanns (e. field goal percentage).
- Fráköst að meðaltali í leik.

**→ Nú**

- Hversu mörg stig lið skorar að meðaltali í 100 sóknum
- Hversu mörg stig lið fær á sig að meðaltali í 100 sóknum
- Vigtuð skotnýting (e. effective field goal percentage). Gert er ráð fyrir hvaðan á vellið leikmaðurinn skýtur.
- Hlutfall frákasta sem leikmaður tekur sem í boði eru á vellið.



STÚDERAR TÖLFRÆÐI Shane Battier sem hér er í vörn nýtir tölfræði mikið.



HEFUR SIG TIL FLUGS Kevin Durant er hér að troða boltanum.

SLOAN-RÁÐSTEFNAN

Daryl Morey, framkvæmdastjóri Houston Rockets, er upphafsmaður Sloan-ráðstefnunnar sem haldin er í MIT-skólanum ár hvert. Hún var fyrst haldin 2006. Þar hittast tölfræðispekingar margra stærstu íþróttaliða heims. Þar eru meðal annars fulltrúar frá NFL-deildinni í ruðningi, NBA-deildinni, ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og MLB-deildinni í hafnabolta. Á ráðstefnunni er farið ítarlega í greiningar á gögnum er varða íþróttir og farið er yfir hvað gerði söguleg lið jafn góð og raunin varð.

EINS OG LOFTSKEYTI

Fyrir síðasta leiktímabil kom NBA-deildin upp hinu svokallaða SportsVU-greiningartóli í keppnishallir allra liðanna í deildinni. SportsVU byggir á tækni sem upphaflega var nýtt til að fylgjast með flugskeytum. Búið er að koma upp sex myndavélum í allar hallirnar sem skrá sjálfkrafa allar hreyfingar leikmanna á vellið auk boltans. Kerfið mælir hraða og yfirferð leikmanna, auk þess sem það skráir niður allt það sem leikmenn gera, hvort sem það eru sendingar, skot, eða fráköst.

”Tölfræðigreining hefur verið stór hluti af því hverjir við erum síðan ég kom inn um dyrnar fyrir fimmtán árum.

Mark Cuban, eigandi Dallas Mavericks

”Tölfræðigreining skiptir öll félög máli, í því hvernig stillt er upp í byrjunarlið og hvaða leikmenn eru fengnir.

Adam Silver, framkvæmdastjóri NBA-deildarinnar

”Við höldum áfram að fjárfesta í tölfræðingum og kerfum til þess að halda forystu okkar í þessum málum í deildinni.

Daryl Morey, framkvæmdastjóri Houston Rockets.

**Í FRAMVARÐARSVEITINNI**

Hér að ofan má sjá þá Daryl Morey, framkvæmdastjóra Houston Rockets, Mark Cuban, eiganda Dallas Mavericks, og Adam Silver, framkvæmdastjóra NBA-deildarinnar. Segja má að þessir þrír séu í framvarðarsveit hinnar nýju kynslóðar.

CUBAN Er eigandi Dallas Mavericks og hefur nýtt tölfræði til þess að finna hvaða leikmenn á að fá til liðsins. Sjónvarpsstöðin ESPN telur Dallas vera háðast tölfræðigreiningu af öllum liðum í NBA.

Adam Silver hefur verið framkvæmdastjóri NBA í um það bil eitt ár og hefur nálgast starfið allt öðruvísi en forveri hans, David Stern. Silver er mikill aðdáandi leiksins og virðist tilbúinn að innleiða breytingar á regluverki deildarinnar og leiksins til þess að halda sessi hennar sem einnar vinsælustu íþróttadeildar heims.

Morey hefur verið líkt við Elvis Presley hjá tölfræðinörðum. Hann er upphafsmaður Sloan-ráðstefnunnar, sem haldin er árlega í MIT.



ÓVINSÆL NIÐURSKURÐARSTJÓRN

Breska **Íhaldsflokknum** er spáð nokkru fylgstapi frá síðustu kosningum, enda hefur ríkisstjórnin skapað sér óvinsældir með sparnaðar- og niðurskurðaraðgerðum á krepptímum. Flokknum er þó spáð 33 til 35 prósentum atkvæða og stefnir jafnvel í að verða heldur betur staddur en Verkamannaflokkurinn.

CAMERON
Leiðtogi síðan
2005

Það dugar honum þó skammt, því slæm staða samstarfsflokksins þýðir að stjórnarmeirihlutinn með Frjálslynda flokknum á varla minnstu möguleika á því að lifa af þessar kosningar. **David Cameron** hefur samt dregið upp nokkur loforð, eins og nýjasta útsplið um að engar skattahækkanir verði á öllu næsta kjörtímabili fái hann að ráða.



DAVID CAMERON Leiðtogi Íhaldsflokksins hefur síðan 2010 verið forsætisráðherra í samsteypustjórn með Frjálslynda flokknum. NORDICPHOTOS/AFP

FER ILLA ÚT ÚR STJÓRNARSAMSTARFINU

Frjálslynda flokknum er spáð fylgishruni eftir fimm ár í stjórn með Íhaldsflokki Davids Cameron. Flokkurinn hefur áratugum saman haft stöðu „þriðja flokksins“ í breskum stjórnámálum, og náð að komast í ríkisstjórn með annaðhvort Íhaldsflokknum eða Verkamannaflokknum þegar hvorugur þeirra nær hreinum meirihluta.

CLEGG
Leiðtogi síðan
2007

Fyrir fimm árum var hann í nokkurri uppsveiflu og hefur aldrei fengið minna en 17 prósent atkvæða en gæti farið alveg niður í tíu prósent í þetta skiptið. Nú síðustu dagana hefur **Nick Clegg**, leiðtogi Frjálslynda, snúist gegn David Cameron og sakað hann um blekkingaleik vegna áforma um að skera enn frekar niður í velferðarmálum.



NICK CLEGG Leiðtogi Frjálslynda flokksins stendur illa að vígi eftir fimm ár í samsteypustjórn með Íhaldsflokknum. NORDICPHOTOS/AFP



KOSNINGASTEMNING Nicola Sturgeon og Alex Salmond hvort sínum megin við ákafan stuðningsmann flokksins á kosningafundi í Inverurie í Aberdeenshire nýverið. Kosningarnar verða svo 7. maí.

Sturgeon stefnir í lykilstöðu

Þótt Skotar hafi í haust fellt helsta baráttumál Skoska þjóðarflokksins í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðskilnað frá Bretlandi þá stefnir allt í að flokkurinn hreppi nánast öll þingsæti Skota á breska þinginu í þingkosningunum næsta fimmtudag.

Guðsteinn Bjarnason

guðsteinn@frettabladid.is



Fyrir hálfu ári felldu koskir kjósendur tillögu um að lýsa yfir sjálfstæði Skotlands. Úrslitin voru afgerandi, þótt meirihlutinn hafi reyndar ekki verið mjög stór: 55 prósent höfnuðu aðskilnaði við Breta, en þau 45 prósent sem vildu aðskilnað þurftu að láta í minni pokann.

Aðskilnaðurinn hafði áratugum saman verið helsta baráttumál Skoska þjóðarflokksins. Leiðtogi flokksins, Alex Salmond, lét það því verða sitt fyrsta verk að segja af sér eftir að úrslitin voru ljós.

Flokkurinn hefur samt engan veginn lagt upp laupana. Honum er spáð stórsigri í bresku þingkosningunum, sem haldnar verða á fimmtudaginn kemur. Svo afgerandi sigri raunar að nánast allir þingmenn Skotlands á breska þinginu, 59 talsins, verða félagar í Skoska þjóðarflokknum standist þessar spár.

Verkamannaflokknum og Frjálslynda flokknum er aðeins spáð einum fulltrúa hvorum, en breski Íhaldsflokkurinn fengi ekki einn einasta þingmann frá Skotlandi.

Kemst í lykilstöðu

Þetta þýðir líka að Nicola Sturgeon, arftaki Salmonds á leiðtogastól Skoska þjóðarflokksins, verður væntanlega í lykilstöðu þegar kemur að stjórnarmyndun.

Engar líkur virðast á því að Íhaldsflokkurinn eða Verkamannaflokkurinn nái hreinum meirihluta, og ekki er heldur að sjá að Frjálslyndir demókratar fái nægan þingstyrk til að tveggja flokka samsteypustjórn þeirra með hvort heldur sem er Íhaldsflokknum eða Verkamannaflokknum geti náð þingmeirihluta.

Þá kemur í fyrsta sinn til kasta minni flokka á borð við Skoska þjóðarflokkinn. Og ef marka má skoðanakannanirnar virðist varla öðrum flokkum til að dreifa.

Gegn íhaldinu

Sturgeon hefur sjálf tekið skýra afstöðu gegn Íhaldsflokknum: „Ég

mun starfa með Verkamannaflokknum, með Leanne, með Natalie, þannig að í sameiningu getum við losnað við íhaldið.“ sagði hún á kosningafundi nýverið. Leanne er Leanne Wood, leiðtogi Plaid Cymru, sem er stærsti flokkurinn í Wales, en Natalie er Natalie Bennett, leiðtogi Græningjaflokksins í Bretlandi.

Ed Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins, hefur hins vegar tekið ákaflega dræmt í þetta tilboð. „Ég ætla ekki að gera neina samninga við Skoska þjóðarflokkinn,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali nýverið.

Hann á hins vegar ekki margra kosta vól. Vilji hann mynda ríkisstjórn kemst hann varla fram hjá Nicolu Sturgeon.

Hefur haldið vel á spilunum

Sturgeon hefur tekist að halda vel á spilunum eftir tapið í haust, þegar aðskilnaði frá Bretlandi var hafnað. Flokknum er spáð nærri helmingi atkvæða, sem er nokkrum prósentum meira en þeir sem kusu með sjálfstæðinu.

Sturgeon er vinsæl, skelegg og með því að taka afstöðu gegn

Staða flokkanna

	ÚRSLIT 2010		SPÁ 2015	
	%	Þingsæti	%	Þingsæti
Íhaldsflokkurinn	37,0	307	33,7	280
Verkamannaflokkurinn	29,7	258	31,9	275
Frjálslyndir demókratar	23,6	57	10,1	17
Breski sjálfstæðisflokkurinn	3,2	0	13,3	1
Græningjar	1,0	1	5,3	1
Skoski þjóðarflokkurinn	1,7	3	4,2	55
Plaid Cymru	0,6	3	0,6	3
Aðrir 3,4% og 0 þingsæti	1,1	0		
Norður-Írland alls*		18		18

*Ath. Þingsæti frá Norður-Írlandi hafa þarna ekki verið sundurliðuð á flokka. Heimild: Electoral Calculus (www.electoralcalculus.co.uk), byggt á skoðanakönnunum tímabilið 12. apríl til 29. apríl.

→ Kosið í Bretlandi 7. maí

Kosið er um 650 þingsæti í neðri deild breska þingsins.

533 PINGMENN FRÁ ENGLANDI	59 PINGMENN FRÁ SKOTLANDI	40 PINGMENN FRÁ WALES	18 PINGMENN FRÁ NORÐUR-ÍRLANDI
--	--	------------------------------------	---

FYLGISAUKNINGIN SKILAR SÉR EKKI

Breski sjálfstæðisflokkurinn, UKIP, hefur verið í mikilli uppsveiflu síðustu misserin. Nigel Farage hefur laðað til sín fylgi með afdráttarlausum málflutningi gegn Evrópu-sambandinu og gegn innflytjendum, sem hann slengir fram af nokkrum galgopaskap.

FARAGE Leiðtogi síðan 2010

Lengi vel leit út fyrir að hann gæti komist í lykilstöðu við stjórnarmyndun nú eftir kosningarnar, en þeir draumar virðast fognir út í veður og vind. Ræður þar mestu hið sérstaka kosningakerfi Bretlands, því þrettán prósent fylgi virðist ekki ætla að skila flokknum nema einum þingmanni á breska þinginu. Sá þingmaður yrði væntanlega Farage sjálfur, sem einnig er þingmaður flokksins á Evrópuþinginu.



NIGEL FARAGE Leiðtogi Breska sjálfstæðis-flokksins hefur eitthvað verið að missa flugið undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

HRUN Í SKOTLANDI, STÖÐNUN Á LANDSVÍSU

Staða breska Verkamannaflokksins er það tæp að nánast er hægt að tala um hrun. Að minnsta kosti í Skotlandi, þar sem flokkurinn hefur til langs tíma borið höfuð og herðar yfir aðra flokka.

MILIBAND Leiðtogi síðan 2010

Í þetta skiptið er honum ekki spáð nema örfáum þingmönnum frá Skotlandi, jafnvel engum.

Leiðtoga flokksins, Ed Miliband, hefur engan veginn tekist að nota forystu sína í stjórnarandstöðu heilt kjörtímabil til þess að styrkja stöðu flokksins. Að vísu virðist hann ætla að bæta við sig nokkru fylgi á landsvísu, en gæti engu að síður orðið minni en íhaldsflokkurinn, sem þó ætlar ekki heldur að ríða feittum hesti frá þessum kosningum.



ED MILIBAND Leiðtoga Verkamannaflokksins hefur ekki tekist að afla fylgis, þrátt fyrir heilt kjörtímabil í stjórnarandstöðu. NORDICPHOTOS/AFP



FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Cameron hefur hún tryggt sér atkvæði frá fólki sem annars hefði kosið Verkamannaflokkinn. Um leið tekur hún reyndar þá áhættu að fæla frá flokknum kjösendur sem annars myndu halda sig við íhaldsflokkinn.

Sterk staða hennar myndi einnig styrkja mjög málstað Skota, sem í kosningabaráttunni síðasta haust fengu býsna afdráttarlaus loforð frá bresku stjórninni um að Skotland fengi meiri völd innan ríkjasambandsins ef sjálfstæði yrði hafnað.

Lítið hefur orðið úr efndum þeirra loforða til þessa, og kannski á það sinn þátt í hinu sterka fylgi Skoska þjóðarflokksins nú.

Sturgeon hefur sagt að Margaret Thatcher hafi verið helsti hvatinn að baki því að hún ákvað að leggja fyrir sig stjórnsmál. En með öfugum formerkjum reyndar. „Ég hataði allt það sem hún stóð fyrir,“ sagði hún um Thatcher.

Hún hefur einnig ýmsar áherslur sem eru frábrugðnar því sem stóru flokkarnir standa fyrir. Hún hefur meðal annars lagt mikla áherslu á umhverfismál og er sérstaklega áhugasöm um að Bretar hætti við að koma sér upp nýjum kjarnorkuvopnum.


Þá hefur hún boðað samvinnu við smærri flokka á borð við Græningja og Plaid Cymru, sem þar með eiga nú í fyrsta sinn raunverulega möguleika á að koma baráttumálum sínum almennilega á dagskrá í breskum stjórnsmálum.

Í TILFNI EVRÓPUDAGSINS

ÞEGAR HJÖRTUN SLÁ Í TAKT!

Íslenska Balkansveitin **Skuggamyndir frá Býsans** mátar hrynfasta tóna við kraftmikla keltneska alþýðutónlist írsku hljómsveitarinnar **FullSet**.

Evrópsk tónlistarveisla í Hörpu 10. maí kl.20.00, tileinkuð baráttunni gegn loftslagsbreytingum.



Sérstakur gestur á tónleikunum verður söngkonan **Ragnheiður Gröndal**.

**AÐGANGUR
Á TÓNLEIKANA
ER ÓKEYPIS**



Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB

EVROÞUSAMBANDIÐ BERST GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM.


Fyrstir koma, fyrstir fá.
Miðapantanir á **harpa.is**
og í miðasölu Hörpu.

8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Svanhildur Hólm Valsdóttir aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra



- AUDIBLE**
Hljóðbækur eru meiriháttar. Nota þetta til dæmis þegar ég keyri, laga til eða geng og ég sofna alltaf út frá hljóðbók. Stíll á fimmtán mínútur og veit ekki meir.
- FEEDLY**
Fréttaveitan mín. Sjar frá allt smellu-dólgadraslið og ég er eldsnögg að fara í gegnum það sem ég þarf að lesa.
- FACEBOOK**
Æ, já. Maður er ekki meira töff en þetta.
- TWITTER**
Eða jú, Twitter bjargar því sem bjargað verður. Ég er víst #hippogkúl.



- SNAPCHAT**
Hvað get ég sagt? Hvernig á maður annars að fylgjast með því hvað vinir manns drekka mikið?
- SPOTIFY**
Veit ekki hvernig ég komst í gegnum daginn án Spotify áður.
- SHAZAM**
Sniðugt app sem bjargar mér iðulega frá þráhyggju yfir að muna ekki hvað lagið í útvarpinu heitir.
- CLUE**
Ef ég hefði átt þetta app fyrir sex árum hefði yngsta barnið sennilega aldrei orðið til. Guði sé lof að ég átti ekki snjallsíma þá.

Villta vestur drónanna á enda

Samgöngustofa skilar tillögum að reglugerð um notkun dróna á næstu dögum. Erlendur aðili vill nota íslenskt loftrými fyrir tilraunaflug með dróna. Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu, segir það gott tækifæri til að nýta þá auðlind sem loftrými Íslands er.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Þegar ný, byltingarkennd tækni er annars vegar hefur síðasta öld eða svo verið gjöful, svo um munar. Í raun hafa vísindamenn, verkfræðingar og frumkvöðlar af öllum toga verið svo duglegir að við hin eigum í bölvuðum erfiðleikum með að halda í við þá. Tækninni fleygir fram og við neytendur sitjum eftir. Grunlausir – jafnvel firrtir – þátttakendur í byltingunni.

Eins og við höfum séð á allra síðustu árum fylgja þessari þróun flókin lagaleg vandamál. Hvernig komum við böndum á nýja, framandi tækni með ákvæðum og reglugerðum án þess að kæfa nýjungina í fæðingu?


Þessa daga keppast þjóðir heimsins við að koma á reglugerðum um notkun ómannaðra loftfara. Hér höfum við tækni sem er svo ný að Íslendingar hafa ekki einu sinni sammælt um hvað á að kalla hana. Flygildi segja sumir, aðrir nota dróni. Enn aðrir nota mannleysa (oftan en ekki í hálfkæringi) og síðan vill einn spekingur nota orðið svifflug, sem er mögulegt samheiti yfir sjálfan höfund orðsins, Ómar Ragnarsson (Þæling: Þetta leiðinlega suð í drónunum. Við gætum hreinlega kallað fyrirbærið ómar. Hefur jafnvel menningarsögulega tengingu. „Hvað er þetta á flugi þarna?“ „Nú, ómar auðvitað.“ – Þið þælið í þessu).

Gjöfin í ár
Lengi vel var notkun ómannaðra loftfara takmörkuð við hernað. Með ódýrri tölvutækni og skynjorum, minni myndavélum og fleiru eru drónar (það fallbeygist bara svo

vel) skyndilega að ryðja sér til rúms á almennum markaði, þrátt fyrir að vera háðir vissum tæknilegum takmörkunum þegar kemur að drægni og sjálfstýringu. Engu að síður njóta þeir gríðarlegra vinsælda.

Greiningarfyrirtækið Lux Research áætlað að í kringum 500 þúsund drónar hafi verið seldir á almennum markaði á síðasta ári. Miðað við bestu spár verða 1,6 milljónir dróna seldar á heimsvísu árið 2025. Sama spá gerir ráð fyrir að velta markaðarins nemi 28 milljörðum króna það ár. Það sem stendur helst í vegi fyrir að drónar nái slíkum vinsældum eru reglugerðir. Kanadamaður og Ástralar hafa tekið af skarið og komið á stífum reglum um notkun dróna en slíkt er vart að finna hjá öðrum þjóðum. Það er þó að fara að breytast hérna á Íslandi.

Tækifæri og takmarkanir
Samgöngustofa hefur unnið að tillögum að reglugerð um ómönnuð flugförl. Þórólfur Árnason forstjóri vonast til að skila tillögum til innanríkisráðuneytisins „öðrum hvorum megin við helgina“. Ráðuneytið taki þá við og birti drögin til almennrar umsagnar í kjölfarið.
„Þarna er verið að taka sérstaklega fyrir ómönnuð flugförl eða dróna að ákveðinni þyngd, og þeim sé flogið í ákveðinni hæð og að það sé full stjórn á þeim,“ segir Þórólfur, sem er vélaverkfræðingur að mennt, og ítrekar að eins og með leikföng af öllum toga gildi almenn landslög um ábyrgð þeirra sem er við stjórnvölinn. Jafnframt er þegar öll trúflun á flugvallarsvæðum bönnuð.
„Það er mikið verið að skoða þetta meðal erlendra þjóða og þá fyrst og fremst að gæta að einkalífi og að þetta hindri ekki aðrar loftferðir, mannaðar loftferðir. Það eru öryggissjónarmið sem við leggjum áherslu á.“
Að sögn Þórólfs hefur Samgöngu-



FLYGILDI Nú stýttist í að reglur um dróna verði kynntar.

stofa haft samráð við áhugamenn um drónatækni og fagaðila, stóru flugfélögin, ISAVIA og fleiri.
„Við höfum frekar verið að horfa á möguleikana og tækifærin sem felast í þessu. Og ég tel að það séu miklir möguleikar hérna,“ segir Þórólfur. Hann bendir á að loftrými Íslands sé nokkuð sérstakt. Við erum langt frá öðrum þjóðum, þar sem drónar eru víða bannaðir vegna hernaðarlegs mikilvægis. „Við höfum hér tækifæri til að nýta þessa auðlind sem loftrými okkar er.“
Þannig væri hægt að nýta loftrými Íslands eða svæði innan þess sem eins konar tilraunasvæði fyrir dróna. Þegar hefur borist beiðni um slíkt frá erlendum aðila en Þórólfur

getur ekki gefið upp um hvaða fyrirtæki er að ræða. „Það liggur fyrir mjög athyglisverð beiðni frá ákveðnum aðila um slíkt. Frátekið loftrými á ákveðnum stað til prófana.“
Ábyrgð notandans
Reglur geta hamlað eða örvað tækniþróun. Greinendur Lux Research benda á að framtíð drónatækninnar á hinum almenna markaði sé enn óljós. Skortur á reglum sé ekki endilega til þess að efla áhuga fólks á tækninni, þvert á móti. Þegar vafasamar uppákomur eiga sér stað grípa svifasein stjórnvöld til róttækra, jafnvel gerræðislega aðgerða með hreinu banni. Þetta hefur átt sér stað í Bandaríkjunum,

„Þarna er verið að taka sérstaklega fyrir ómönnuð flugförl eða dróna að ákveðinni þyngd, að þeim sé flogið í ákveðinni hæð og að það sé full stjórn á þeim.“
Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu
Spáni og Suður-Afríku.
„Ég hef mest hugað að því að þetta sé á ábyrgð notandans, að þessir hlutir séu merktir og að hægt sé að rekja þá til þess sem ber ábyrgð á þeim,“ segir Þórólfur.

JXD LEIKJATÖLVA
Öflug spjald- og leikjatölva með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá og ótrúlegu úrvali af leikjum og forritum!
14.900

ÓGRYNNI LEIKJA
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU

NÝ JUSTU GRÆJURNAR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM

OPÍÐ Í DAG FRÁ 11-16

HVERNIG VIRKA PENINGAR?



FRÁ ANÆÐBUM ÞÁTTAKENDUM:

„FRÁBÆRT, ÖÐRUVÍSI, SKEMMTILEGT“
„KOM Á ÖVART HVAD ÉG KOSTA Á MÁNUÐI“
„HÉLT ATHYGLI ALLAN TÍMANN“

Aukafyrirlestur vegna frábærrar mætingar

Fræðslufundur um fjármál

Í vor hafa um 1.700 manns mætt og hlustað á Jón Jónsson tónlistarmann og hagfræðing tala um fjármál fyrir ungt fólk á aldrinum 12-16 ára.

Færri komust að en vildu og verður því aukafyrirlestur í Borgartúni 19, miðvikudaginn 6. maí kl. 20.00. Húsið opnar kl. 19.30.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is

 Arion banki

TAKK FYRIR
FRÁBÆRA
MÆTINGU

ÞEGAR KÍNVERJAR HÆTTU VIÐ HEIMSYFIRRÁÐ

FLÆKJUSAGA



Illugi Jökulsson rifjar upp söguna af Zheng He sem hóf siglingar sem hefðu getað komið í veg fyrir útrás Evrópu-manna.

Kínverjar eru forsjálfir menn og hugsa ævinlega mjög langt fram í tímann. Raunar er hugsun þeirra um fortíðina sama marki brennd, þar sem aðrir þjóðir sjá misseri sjá þeir aldrei. Mannkynssöguna hugsar þeir um í miklu víðtækara samhengi en skammtsýnir Vesturlandabúar til dæmis. Og Kínverjar flana aldrei að neinu. Þegar vestrænir blaðamenn og diplómatar fengu langþráð tækifæri til að hitta ráðamenn Kína árið 1972, þegar Nixon Bandaríkjaforseti fór í heimsókn til Beijing, var Zhou Enlai forsætisráðgjafi spurður um ýmis álitamál og þar á meðal hvaða lærdóm mætti draga af frönsku byltingunni sem gerð var 1789. Þótt þá væru liðnar tæpar tvær aldir frá byltingunni hugsaði Zhou sig stuttlega um en sagði síðan: „Það er alltof snemmt að segja til um það.“ Og Kínverjar munu fyrir löngu hafa gert nákvæma og vel ígrundada áætlun um hvernig þeir ætli að ná völdum í allri veröldinni; sölsa fyrst undir sig af mikilli natni allar auðlindir, til dæmis í Afríku, síðan öðlast áhrifavald í krafti peninga, loks munu þeir hrifsa til sín pólitísk völd í krafti fjölda síns og herstyrks; við munum vakna upp í kínverskum heimi.

Óeirðir, ekki bylting


Margir hafa til dæmis lesið um þetta úthugsada samsæri í bók sænska rithöfundarins Hennings Mankells, þar sem því var lýst í hrollvekjandi smáatriðum. Og ætli áætlanir Huang Nubos um að eignast Grímsstaði á Fjöllum hafi ekki einmitt verið hluti af þessari áætlun ellegar samsæri, hvað gat Kínverji viljað með golfvöll á svo afskekktum stað nema það væri hluti af hinnu lýmskufullu og hægbara heimsvaldastefnu Kína?

En bíddu nú, nei, nei. Er þetta kannski alls ekki rétt? Zhou Enlai, ja, hann hélt vist að það væri verið að spyrja hann um stúdentaóeirðirnar í París 1968, ekki um byltinguna 1789. Og Henning Mankell var að skrifa staðlausan reyfara, ekki sagnfræðirit, þótt hann nýtti sér að vísu alkunnar flökkusögur um hið stóra plan þeirra Kínverja. Hvað vakti fyrir Nubo veit líklega enginn, en varla var það alheims-samsæri. Og þegar maður fer að skoða málið kvikna æ fleiri grunsemdir um að hugmyndirnar um samsærisvefinn sem Kínverjar spinni um okkur af svo mikilli þolinmæði séu kannski bara ný útgáfa af „gulu hættunni“, hinn rasisku vænissýki sem tók að breiðast út um Vesturlönd laust fyrir 1900 og fólst í að magna upp ótta við óðan gulan herskara sem á hverri stundu gæti ráðist fram og nauðgað og myrt heidarlegt hvítt fólk.

„Gula hættan“

En „gula hættan“ reyndist ímyndun og í spánýrri bók Jóns Orms Halldórssonar, Breyttur heimur, sem er það besta sem skrifað hefur verið um alþjóðamál á Íslandi, kemur fram að óttinn við hina slóttugu og framsýnu Kínverja sem sífellt séu að leggja gildir áratugi ef ekki aldir fram í tímann, sá óttinn sé vægast sagt stórlega ýktur. Þvert á móti einkennt allt framferði Kínverja af skammtsýni og flumbrugangi – þótt Jón Ormur orði það að vísu ekki nákvæmlega þannig. En varla sé sérstök ástæða til að óttast meinta heimsvaldastefnu Kínverja nú frekar en venjulega – vandamálin heima fyrir muni vafalítið nægja Kínverjum í fyrirsjáanlegri framtíð. Þeir hafa yfirleitt

FERÐIR ZHENG HE 1405-1433



YONGLE KEISARI



HINRIK SÆFARI

„Zheng He var upphaflega af ættum óvina Yongles og var múslimi, sem ekki var algengt í Kína, en var gripinn og geltur og gerðist tryggasti þjónn keisarans og stýrði tröllslegum flotadeildum hans um Asíu og Indlandshaf.“

horft inn á við frekar en út, og stundum virst bæði einangrunarsinnaðir og jafnvel bara einrænir í lund.

En eitt sinn var þó sú tíð að Kínverjar voru þess albúnir að leggja undir sig heiminn, þótt hvorki þeir sjálfir né aðrir virtust gera sér grein fyrir því. Þetta er einn merkilegasti kafla hjásögu sem ég þekki, hjásaga eru hugleiðingar um það sem „hefði getað orðið“ en ekki það sem varð.

Yfirburðir Vesturlanda síðustu aldirnar eiga sér rót í landafundum þeirra er hófust undir lok 15. aldar. Vesturlönd urðu rík, nýjar hugmyndir áttu greiða leið að fólki, forvitni varð dyggð, framfarir í vísindum og tækni höfðu í för með sér meiri auðæfi og hernaðaryfirburði – og svo framvegis. Og upphaf landafundanna má rekja til eins manns: Hinriks sæfara, konungssonar í Portúgal, sem hóf að senda lítill og nett skip suður með Afríkuströndum til að gá hvað væri handan næsta höfða. Og þá máttu Spánverjar ekki vera minni menn og kostuðu ferð Kólabusar til Ameríku. Og svo framvegis. Eftir á hafa menn náttúrlega fundið ýmsa sögulega nauðsyn sem rak Evrópumenn áfram við þessar miklu óvissuferðir, fyrst og fremst var það vist leitinn að kryddi.

Keisarinna fær gíraffa

En hálfri öld áður en Hinrik sæfari sendi skip sín af stað, þá voru Kínverjar komnir af stað í Suðaustur-Asíu og við Indlandshaf á svo stórum skipum og í svo tröllauknum flotadeildum að hinir vestrænu siglingamenn voru sem kornabörn í þeim samanburði. Tveir menn leika aðalhlutverk í þeirri sögu. Annar var Ming-keisarinna Yongle sem stettist að völdum 1402 og virðist hafa byrjað siglingar Kínverjar af einskærri forvitni. Hann lét byggja risavaxin skip sem fóru mörg saman um allar nálægar og fjarlægjar slóðir og um borð voru 50.000 kínverskir hermenn með alvæpni. Tilgangurinn virðist hafa verið sá einn að fá menn fólk hvarvetna til að viðurkenna dýrd keisarans í Kína og færa hina fjársjóði á borð við gíraffa og snotrar perlur og þess háttar. Aðrar kröfur gerði Yongle ekki.

Hinn var skipherra og aðmírall Yongles, stórvaxinn og kraftalegur maður að nafni Zheng He. Hann var upphaflega af ættum óvina Yongles og var múslimi, sem ekki var algengt í Kína, en var gripinn og geltur og gerðist tryggasti þjónn keisarans og stýrði tröllslegum flotadeildum hans um Asíu og Indlandshaf. Yongle dó hins vegar 1424 og eftirmenn voru ekki jafn forvitnir og skildu ekki tilganginn með að halda úti hinum mikla úthafsflota, svo eftir að Zheng He kom úr sinni síðustu ferð 1433 féllu siglingar Kínverja niður og flotinn mikli grotnaði niður og gleymdist og Kínverjar fóru aftur að horfa inn á við og þóttust öruggir bak við múrinn mikla. Það hafði sem sé engin söguleg nauðsyn drifið þessar siglingar áfram.

Glitrandi glingur og fjársjóði

En ef ... eftirmenn Yongles og Zheng He hefðu verið haldnir sömu forvitni og þeir, þá hefði verið söguleg tilviljun og jafnvel hálf-gert slys að Kínverjar skyldu EKKI leggja undir sig heiminn með því að halda áfram siglingum eftir dag Yongles og Zheng He, getum við þá ekki allt eins dregið þá ályktun að hafi líka verið tilviljun og slysi að Evrópumenn urðu allsráðandi í heiminum eftir landafundina sem Hinrik Portúgals-prins hratt af stað? Og ef hann hefði nú dáið í frumbersku, og ekki verið með þetta siglingavesin, þá hefðu ekki orðið neindir landafundir á þeim tímamarki sem raun varð á, og engin útrás Vesturlanda, engin auðæfi og nær engar tækninýjungar? Getur jafnvel hugsast að þá væri ekki enn búið að finna Ameríku?!

ráðandi í Evrópu, ekki síður en annars staðar. Og þeir hefðu í öllu falli alveg ábyggilega stöðvað útrás Evrópumanna og þar með hin síðari heimsyfirráð þeirra. En ekkert af þessu gerðist, floti Zheng He fúnaði og kínverska útrásin stöðvaðist, Kínverjar sáu ekki lengur tilganginn í að forvitnast um hvað væri handan næsta höfða og höfðu ekki áhuga á heimsyfirráðum – enda svo sem kannski ekkert fyrir Kínverja að sækja til útlanda um þær mundir nema framandleg dýr og glitrandi glingur og fjársjóði sem þó voru engin ósköp miðað við auðæfin heima í Kína.

Svo í þá tíð þurfti umheimurinn hvorki að óttast undirförla framsýni né heimsvaldastefnu Kínverja, það var heimsvaldastefna Evrópumanna sem olli vandræðum næstu aldirnar.

Hvað hefði Konfúsíus hugsað?

Og svo er rétt að geta þess að hluti ástæðunnar fyrir því að Kínverjar hættu siglingum var að líkindum sú að ýmsir þar í landi höfðu hreinlega aldrei verið sáttrir við þær. Þótt siglingarnar færðu Kínverjum nýja þekkingu og þó nokkurn auð í þeim fjársjóðum sem lafhræddir kóngar og furstar hvarvetna flýttu sér að færa Zheng He hvar sem hann kom að ströndum, þá töldu ýmsir háttsettir Kínverjar að það væri andstætt kennitungum mikla vitra Konfúsíusar að neyða fólk til að lúta valdi sínu með gróðasjónarmið að leiðarljósi. Heimsvaldastefna var sem sé beinlínis andstæð hugsun þeirra.

En svo kann þessi saga líka að kveikja aðra hugmynd. Eg sagði hér áðan að engin nauðsyn hefði kveikt siglingar Kínverja, en sú hefði ekki verið raunin um upphaf siglinga Evrópumanna hálfri öld síðar. En er það rétt? Getur verið að sú „nauðsyn“ sem við þykjumst nú sjá að hafi hrint af stað hinum evrópsku skipum, og felst aðallega í eftirsókninni eftir kryddi, sé bara eftiráskýring? Af því menn hafi ekki treyst sér almennilega til að horfast í agu við að landafundirnir miklu hafi í reynd sprott- ið af miklu einfaldari ástæðu – forvitninni í Hinriki sæfara? Þar hafi engin söguleg „nauðsyn“ verið að baki, ekki frekar en hvað snerti siglingar Kínverja sem voru jú fyrst og fremst áhugamál þeirra Yongle og Zheng He.

Yfirráð Evrópumanna tilviljun?

Það er að segja: Ef við ályktum að það hafi verið söguleg tilviljun og jafnvel hálf-gert slys að Kínverjar skyldu EKKI leggja undir sig heiminn með því að halda áfram siglingum eftir dag Yongles og Zheng He, getum við þá ekki allt eins dregið þá ályktun að hafi líka verið tilviljun og slysi að Evrópumenn urðu allsráðandi í heiminum eftir landafundina sem Hinrik Portúgals-prins hratt af stað? Og ef hann hefði nú dáið í frumbersku, og ekki verið með þetta siglingavesin, þá hefðu ekki orðið neindir landafundir á þeim tímamarki sem raun varð á, og engin útrás Vesturlanda, engin auðæfi og nær engar tækninýjungar? Getur jafnvel hugsast að þá væri ekki enn búið að finna Ameríku?!

FERÐIR

LAUGARDAGUR 2. MAÍ 2015



Ferðast um Vestfirði í heilt ár

Haukur Sigurðsson, mannfræðingur og leiðsögumaður, stendur að baki skemmtilegri vefsíðu sem heitir Bestfjords.is. Er það hluti af árslöngu verkefni hans fyrir Markaðsstofu Vestfjarða en Haukur mun ferðast um Vestfirði, taka myndir af ævintýrum sínum og segja sögur af stöðum og fólki.



Haukur fór í kajakferð í mars ásamt Maik Brötzmann og svo gistu þeir í tjaldi undir blikandi norðurljósum.

MYND/HAUKUR SIGURÐSSON

Verkefnið miðar ekki bara að því að sýna ævintýralandið Vestfirði. Það miðar einnig að því að kynna fólkinu sem hér býr og segja sögur af því. Það hafa nefnilega ekki allir áhuga á skíðamennsku, kajakróðri eða hestum, en langflestir hafa áhuga á fólki," segir Haukur Sigurðs-

son, ljósmyndari, leiðsögumaður og mannfræðingur, sem býr á Ísafirði og vinnur nú að afar skemmtilegu markaðsátaki sem á að auka áhuga ferðafólks á Vestfjörðum.

„Þessi hugmynd kom upp síðasta sumar en þau hjá Markaðsstofu Vestfjarða voru á höttunum eftir ljósmyndum fyrir

kynningarefnið þeirra. Ég kom með þá hugmynd að gera þetta að ársverkefni og vel var tekið í það - enda nauðsynlegt að kynna Vestfirði á öllum árstíðum," lýsir Haukur sem hefur frá ársbyrjun starfað við það að koma Vestfjörðum betur á kortið. „Ég mun ferðast um Vestfirði og lenda í ævintýrum,

safna ljósmyndum, myndböndum og sögum á ferðum mínum og skrifa texta um það sem fyrir augu ber," segir Haukur en bloggsíðan Bestfjords.is er stór hluti af verkefninu.

Á stöðugu flandri

Bestfjords.is var opnuð formlega fyrir rúmum mánuði. „Ég

skrifa mestallt sjálfur á ensku en hef þó fengið enskumælandi fólk til að lesa yfir hjá mér og færa í stílinn," segir Haukur sem hefur nú þegar ferðast mikið um Vestfirði. „Í janúar fór ég í tveggja vikna ferð um alla Vestfirði, keyrði á Strandir og sunnanverða Vestfirði sem ég hafði aldrei gert að vetri ▶

OptiBac probiotics



„Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað“



Víðir Þór Prastarsson, íþróttá- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

PRENINJIS

@OptiBac

www.facebook.com/optibaciceland

► til. Í sumar verð ég á miklu flandri á milli staða, sérstaklega þegar heiðarnar verða opnaðar," segir Haukur sem reiknar með að vera á faraldsfæri um Vestfjarðakjálkann út árið og hefur engar áhyggjur af því að verða uppiskroppa með áhugaverða staði eða fólk til að heimsækja.

Þótt Haukur sjái að mestu um skriftir er hugmyndin að hann fái fleira fólk til að leggja hönd á plóg. „Fyrir nokkru var til dæmis fjögurra manna hópur skíðamanna og ljósmyndara á ferð í Norðurfirði á Ströndum. Þar dvaldi hann í viku við ljósmyndun og skriftir og afrakstur þeirrar vinnu fer á síðuna.“

Lítt þekktur ævintýraheimur

Þótt Vestfirðir skarti ægifagurri náttúru og mörgum afþreyingar- og útivistarmöguleikum er ferðamannastraumurinn þangað í minna lagi. „Ég las það einhvers staðar að innan við tvö prósent útlendra ferðamanna komi til Vestfjarða," segir Haukur enda sé stemningin allt önnur þar en á Suðurlandi. „Það er ekkert gullæði hér í ferðamannabransanum eins og á Suðurlandi þar sem hótélín eru uppbókuð allan ársins hring. Hér er allt miklu rólegra og frá október og fram í mars er viðburður að sjá ferðamann úti á götu," segir hann glettinn. Þessi ferðamanna- og íbúafæð er þó einnig það sem mörgum þykir heillandi.

Að mati Hauks hafa Vestfirðir ekki verið nógu vel kynntir sem áfangastaður og nú er ætlunin að gera skurk í því, til dæmis með hinni skemmtilegu síðu Bestfjords.is. „Við munum herja á samfélagsmiðlana og önnur forrit eins og Instagram. Við fáum nú þegar meiri dreifingu á ýmsum miðlum á netinu vegna Bestfjords-síðunnar, til dæmis á síðum á borð við Inspired by Iceland. Svo erum við í góðu samstarfi við Ferðamálastofu til að koma okkur á framfæri. Ég held að við séum núna að standa okkur mjög vel í þessum málum miðað við aðrar markaðsstofur landshlutanna," segir Haukur og vonast til að ferðamenn muni kveikja á perunni og heimsækja Vestfirði í meiri mæli.



Maik Brötmann rær hér úti fyrir Foflafæti í Ísafjarðardjúpi.

MYNDR/HÁUKUR SIGURÐSSON



Haukur Sigurðsson.



Frá Pollinum í Tálknafirði.



Guðmundur Björnsson fyrir framan 29 ára gamlan Suzuki Fox-jeppann sinn á Hólmavík.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512 5446

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

LÆRÐU UM LEIÐ OG ÞÚ FERÐAST

Ferðaskrifstofan Mundo verður með kynningarfund þriðjudaginn 5. maí á Hallveigarstöðum.

- 17:00-18:00 Sumarbúðir á Spáni og í Þýskalandi
- 18:00-19:00 Hjóla og gönguferðir um Jakobsveg
- 19:00-19:15 Menningarferð til Íran
- 19:15-19:30 Marokkóferð - gönguferð og strönd
- 19:30-20:30 Rútuferð eftir Jakobsvegi fyrir 60+
- 20:30-21:00 Hlaupaferð umhverfis Mont Blanc
- 21:00-21:30 Gönguferð umhverfis Mont Blanc
- 21:30-22:00 Hjólaferð umhverfis Mont Blanc

MUNDO
www.mundo.is



Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is



Audrey, Jay og Camilla fikra sig upp gilið fyrir ofan Flateyri.



Ískliframir Viðar og Sigga eru hér mætt í kaffi og meðði til Begga og Lóu á Mýrum í Dýrafirði eftir vel heppnaða klifurferð.



Gott er að ylja sér í heitu pottunum á Drangnesi meðan brimið dynur á grjótgardinum.



ÚRVAL ÚTSÝN

Sumarið bíður eftir þér

Verð eru birt með fyrirvara um prenvíttur og stafabrengl.



TENERIFE

Eitthvað fyrir alla. Fjölbreytt úrval gistaða, afþreying, stórkostlegur dýragarður og einstakur vatnsrennibrautagarður.

NETVERÐ FRÁ **89.900 KR.** mv. 2+2 AGUAMAR***
27. maí – 3. júní
VERÐ FRÁ 99.900 KR. MV. 2 FULLORÐNA



ALMERÍA

Fjölskylduvænn staður, hagstætt verðlag og allt það besta sem spænsk menning hefur upp á að bjóða.

NETVERÐ FRÁ **89.900 KR.** mv. 2+2 ARENA CENTER****
25. ágúst – 1. september
VERÐ FRÁ 108.900 KR. MV. 2 FULLORÐNA



COSTA BRAVA

Sameinar strönd og borg enda skammt frá Barcelona. Kjörinn staður fyrir þör og fjölskyldur sem vilja slaka á og drekka í sig spænska menningu.

NETVERÐ FRÁ **85.900 KR.** mv. 2+2 COSTA ENCANTADA****
22.–30. maí
VERÐ FRÁ 103.900 KR. MV. 2 FULLORÐNA



MALLORCA

Fjölskylduparadís: dagflug, góð hótél, barnaklúbbur og steinsnar frá hinni dásamlegu borg Palma.

NETVERÐ FRÁ **89.900 KR.** mv. 2+2 PORTO DRACH****
7.–14. júlí
VERÐ FRÁ 120.000 KR. MV. 2 FULLORÐNA



GARDAVATNIÐ

SÉRFERÐ

4 sæti eftir

13.–20. júní. Ein þekktasta perla Norður-Ítalíu. Í skjóli Alpenna í norðri og með Pó-sléttuna fyrir sunnan liggur þetta stærsta vatn Ítalíu.

NETVERÐ FRÁ **194.600 KR.** FARARSTJÓRI:
Hlíf Ingibjörnsdóttir



ÍTALÍA HEILLAR

SÉRFERÐ

2 sæti eftir

20.–27. júní. Dýrðardvöl við Lago Maggiore og Comovatt þar sem Alpafjöllin teygja sig suður á Ítalíu liggja nokkur undurfögur stöðuvötn.

NETVERÐ Í TVÍBÝLI **109.900 KR.** Fararstjóri:
Ása Marín Hafsteinsdóttir og Einvarður Jóhannsson



ÍTALSKA RIVÍERAN

SÉRFERÐ

4 sæti eftir

6.–13. júní. Margrómaðar perlur Lígúríu og Toskana kannaðar.

NETVERÐ Í TVÍBÝLI **239.500 KR.** Fararstjóri:
Ágústa Sigrún Ágústsdóttir



SLÓVENÍA

SÉRFERÐ

7.–15. ágúst. Sumar og sæla í Mið-Evrópu. Litla fallega landið sólmegin í Ölpunum.

NETVERÐ Í TVÍBÝLI **217.500 KR.** Fararstjóri:
Ása María Valdimarsdóttir



SUMAR 2015

STRÖND, SÓL, BORG, SIGLING, AFÞREYING, ÍÞRÓTTIR, GOLF OG SÉRFERÐIR.

VELDU STUND OG STAÐ – VIÐ SJÁUM UM ALLT ANNAD

Meiri sól með Gaman Ferðum!

Costa Brava
Aqua Montegut Hotel ****

Frá: **77.000 kr.**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára).* Ferðatímabil frá 6. júní 2015. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur, hálf fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

*Verð á mann frá 91.600 kr. miðað við 2 fullorðna.

Alicante
Albir Playa ****

Frá: **95.900 kr.**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára).* Ferðatímabil frá 1. júní 2015. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur, hálf fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

*Verð á mann frá 115.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

Tenerife
Apartmentos Aguamar ***

Frá: **79.100 kr.**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn eða 4 fullorðna.* Ferðatímabil frá 4. júlí 2015. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur og 20 kg taska báðar leiðir.

*Verð á mann frá 93.800 kr. miðað við 2 fullorðna.

Tenerife
Costa Adeje Palace ****

Frá: **103.900 kr.**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-6 ára).* Ferðatímabil frá 1. júní 2015. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

*Verð á mann frá 126.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

Gaman
Ferðir



www.gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air



Í Kibo hut-grunnbúðunum fyrir toppinn. Þarna var hópurinn búinn að að ganga í sex tíma og var að undirbúa sig fyrir að gangan á toppinn hæfist.

MYNDIR ÚR EINKASAFNI

Smitaðist af Afríkubakteríunni

Helga Sigurbjarnadóttir gekk á hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro, fyrir stuttu ásamt hópi Íslendinga. Hún segir engan vafa á að hún fari aftur til Afríku, upplifunin hafi verið það mikil, landslagið fallet og fólkið skemmtilegt.

Það sem kom Helgu Sigurbjarnadóttur innanhússhönnuði helst á óvart á ferðalagi sínu um Afríku var hvað fólk var almennt glatt og hamingjusamt þrátt fyrir að hafa ekki mikið á milli handanna. Hún fór ásamt eiginmanni sínum, Gunnari Má Gunnarssyni, og fleiri Íslendingum til Tansaníu til að klífa Kilimanjaro, hæsta fjall Afríku. „Við byrjuðum á að vera í einn og hálfan dag í bæ sem heitir Moshi, tókum svo fjóra daga í að fara upp fjallið og vorum tvo daga á leiðinni niður,“ segir Helga.

Þegar Helga og samferðamenn hennar voru að hefja gönguna upp fjallið var keyrt upp í lítinn bæ sem er í um tvö þúsund metra hæð. Þar mættu þau börnum sem voru að koma heim úr skólanum. „Börnin búa þarna í skóginum og ganga um tíu kílómetra í og úr skóla á hverjum degi og ekkert endilega í skóm sem eru í þeirra númeri, það var ótrúleg upplifun að koma þarna. Það var líka afskaplega fallet þarna og gangan var skemmtileg. Í byrjun göngunnar var mikið af gróðri, sól og um þrjátíu stiga hiti. Þegar við vorum komin efst upp í fjallið var umhverfið orðið frekar tungllegt og hitastigið um frostmark þannig að landslagið og umhverfið allt var mjög ólíkt á leiðinni.“

Ekki svo erfið ganga

Til þess að ganga á Kilimanjaro segir Helga ekki nauðsynlegt að vera þaulvanur fjallgöngugarpur. „Gangan er tæknilega séð ekki erfið þótt það sé að sjálfsögðu gott að hafa gengið eitthvað áður en lagt er í hann. Það sem er erfiðast við það að fara upp fjallið er hæðaradlögunin, að vera í þessu þunna lofti. Það er ekki hægt að æfa fyrir það og það fer mismunandi í fólk. Þegar við komum þreytt niður fjallið og súrefnið jókst þá urðu allir svo glaðir að



Á leiðinni upp fjallið var umhverfið fjölbreytt, neðarlega var mikið um gróður en ofar var það líkt og á tunglinu.



Þessa glöðu krakka hittu Íslendingarnir á leiðinni upp Kilimanjaro.

geta andað eðlilega aftur og allt varð eitthvað svo fallet. Það var sérstaklega gaman að koma inn í regnskógana, að sjá alla fegurðina, finna lyktina og heyra hljóðin.“

Í fylgd milli herbergja

Hópurinn fór einnig í tvo safarígarða í ferðinni og segir Helga að skemmtilegt hafi verið að fylgjast með dýrunum í sínu náttúrulega umhverfi. „Það var magnað að sjá það, ljónin lágu bara í makindum við hliðina á bílnum sem við vorum í og þegar við fórum úr herberginu okkar niður í veit-

ingasalinn var okkur fylgt því ljónin geta komið alla leið inn. Hótelid sem við gistum á var inni í safarígarðinum og einu sinni þegar við sátum úti á svölum og vorum að njóta frísins þá komu fílar inn í garðinn og við gátum þá séð þá í mikilli nálægð,“ segir Helga.

Margir þeirra sem ferðast til Afríku segja það líkt og að sýkjast af bakteríu því þeir vilji fara þangað aftur og aftur. Helga tekur undir það. „Jú, „Afríkubakterían“ er bráðsmitandi, það er engin spurning um að ég ætla að fara þangað aftur,“ segir hún og brosir.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



VINSÆLL

Örn Árnason leikari á glæstan feril að baki. Nú leikur hann í þremur vinsælustu leikritum landsins í Borgarleikhúsinu. SÍÐA 2



KAFFIKARL

Rögvaldur Bragi Rögvaldsson, gítarleikari í Hvanndalsbræðrum, er kaffikarl. Hann vill kaffið sterkt og án bragðefna. SÍÐA 4

natures aid

30% afsláttur

Við kynnum nýja margverðlaunaða vítamínlínu frá Natures aid

GAMLA APÓTEKID



BETRI LÍÐAN Edda Snorradóttir er ánægð með Bio-Kult Pro Cyan.

MYND/VILHELM

LAGAÐIST AF BLÖÐRUBÓLGUNNI

ICECARE KYNNIR Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Edda Snorradóttir losnaði við sýklalyf.

Edda Snorradóttir er 81 árs. Hún vill gjarnan deila reynslu sinni af Bio Kult Pro Cyan sem vinnur á þvagfærasýkingum. „Ég hef frá því að ég var rétt rúmlega 70 ára fengið þvagfærasýkingar og þurfti alltaf að vera á lyfjum vegna þess. Það er mjög hvítleitt að þurfa að kljást við blöðrubólgu og ég var orðin frekar þreytt á því. Ég kynntist Bio Kult Pro Cyan fljótlega eftir að það kom á markað eða fyrir um það bil tveimur árum. Ég hef notað það síðan. Ég tek tvö hylki á dag og sleppi aldrei úr degi því að mér líður svo vel að vera laus við blöðrubólgu.“

Ég er svo ánægð að vera laus við þetta vandamál og mæli heilshugar með Bio Kult Pro Cyan,“ segir Edda.

Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio Kult Pro Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Háþróuð þrívirka formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás.

HYLKIN INNIHALDA

- Trönuberjabykkni (Cranberry extract 36 mg PACs)
- Mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, Styrkur: 1 milljarður)
- A-vítamín 320 µg (900 iu, 40% af RDS).

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fánlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

dr.organic

Dregur úr hrukkum, örum og bólum.

Fæst í Heilsuhúsinu.

Bólurnar burt fyrir sumarið!

20% afsláttur í maí

Antiac

Náttúrulegar húðvörur
Liquid Sprey, Gel Serum, Face Wash og Face Wipes
Valið besti bólubaninn
Einfalt í notkun

- Bólur - Kýli - Filapenslar - Hreinsilína

Inniheldur EKKI: stera, paraben, sýklalyf, alkóhól og peroxíð

Fánlegt í öllum helstu apótekum og heilsubúðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

Hávaði skaðar heyrnina



Heyrnarskerðing er varanleg
Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana. Tónlistarfólk notar heyrnarskur sem dempa hávaða án þess að þær breyti blöndun og tónblæ hljóðsins. Bjóðum fjölbreytt úrval bæði af stöðluðum og sérsníðnum heyrnarsjum.



HEYRN

www.heyrn.is

Hlíðasmára 11 - Kópavogi - 534-9600

SVARTI HUNDURINN



ER RAUNVERULEGUR

*Geðhjálp býður til málþings um þunglyndi í tilefni af útgáfu bókarinnar **Ég átti svartan hund eftir Matthew Johnstone***

Hótel Reykjavík Natura, miðvikudaginn 6. maí frá kl 14 til 17.00.

*Fundarstjóri **Anna G. Ólafsdóttir**, framkvæmdastjóri **Geðhjálpar***

- 14.00 – 14.15 Í föruneysi Svarta hundsins. **Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar.**
- 14.15 – 14.30 Í feluleik með Svarta hundinum. **Kara Ásdís Kristinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Geðhjálpar.**
- 14.30 – 15.30 Tamið og talað um Svarta hundinn. **Matthew Johnstone, höfundur Ég átti svartan hund.**
- 15.30 – 15.45 Tónlistaratriði. **Magga Stína.**
- 15.45 – 17.00 Samstuð. **Veitingar, bóksala, áritun höfundar.**

Matthew Johnstone heldur einnig fyrirlestur um seiglu á Kex Hostel laugardaginn 9. maí kl. 11.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á viðburðina með nafni í gegnum netfangið **verkefnisstjori@gedhjalp.is**. Aðgangur ókeypis.



SAKNAR SPAUGSTOFUNNAR

ALLTAF VINSÆLL Örn Árnason leikari hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hann leikur í þremur vinsælum sýningum í Borgarleikhúsinu, *Beint í æð*, *Línu Langsokk* og *Billy Elliot*. Það þýðir að hann er sjaldan heima.

Leikarastarfið verður seint talið fjölskylduvænt. Vinna öll kvöld og helgar. Þessa helgi verð ég því að mestu í leikhúsinu," svarar Örn þegar hann er spurður hvernig hann hyggst verja helginni. Örn leikur þabba Línu Langsokks og þar sem hún er með eindæmum vinsæl eru margar sýningar um helgar. „Mínar helgar fara í að skemmta fólki. Hversu vel sýningarnar ganga er bara lúxusvandamál," segir hann og hlær. „Það er draumur hvers leikara að sýningunum sé vel tekið. Stundum gengur vel og stundum ekki," segir Örn sem segist ekki hafa lent í því að hlaupa í sjóræningjafötum úr Línu Langsokk inn á svið breskra verkamanna í *Billy Elliot*. „Annars er það misjafnt hvað fólki finnst skemmtilegt. Einu sinni lék ég í mjög þungu dramatísku leikverki þar sem söguhetjan framdi sjálfsmorð. Eftir sýninguna kom eldri kona baksviðs og sagði: „Mikið óskaplega var gaman.“ Líklegast finnst flestum alltaf gaman að koma í leikhús."

GÓÐIR VINIR

Örn segist sakna Spaugstofunnar, enda starfaði hún í 20 ár. „Hún var hluti af lífi mínu. Svona er leikhúsið, sýning gengur vel um tíma og svo er hún búin. Þessi Spaugstofuleiksýning entist óvenju lengi. Við skemmtum okkur alltaf vel á meðan á þessu stóð, það var gaman í vinnunni á hverjum degi. Við félagarnir erum núna hver á sínum staðnum en hittumst reglulega. Við erum góðir vinir utan leikhússins. Okkar bestu stundir eru plokfkiskur í hádeginu á Múla-kaffi," segir Örn léttur í skapi.

Utan leikhússins hefur Örn starfað hjá fyrirtæki sem heitir Gerum betur ehf. „Ég fer á milli fyrirtækja með litlar hugvekjur sem fjalla annars vegar um fyrirbærið „hrós“ og hins vegar „samstarfsmaður“. Ég vinn þetta svolfítið út frá upplifun minni í leikhúsinu. Ég bendi fólki á hvað það getur verið gott að vinna saman ef maður lætur sér líða vel á jákvæðum nótum. Þetta hefur gengið mjög vel. Ég tala og fólk hlustar, síðan tek ég gjarnan eitt lag í lokin. Hrós getur verið árangursrík aðferð til að láta sér og öðrum líða vel í vinnunni."

FYRIR ÚTLENDINGA

Þetta er ekki það eina því undanfarin ár hefur Örn verið með leikþátt á ensku í Hörpu ásamt Karli Ágústi Úlfssyni. Þessi sýning heitir *How to Become Icelandic in 60 Minutes* og fer fram á ensku fyrir útlendinga. „Við Karl skiptum þessu á milli okkar þar sem þetta er dagleg sýning," útskýrir hann.

Þegar Örn er spurður hvenær hann hafi tíma fyrir fjölskylduna, svarar hann: „Sonur minn býr á Akureyri ásamt konu og þremur börnum, ein dóttir mín býr í Nor-egi og önnur hér í bænum. Leikhúsið kemur auðvitað í veg fyrir mikil ferðalög svo maður hittir ekki fólkið sitt eins oft og maður vildi. Það koma þó alltaf smá gótt



ALLTAF GAMAN Örn hefur alltaf haft nógu að gera og núna skemmtir hann leikhúsgestum Borgarleikhússins í þremur vinsælum sýningum.

MYND/VALLI



SPAUGIÐ Örn segir að þeir félagar hittist oft, enda nær vinkapurinn langt út fyrir leikhúsið.

á milli sýninga en það eru bara lítil nálargöt. Sumarfríð fer svo líklega í leik í Hörpu."

EKKI FJÖLSKYLDUVENT

Örn á farsælan feril að baki í leikhúsinu og hefur alltaf haft nógu að gera. „Já, ég er mjög sáttur við leikferil minn," segir hann. Faðir hans, Árni Tryggvason, átti sömuleiðis farsælan leikferil. Hann er núna orðinn 91 árs. „Hann fylgdist alltaf með mér eftir því sem hann getur. Ellimerkin eru auðvitað farin að gera vart við sig," segir Örn, sem fylgdi föður sínum oft í leikhús á yngri árum. „Ég sótti þabba oft í leikhúsið þegar ég var kominn með bílpróf. Þá settist ég inn á sýningar meðan ég beið eftir honum. Það má vera að þetta hafi haft áhrif á að ég fetaði þessa braut. En pabbi hvatti mig ekki til þess. Sérstaklega þar sem þetta er ekki fjölskylduvænt starf, setur miklar kröfur á maka og börn. Leikari missir af mörgum viðburðum í fjölskyldunni. Þar utan getur

hann ekki hringt sig inn veikan. Ég get nefnt dæmi um tvo unga leikara sem ég starfa með núna og eiga von á börnum. Þeir eru afar stressaðir yfir að börnin komi í heiminn í miðri leiksýningu. Þá reynum við auðvitað að bjarga málum og hlaupa inn í hlutverkin þeirra en þetta getur verið snúið," segir Örn.

Þrátt fyrir allt er leiklistin eftirsóknarverð hjá ungu fólki og færri fá hlutverk en vilja. „Leikurum hefur fjölgað mikið en margir eru mjög duglegir að bjarga sér með alls kyns uppákomum. Menn skapa sér vettvang sem er frábært," segir Örn.

Í *Billy Elliot* eru verkamenn í verkfalli í heilt ár án árangurs. Það er drungi verkfalls og fátæktar í verkinu. Þegar Örn er beðinn um að koma með gullkorn úr hugvekjum sínum svona í lokin, núna þegar verkföll eru yfirvofandi í þjóðfélaginu, er hann fljótur að svara; „Hrós er sólskin í orðum."

elin@365.is

Stærðir
36-56

Sumarfatnaður á FRÁBÆRU verði!

Golfdagar í Kringlunni dagana 30. apríl - 3. maí

T Í S K U H Ú S



BOLUR
VERÐ 2.990
S-XXXL



SKOKKUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
Ein stærð



BUXUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
36-56



KJÓLL
VERÐ 4.990
S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
S-XXXL



BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 1.990
S-XXXL



PILS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
S-XXXL



SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
S-XXL



GOLLA
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.490
S-XXXL



LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
S-XXXL




BOLUR
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
S-XXXL

 Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook

1. hæð Kringlunnar

Hægt er að panta í síma: 551-1314



OptiBac
probiotics

For every day

EXTRA STRENGTH

OptiBac
probiotics

We're here to help, naturally!

Your premium daily supplement with 20 billion live cultures per capsule, and L. acidophilus NCFM®

Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað

Víðir Þór Prastarsson, íþrótt- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

Fæst í apótekum og heilsubúðum



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolphostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent, október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

VILL KAFFIÐ MEÐ KAFFIBRAGÐI

SEFUR ALDREI ÚT Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson spilar á tvennum tónleikum í kvöld á Græna hattinum með hljómsveit sinni Hvanndalsbræðrum. Hann sefur aldrei út þótt glaður vildi og finnst best að byrja daginn á smurstöðvarkaffi.

Ég ætla að eyða kvöldinu með félögum mínum í Hvanndalsbræðrum á Græna hattinum á Akureyri. Við ætlum að halda þar tvenna útgáfutónleika til að fagna útgáfu sjöundu plötu okkar, sem ber heitið „Hvanndalsbræður klappa ketti“. Við spilum nýju plötuna í bland við eldra efni. Þetta er splunkuný plata sem kom út á alþjóðlega plötubúðadeginum, sem var jafnframt afmælisdagur Vals trommara,“ segir Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson, uppistandari og gítarleikari hljómsveitarinnar Hvanndalsbræðra, þegar hann er spurður út í helgarplönin.

Kvöldið ætlar hljómsveitin að hefja á því að fara út að borða og skella í sig einum eða tveimur köldum fyrir tónleikana.

„Það er að segja ég, strákarnir drekka bara Pepsi max enda hættir að drekka blessaðir,“ segir Rögnvaldur spóskur.

FÍN FÖT OG FÍFLAGANGUR

Gegnum árin hefur jafnan verið stutt í glens og grín hjá Hvanndalsbræðrum og reiknar Rögnvaldur með að það verði einnig í kvöld.

„Við vorum sérstaklega duglegir að fíflast í upphafi ferilsins en það var nú aðallega af því að við kunnum svo fá lög og þurftum að fylla upp í dagskrána. Svo hefur þetta bara haldið áfram þó að nú höfum við úr nógu efni að móða. Það verða örugglega einhver fíflalæti í kvöld, allavega í hinum strákunum.“

„Við Hvanndalsbræður höfum líka alltaf lagt mikið upp úr fágúðum klæðnaði og munum verða klæddir í okkar fínasta dress í tilefni dagsins. Greiðslan verður sérstaklega vönduð í upphafi kvölds. Þetta verða annars tvennir tónleikar, bæði klukkan átta og ellefu.

VAKNAR EKKI AÐ EIGIN ÓSK

Það eru mörg ár síðan ég svaf út. Ég er yfirleitt vaknaður á milli klukkan sex og sjö og það er ekkert endilega vegna þess að ég kjósi það en hausinn á mér virðist halda að þetta sé mín heitasta ósk og þetta er ekkert að fara að breytast,“ segir Rögnvaldur þegar hann er spurður út í venjulega helgarrútinu.

„Flestar helgar er ég í einhverju skemmtanastússi en ég passa að hafa alltaf helgar á milli þar sem ég er heima og hef það huggulegt með mínu fólki,“ segir Rögnvaldur, en hann á þrjá stráka með eiginkonu sinni, Birnu Guðrúnu Baldursdóttur.

„Ég eyði langmestu af mínum frítíma í að hlusta á tónlist og get hlustað tímunum saman á plötur og diska en stundum sest ég niður og horfi á eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu. Finnst bara svo sjaldan eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu og svo les ég oftast í bók áður en ég fer að sofa. Reyndar er ég svo kvöldsvæfur að yfirleitt næg ekki



að lesa nema 2-3 blaðsíður á kvöldi. Þykk bók getur enst mér árum saman.

SMURSTÖÐVARKAFFI OG DÝR Í MATINN

Kaffi er yfirleitt það fyrsta sem fer inn fyrir mínar varir á morgnana en eftir svona tvo tíma fæ ég mér ristað brauð og kaffi og svo aðeins meira kaffi og einstaka sinnum útbúum við okkur morgunmat með öllu, egg, beikon, rúnstykki, pylsur, baunir, pönnukökur, svona þetta helsta sem líkaminn þarf á að halda. Svo er ég svo gamaldags að ég vil hafa kaffið mitt með kaffibragði og ekki láta hræra einhverju helvítis drasli saman við það. Ég kalla þetta stundum smurstöðvarkaffi sem ég drekk, svona kaffi eins og maður fær gefins á smurstöðvum.

Við fjölskyldan gerum oft vel við okkur í mat um helgar og eldum þá eitthvað sem er verulega þungt í maga eins og nautasteik, lambalæri, hrygg eða einhver önnur dýr sem einhverjir bændur eru hættir að nota.

MEIRA TÓNLEIKAHALD

Næstu helgi erum við bræðurnir að spila í skemmtidagskrá sem ber heitið „Lúðar og létt tónlist“ og þar komum við fram ásamt Gísla Landa Einarssyni og eftirhermunni síkátu Sólmundi Hólmi. Þetta prógramm höfum við flutt tvisvar fyrir fullu húsi, fyrst í Hofi herna á Akureyri og síðan í Hjálmakletti í Borgarnesi en um næstu helgi verðum við í Valaskjálfi á Egilsstöðum.“ ■ heida@365.is

EKKERT DRASL Í KAFFIÐ

Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson tónlistarmaður spilar á Græna hattinum á Akureyri í kvöld en hljómsveit hans Hvanndalsbræður fagnar útgáfu sinnar sjöundu plötu. MYND/BIRNA GUÐRÚN BALDURS-DÓTTIR

FÁGAÐIR

„Við Hvanndalsbræður höfum líka alltaf lagt mikið upp úr fágúðum klæðnaði og munum verða klæddir í okkar fínasta dress í tilefni dagsins.“

QUESADILLAS MEÐ CHORIZO

Þetta er vinsæll mexíkóskur réttur sem einfalt er að gera.


Ágætis millibiti eða forréttur, eða bara sem nasl á síðkvöldi.

150 g chorizo-kryddpylsa
6 tortillur
200 g rifinn ostur
1 rauður chilli-pipar

Skerið pylsuna smátt. Kljúfið chilli-piparinn í tvennt og fræhreinsið. Setjið chorizo,

chilli-pipar og ost á helminginn á tortillu. Leggið hana saman til helminga. Grillið á báðum hliðum þar til osturinn er bráðnaður. Skerið í þríhyrninga og berið fram. Ágætt er að bera salsósú og sýrðan rjóma fram með kökunum. Það er þó ekki nauðsynlegt. Athugið að chorizo-pylsur eru mismunandi sterkar.

Hægt er að grilla quesadillas á samlokugrilli, útigrilli eða á pönnu.





Lögfræðingur á sviði skattamála

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis lýtur meðal annars að yfirstjórn ríkisfjármála og efnahagsmála. Þar er mótuð stefna um tekjuöflun og skattamál ríkisins. Ráðuneytið hefur gildin frumkvæði, fagmennska og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni. Ráðuneytið auglýsir starf lögfræðings á sviði skattamála.

Helstu verkefni:

Helstu verkefni lögfræðingsins eru á sviði skattlagningar fyrirtækja. Hér undir fellur samning lagafrumvarpa og reglugerða og afgreiðsla fjölbreyttra stjórnsýsluerinda sem berast ráðuneytinu bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Í starfinu felst einnig að leiða starfshópa og nefndir sem skipaðar eru vegna framangreindra verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögum.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla á sviði skattamála er æskileg og þekking á sviði hagfræði eða viðskiptafræði er kostur.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

Útibússtjóri í Vestmannaeyjum

Landsbankinn auglýsir starf útibússtjóra í Vestmannaeyjum laust til umsóknar. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun til að leiða starfsemi útibúsins.

Helstu verkefni

- » Yfirumsjón með öllum rekstri útibúsins
- » Yfirumsjón með þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina
- » Fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- » Virk þátttaka í markaðsstarfi og öflun nýrra viðskipta
- » Eftirlit og ábyrgð á arðsemi, áhættu og vanskilum

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun og yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- » Góð þekking á starfsemi fjármálaframtækja
- » Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og fagmennska í starfi
- » Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson mannauðsstjóri í síma 410 7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Útibússtjóri í Vestmannaeyjum“ fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.





Ertu skapandi?

Framkvæmdsýsla ríkisins leitar að öflugum og skapandi verkefnastjórum. Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins, FSR, er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins. Stofnunin starfar í krefjandi umhverfi og er hæft starfsfólk grunnstoð hennar.

VERKEFNASTJÓRI – ARKITEKT / BYGGINGAFRÆÐINGUR

Starfssvið:

- Almenn verkefnastjórnun við undirbúning framkvæmda
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál
- Gerð þarfagreininga og húsrýmisáætlana
- Gerð frumathugana og umsagna um frumathuganir
- Umsjón með áætlanagerð
- Umsjón með hönnunarsamkeppnum
- Gerð hönnunar- og verksamninga
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð
- Þátttaka í frumkvæðisverkefnum s.s. innleiðingu á notkun verkefnavefja, upplýsingalíkana mannvirkja og umhverfsvottunarkerfa í byggingariðnaði á Íslandi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í arkitektúr eða byggingafræði
- Reynsla og þekking af umræddu starfssviði
- Reynsla í hönnun og notkun hönnunarhugbúnaðar
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Reynsla og þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur

VEKRKEFNASTJÓRI – UMHVERFISMÁL

Starfssvið:

- Miðlun þekkingar og reynslu FSR á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja, innan stofnunar sem utan
- Umsjón með umhverfsvottunarkerfum
- Umsjón með kynningum á umhverfsvottunarkerfum
- Skilgreining viðmiða fyrir vistvænar áherslur í mannvirkjagerð
- Rýni gagna frá ráðgjöfum og verktökum
- Almenn verkefnastjórnun

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar
- Reynsla og þekking á vistvænni hönnun í mannvirkjagerð
- Þekking á umhverfsvottunarkerfum
- Reynsla og þekking af umræddu starfssviði
- Reynsla í hönnun og notkun hönnunarhugbúnaðar eða reynsla af verklegum framkvæmdum
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Reynsla og þekking á BIM kostur

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

VERKEFNASTJÓRI – VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Starfssvið:

- Umsjón með verklegum framkvæmdum
- Almenn verkefnastjórnun við verklegar framkvæmdir
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál og verklegar framkvæmdir
- Gerð verksamninga og umsjón með þeim
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð
- Þróun og innleiðing á frumkvæðisverkefnum
- Þátttaka í frumkvæðisverkefnum s.s. innleiðingu á notkun verkefnavefja, upplýsingalíkana mannvirkja og umhverfsvottunarkerfa í byggingariðnaði á Íslandi

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði – Meistarapróf er kostur
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla og þekking af umræddu starfssviði
- Reynsla í hönnun og notkun hönnunarhugbúnaðar
- Þekking og reynsla af gerð verkáætlana
- Þekking á ÖHU málum (öryggis-, heilbrigðis-, og umhverfismálum)
- Leiðtogaþæfileikar, jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Þekking á gæðastjórnun æskileg
- Reynsla og þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur

Lögð er áhersla á að starfsfólk sýni frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund, njóti sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og reynslu með markvissum hætti.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í hvert starf til eins árs með möguleika á fastráðningu í framhaldi af því. Starf verkefnastjóra á sviði umhverfismála er fullt starf en til greina kemur hlutastarf. FSR er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, hvattir til að sækja um.

FSR er í fararbroddi við að innleiða vistvænar vinnuaðferðir og upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) í byggingariðnaði á Íslandi. FSR vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og er stöðugt unnið að því að auka gæði í starfsemi stofnunarinnar. FSR sækist eftir faglegu og metnaðarfullu starfsfólki sem vill takast á við krefjandi og skapandi verkefni á jákvæðan og faglegan hátt.

capacent



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Undir skrifstofuna heyra m.a. mannauðs- og atvinnumál, upplýsinga- og vefmál, íbúalýðræðismál, tölfraði og gæðamál, græna hagkerfið og borgarskjalasafn.

Deildarstjóri tölfraði og greiningar

Tölfraði og greining ber ábyrgð á þróun mælikvarða og samræmdri miðlun stefnu, gæða og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Greiningu og birtingu miðlegra tölfraðilegra gagna, þróun og uppfærsla á Árbók Reykjavíkurborgar, framsetningu grænna hagvísu, mælingar og greiningar á umfangi græns hagkerfis í Reykjavík. Einnig vinnur deildin að þróun á framsetningu stjórnendaupplýsinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining og birting miðlegra tölfraðilegra upplýsinga.
- Þróun og uppfærsla á Árbók Reykjavíkurborgar.
- Framsetning grænna hagvísu.
- Ábyrgð á greiningu á umfangi græns hagkerfis í Reykjavík og mælingum á grænum hagvexti.
- Þróun mælikvarða og samræmd miðlun stefnu, gæða og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum.
- Þróun á framsetningu stjórnendaupplýsinga og aðgengi að þeim.

Hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi á sviði viðskiptafræði, hagfræði, umhverfisfræða eða verkfræði.
- Reynsla af stjórnun umbótaverkefna.
- Reynsla af stefnumótun og innleiðingu umbótaverkefna.
- Þekking á grænum þjóðhagsreikningum og framsetningu grænna hagvísu.
- Viðamikil reynsla af gagnavinnslu.
- Reynsla af framsetningu upplýsinga.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Reynsla af vinnu við gæða- og árangursstjórnun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Mannauðsráðgjafi

Mannauðsdeild hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, hefur forystu með stefnumótun og veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf í þeim efnum. Deildin hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu, gerð starfsþróunaráætlana, stjórnendafræðslu, starfsmats og gerð viðhorfskönnunar. Einnig vinnur deildin að margs konar þróunarverkefnum og sinnir mannauðsþjónustu fyrir miðlegra stjórnsýslu. Deildin leggur áherslu á góða samvinnu við mannauðsþjónustur fagsviða.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mannauðsráðgjöf við fagsvið og stjórnendur miðlegrar stjórnsýslu.
- Stefnumótun og innleiðing umbótaverkefna á sviði mannauðsmála fyrir Reykjavíkurborg.
- Mótun verkfallsreglna á sviði mannauðsmála.
- Staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar.

Hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála, vinnusálfræði og eða vinnuréttar eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Yfirgripsmikil reynsla á sviði mannauðsmála.
- Þekking og/eða reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Þekking á starfsmannarétti hins opinbera er kostur.
- Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Reynsla af vinnu við stefnumótun og innleiðingu stefnu. er kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangs-efnum í einu.

Verkefnastjóri

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra og borgarritara, annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunadila innan- og utanlands, annast skipulagningu viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróun, skipulagning og uttanumhald viðburða í Tjarnarsal Ráðhúss.
- Val á verkefnum/viðburðum í Tjarnarsal Ráðhúss í samstarfi við Hússtjórn.
- Umsjón með textagerð og miðlun upplýsinga fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði íslensku, miðlunar eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af vinnu í hröðu og krefjandi starfsumhverfi.
- Færni í framsetningu upplýsinga.
- Mikil færni í íslensku og ensku, talaðri og ritaðri.
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða viðburðastjórnun.
- Skapandi og lausarmiðuð hugsun og sjálfstæði í vinnu brögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af því að koma fram.

Upplýsingar um störfin veitir Auður Björgvinsdóttir í síma 411-4223 og í netfangi audur.bjorgvinsdottir@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á www.reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytileika samfélag sem við búum í.



Flugmaður

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu flugmanns á flugvél. Landhelgisgæslan er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna leit og björgun, löggæslu og eftirliti umhverfis Ísland auk fjölmargra annarra verkefna. Landhelgisgæslan er með í rekstri og viðhaldi Eurocopter/Airbus Super Puma þyrlur og Dash 8 300 flugvél. Starfsemin fer að mestu fram á Íslandi en einnig að hluta til erlendis. Ráðið verður í starfið í haust.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gilt JAA eða EASA Part FCL atvinnuflugmannsskrírteini á flugvél með blindflugsrítun
- Bóklegu ATPL námi lokið
- Bóklegt námskeið í áhafnarsamstarfi (MCC) æskilegt
- Afburða samskiptahæfni
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Framúrskarandi álags- og streituþol
- Áhugi á starfsumhverfi Landhelgisgæslunnar
- Stúdentspróf skilyrði. Staðfesting á sambærilegri menntun þarf að liggja fyrir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Um er að ræða fullt starf. Allir, sem réttindi og áhuga hafa, eru hvattir til að sækja um starfið. Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Landhelgisgæslan áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu þeirra.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf í gegnum vef Capacent. Umsækjendur skulu einnig skila inn sakavottorði, afriti af flugskírteini og læknisvottorði í gildi ásamt afriti af síðustu tveimur blaðsíðum í flugdagbók. Fylgiskjöllum skal skilað rafrænt með umsókn eða útprentuðum á skrifstofu Capacent, Ármúla 13, í umslagi merktu viðeigandi starfi. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Heilbrigðisfulltrúi – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er laust til umsóknar.

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilbrigð lífsskilyrði, vernda heilnæmt og ómengað umhverfi og tryggja sem kostur er að neysluvatn og matvæli borgarbúa séu örugg og heilnæm.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk eininga vöktunar umhverfis og hundaeftirlits.

Starfið er hjá Umhverfiseftirliti. Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

Í starfinu felst m.a. :

- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfis skyldum fyrirtækjum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um matvæli nr. 93/1995 og reglugerðir skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Að beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Að undirbúa útgáfu starfsleyfa og vinna starfsleyfis skilyrði og umsagnir.
- Að sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda s.s. líffræði, umhverfisfræða, matvælafræði, heilbrigðisvísinda, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni.
- Geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samvirkusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Færni til að setja fram ritað mál fyrir stjórnarsýslu borgarinnar á greinargóðri íslensku.
- Reynsla af eftirlitsstörfum og réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi er kostur.
- Ökuréttindi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага og Reykjavíkurborgar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri Umhverfiseftirlits Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111 og með tölvupósti til rosa.magnusdottir@reykjavik.is

Sótt er um störf á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flípanum **Störf í boði**. Umsóknarfrestur er til og með **17. maí 2015**.

Nánari upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að finna á vefslóðinni: <http://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlitid>

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN leitar að öflugum sölumanni til starfa í verslun okkar. Starfið felur í sér þjónustu og sölu til viðskiptavina, upplýsinga og ráðgjöf. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00 – 18:00 og einhverja laugardaga. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu í sölu verkfæra, véla og rekstrarvara tengdum iðnaði.

Umsóknir sendist á thm@vfs.is fyrir 11. maí nk.

CCP IS HIRING

» Counsel

Please apply at:
ccpgames.com/jobs



Vörustjóri vildarkerfa

Landsbankinn óskar eftir að ráða kraftmikinn liðsmann til að leiða enn frekari eflingu Aukakróna. Í starfinu felst umsjón með fríðindahluta vildarkerfis Landsbankans, öflun nýrra samstarfsaðila og þátttaka í stefnumótun. Þekking á fríðindakerfum sem og greiðslukortum er mikill kostur í starfinu. Starfið heyrir undir Viðskiptaþróun á Einstaklingssviði.

Helstu verkefni

- » Umsjón með Aukakrónum, fríðindakerfi Landsbankans
- » Þátttaka í stefnumótun og þróun fríðinda- og vildarkerfa
- » Samræming á vinnu innri og ytri aðila vegna fríðindakerfa
- » Samskipti við samstarfsaðila
- » Öflun nýrra samstarfsaðila og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Þekking og reynsla af rekstri fríðinda- og vildarkerfa er kostur
- » Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- » Frumkvæði, mikil færni í samskiptum og gott viðmót

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Brynjólfur Ægir Sævarsson, forstöðumaður Viðskiptaþróunar, í síma 410 8821 eða brynjolfur.a.saevarsson@landsbankinn.is og Guðlaug Ólafsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7905 eða gudlaug.olafsdottir@landsbankinn.is

Umsókn merkt „Vörustjóri vildarkerfa“ fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí n.k.





Vörumerkjastjóri

IceCare ehf leitar að vörumerkjastjóra

Icecare, sem flytur inn og selur vörur tengdar heilbrigðismálum, óskar eftir að ráða öflugan vörumerkjastjóra til starfa. Í starfinu felst umsjón með ákveðnum þekktum vörumerkjum, samskipti við bygja og smásöluaðila. Viðkomandi þarf að geta stýrt markaðsherferðum og sinnt sölu.

Starfssvið:

Ábyrgð og umsjón með þekktum og sterkum vörumerkjum fyrirtækisins.

Samskipti og heimsóknir til sérhæfðra viðskiptavina.

Ábyrgð og umsjón með markaðsherferðum sem beint er sérstaklega að ákveðnum markhópum.

Umsjón með markaðsefni fyrir vörumerkin.

Samskipti við erlenda birgja.

Umsjón með undirbúningi fyrir fagþing ár hvert.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfinu.
- Reynsla og þekking á sviði sölu og sölustjórnunar.
- Þekking og áhugi á markaðsmálum mikill kostur.
- Fjölhæfni til að sinna mörgum verkefnum í einu.
- Skipulagshæfni og þjónustulund.
- Árángursdrifin/n einstaklingur

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Yfirmaður sölumælinga



Landsnet leitar að öflugum einstaklingi í starf yfirmanns sölumælinga sem ber ábyrgð á rekstri sölumælakerfis og sölumælinga ásamt uppgjöri orkuflæðis á landsvísu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á og umsjón með uppgjöri aflflæðis og jöfnunarorku á landsvísu.
- Ábyrgð á áreiðanlegum skilum uppgjörsgagna.
- Ábyrgð á gæðum og áreiðanleika gagna í söfnunarkerfum.
- Ábyrgð á og umsjón með daglegum rekstri sölumælakerfis.
- Ábyrgð á þróun, uppsetningu og viðhaldi búnaðar sem tengist sölumælingum.
- Samskipti við viðskiptavinum vegna uppgjörs og sölumælinga.
- Umsjón með að Landsnet framfylgi lögum, reglum og samningum um öflun, úrvinnslu og miðlun mæligagna.
- Umsjón með frammistöðumæliskvörðum sem tengjast málaflökknum.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð vegna mælinga og uppgjörs.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði eða annarri menntun sem nýtist starfi.
- Reynsla af gagnavinnslu, afstemmingu og uppgjöri.
- Þekkingu á orkumælubúnaði og reynslu af gagnasöfnunarkerfum.
- Þekkingu og reynslu af störfum í raforkugeiranum er kostur.
- Hæfni í greiningum og túlkun gagna.
- Ríkri þjónustulund og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði.
- Sjálfstæði og skipulögðum vinnubrögðum.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2015. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) eða Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheid, sterka samfélagsvitund og er í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA

Skuldabréfamiðlun

Vegna aukinna umsvifa leitar Landsbankinn að öflugum skuldabréfamiðlara í hóp reyndra starfsmanna Markaðsviðskipta bankans. Markaðsviðskipti tilheyra sviðinu Markaðir sem veitir alla þjónustu sem snýr að sölu og miðlun verðbréfa, gjaldeyrismiðlun, fyrirtækja-ráðgjöf, eignastýringu og einkabankþjónustu.

Bankinn er leiðandi sem stærsti markaðsaðili Kauphallar Íslands og leggur í starfsemi sinni mikla áherslu á fagmennsku starfsmanna, framúrskarandi árangur og drifkraft.

Helstu verkefni

- » Miðlun skuldabréfa
- » Umsjón með skuldabréfaútböðum
- » Samskipti við viðskiptavinum
- » Greining á markaðsaðstæðum

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða verkfræði
- » Próf í verðbréfavíðskiptum er skilyrði
- » Haldgóð reynsla af verðbréfamarkaði
- » Jákvætt viðmót, framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- » Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og hæfni til að vinna í hópi
- » Yfirgripsmikil þekking á íslensku efnahagsumhverfi

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita veita Árni Mariasson forstöðumaður Markaðsviðskipta í síma 410 7335 eða arni.mariasson@landsbankinn.is og Bergþóra Sigurðardóttir hjá Mannauði í síma 410 7907 eða bergsig@landsbankinn.is

Umsókn merkt „Skuldabréfamiðlun“ fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.



ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

ÍSTAK hf er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 450 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK hf er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Ístak Ísland er dótturfyrirtæki Ístaks hf. og er með áherslur á verkefni á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi.



SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

Ístak leitar að fólki sem hefur áhuga á að vinna hjá öflugum verktakafyrirtæki og taka þátt í að byggja mannvirki framtíðarinnar á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Starfsmenn Ístaks leysa áhugaverð og síbreytileg verkefni í spennandi vinnuumhverfi. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Trésmiðir

Ístak Ísland óskar eftir að ráða smiði til starfa við framkvæmdir á stór Reykjavíkursvæðinu. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Vélastjórnendur

Ístak Ísland óskar eftir að ráða fólk með vinnuvélaréttindi til starfa við framkvæmdir á stór Reykjavíkursvæðinu.

Málmiðnaðarmenn

Ístak Ísland óskar eftir að ráða vana málmiðnaðarmenn til starfa í Mosfellsbæ og á vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Iðnnemar

Ístak er með lausar til umsókna nokkrar stöður sem iðnnemar. Aðalega er verið að leita að trésmiðum og málmiðnaðarmönnum, en önnur fög koma líka til greina. Við erum að leita að efnilegum konum og körlum.

Hægt er að sækja um störfin og lesa meira um þau á heimasíðu Ístaks, www.istak.is, undir „Starfsumsókn“.

Upplýsingar um störfin veitir mannauðsstjóri Ístaks í síma 530 2735, eða gegnum tölvupóst á mannauður@istak.is.

Skrifstofa Ístaks, að Bugðufjótí 19, 270 Mosfellsbæ, er opin milli 08:15 – 16:00.

Nú er tækifærið

Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail eftir að ráða framúrskarandi sérfræðinga

Hugbúnaðarþróun .NET

Starfssviðið felst í hönnun og forritun á hugbúnaðarlausnum í .NET umhverfi og veflausnum. Fjölbreytt og krefjandi verkefni í boði.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er æskileg. Viðkomandi þarf að geta notið sín í dýnamísku starfsumhverfi þar sem agile-aðferðafræði er beitt. Þekking á Microsoft Visual Studio og C# er kostur.

Hugbúnaðarprófanir

Starfssviðið felst í hugbúnaðarprófunum.

Menntunar- og hæfniskröfur: Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingum með reynslu af hugbúnaðarprófunum eða forritun í kröfuhörðu umhverfi. Reynsla af agile-aðferðafræðinni eða sambærilegum vinnuferlum er kostur.

Hugbúnaðarþróun Microsoft Dynamics AX

Starfssviðið felst í hönnun og forritun lausna fyrir Microsoft Dynamics AX.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics AX. Spennandi tækifæri í boði fyrir öflugum einstaklinga.

Hugbúnaðarþróun Microsoft Dynamics NAV

Starfssviðið felst í hönnun og forritun lausna fyrir Microsoft Dynamics NAV.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics NAV. Hér eru á ferðinni góð tækifæri fyrir öflugum Dynamics NAV sérfræðinga.

Í höfuðstöðvum LS Retail í Reykjavík starfa um 100 manns og nokkrir tugir til viðbótar víðs vegar um heiminn. Hugbúnaður frá fyrirtækinu er í notkun um allan heim hjá þúsundum verslana og veitingastaða. Þéttriðið alþjóðlegt net samstarfsfyrirtækja sér um að selja og þjónusta lausnir okkar.

Við leitum að kraftmiklu fólki til að ganga í okkar raðir og taka þátt í margs konar verkefnum, nýta fjölbreytt tækifæri og móta framtíðartækni í alþjóðlegu umhverfi. Nú er lag að sækja um og ganga til liðs við samheldinn hóp sem metur góðan starfsanda mikils.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu LS Retail (<http://www.lsretail.com/about-us/career-opportunities/>)



LS Retail



Þjónustustjóri

Sólar ehf sem sérhæfir sig í ræstingum og fasteignaumsjón óskar eftir að ráða þjónustustjóra til starfa. Um er að ræða skemmtilegt og lifandi starf. Vinnutími er mjög sveigjanlegur og mikið um mannleg samskipti. Viðkomandi fær bíl og síma til umráða.



Starfssvið:

Ráðning og þjálfun starfsfólks
Umsjón og skipulag á vinnu starfsmanna
Launavinnsla og skráning
Samskipti við viðskiptavinum


Hæfniskröfur:

Jákvæðni
Reynsla af stjórnun er kostur
Færni í mannlegum samskiptum
Ríkir skipulagshæfileikar og þjónustulund
Geta unnið sjálfstætt
Hreint sakavottorð
Háskólamenntun er kostur

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is. Umsóknir óskast
fylltar út á www.hagvangur.is. Umsóknar-
frestur er til og með 9. maí nk.



Sólar er ört vaxandi þjónustufyrirtæki í sérflökki á sviði alhliða fasteignaumsjónar. Við leggjum áherslu á umhverfisvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 160 frábærir starfsmenn.
www.solarehf.is



Deildarstjórar í Dynamics NAV

Vegna aukinna verkefna og endalausra tækifæra leitar Advania að metnaðarfullum og drifandi einstaklingum í störf deildarstjóra NAV deilda fyrirtækisins. Innan NAV deilda starfa 40 sérfræðingar við hugbúnaðarþróun og ráðgjöf til viðskiptavina.

Starfssvið

Deildarstjórar í NAV stýra hópi sérfræðinga í forritun og ráðgjöf og bera ábyrgð á skipulagi ráðgjafar, þjónustu og þróunar. Stefnumótun, áætlanagerð og uppgjör eru meðal þeirra verkefna sem þeir sinna. Jafnframt felast í störfunum samskipti við viðskiptavinum og stuðningur við sölu auk annarra tilfallandi verkefna.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af Dynamics NAV
- Reynsla af ráðgjöf og verkefnastjórnun
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí. Tekið er á móti umsóknum á www.advania.is/atvinna
Nánari upplýsingar veitir Jónína Guðmundsdóttir, nina@advania.is / 440 9000.

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Lausnir fyrirtækisins svara þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Virk jafnréttisstefna og samgöngustefna er hjá fyrirtækinu og boðið er upp á góða líkamsræktaraðstöðu og leikherbergi í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Guðrúnartún. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnurðu það hjá okkur. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!





Nordic Innovation needs a new Managing Director

We are looking for a candidate who has strong leadership skills and can further develop the organisation

As the managing director, you will play a crucial role in further developing Nordic Innovation within the sphere of Nordic co-operation, with overall objectives of generating increased value creation through cross-border co-operation and establishing the Nordic countries as a world-leading region for innovation and sustainable growth.

You will find more information on our website: www.nordicinnovation.org

Deadline is 26.05.2015

Nordic Innovation is a Nordic institution based in Oslo, working to promote cross-border trade and innovation.

Working under the auspices of the Nordic Council of Ministers, Nordic Innovation is a key player in implementing the Nordic Co-operation Programme for Innovation and Business Policy.

-- Aðstoðarkona óskast --

Líkamlega og andlega hraust, hjartahlý, skilningsrík og nærgætin kona á aldrinum 30 – 50 ára óskast til að aðstoða langveika 35 ára konu. Vinnan felst í ýmsum erindagjörðum og aðstoð. Bílpróf nauðsynlegt. Viðkomandi þarf að geta verið mjög sveigjanleg varðandi vinnutíma, gæti hentað heimavinnandi konu eða konu sem er í námi. Viðkomandi þarf að hafa frjálsan tíma til að geta komið með frekar stuttum fyrirvara. Engu að síður yrði gert vinnuskipulag eins og hægt er. Unnið verður eftir hugmyndinni um notendastýrða persónulega aðstoð, sjá www.npa.is. Þarf að vera með hreint saka-vottorð. **Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á netfangið adstodarkona@gmail.com fyrir 10.maí 2015**



www.isor.is



Borholuverkfræðingur

Íslenskar orkurannsóknir, ISOR, leita að metnaðargjörnum einstaklingi til að bættast í hóp þeirra sem leiða rannsóknir og þróun á sviði jarðvarma, grunnvatns og kolvetna í jörðu.

Starfið felur í sér hönnun borholna og borferla, kostnaðargreiningu, tilboðsgerð, eftirlit með borverki og almenna verkfræðivinnu.

Fastur vinnustaður er í Reykjavík. Starfið getur falið í sér vinnu utanbæjar eða utanlands og langan vinnudag á köflum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- MSc- eða doktorspróf í borholuverkfræði, vélaverkfræði eða skyldum greinum.
- Reynsla á sviði borholuhönnunar æskileg.
- Reynsla af vinnu samkvæmt ISO 9001 staðlinum æskileg.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.

ISOR leggur áherslu á að hækka hlutfall kvenna og yngra fólks í starfliði sínu. Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Ö. Þorbjörnsson deildarstjóri jarðhitaverkfræði (ingo@isor.is). Umsóknir ásamt ferilsskrá þurfa að berast Guðrúnu Erlingsdóttur fjármálastjóra, guðrun.erlingsdottir@isor.is, eigi síðar en 15. maí 2015.

ISOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðindaráðuneytið en starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. ISOR er meðal öflugustu fyrirtækja heims í rannsóknum og tengdri þjónustu við jarðhitaiðnaðinn og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem slíkt.



Við leitum að verkefnastjóra og umsjónarmanni nótna

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð 1950 og heldur um 100 tónleika á hverju starfsári með heimsþekktum stjórnendum og einleikurum. Sinfóníuhljómsveitin er með aðsetur í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu.

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri vinnur að fjölbreyttum verkefnum, m.a. innleiðingu nýrra verkefna, ber ábyrgð á rafrænni markaðssetningu og vefumsjón. Verkefnastjórinn heyrir undir markaðsstjóra. Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og skapandi umhverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð tengsl og innsýn í heim klassískrar tónlistar
- Reynsla af vefumsjón og markaðssetningu
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af samningagerð og samskiptum við fjölmiðla
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta

Umsjónarmaður nótna

Umsjónarmaður nótna er tengiliður milli nótnasafns og hljómsveitar. Hann sér um að gera nótur aðgengilegar fyrir hljóðfæraleikara, ber ábyrgð á strokaferli og metur þörf fyrir æfingaparta. Hann ber ábyrgð á að nótur standi á hljómsveitarpúltum fyrir æfingar og tónleika og sér um frágang. Umsjónarmaður annast ýmis önnur verkefni, s.s. vinnslu vinnu-áætlunar í OPAS.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Skilyrði er að umsækjendur hafi yfirgrípsmikla þekkingu á tónlist og geti lesið nótur
- Góð þekking á tónverkum og tónskáldum er kostur
- Tónlistarmenntun er æskileg
- Áhersla er lögð á sjálfstæði í starfi, skipulags-hæfni og fylgni til framkvæmda
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **11. maí nk**. Ráðið er í bæði störf frá og með 1. ágúst nk. Umsækjendur eru beðnir um að senda starfsferilsskrá til mannauðsstjóra (una@sinfonia.is). Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem greint er frá ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Upplýsingar um störf er einnig að finna á www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra, Unu Eyþórsdóttur (una@sinfonia.is) í síma 898 5017.

[f](https://www.facebook.com/sinfonia) [i](https://www.instagram.com/sinfonia) [t](https://www.twitter.com/sinfonia) @icelandsymphony #sinfó

www.sinfonia.is » 545 2500



PROSKAHJÁLPA

Framkvæmdastjóri Landssamtakanna Proskahjálpar

Landssamtökin Proskahjálpar auglýsa lausa stöðu framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er nánasti samstarfsmaður formanns og stjórnar samtakanna. Hann ber ábyrgð á fjármunum og starfsmannamálum samtakanna.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur samtakanna og umsjón með fjáröflunum og fjármálum
- Skipulagning ráðstefna og funda
- Kynning á málefnum fatlaðs fólks gagnvart almenningi og opinberum aðilum í samstarfi við formann og stjórn
- Erlend samskipti

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðs fólks
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Gott vald á ensku og einu norðurlandamáli
- Leitað er eftir einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum, tekur frumkvæði og getur unnið sjálfstætt

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2015.

Umsókn ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi skal senda á netfangið umsokn@throskahjalp.is.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september n.k.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Snæbjörnsdóttir á bryndis@throskahjalp.is.



Björgunarsveitin Ársæll leitar að fjölbreyttum viðgerðasníllingum sem kann bæði á báta og bíla.

Sveitin hefur yfir að ráða mikið af tækjum sem þurfa að standast mikið álag og vera klár hvenær sem er sólarhringsins. Björgunarsveitin Ársæll er með tvo mikið breytta jeppa, tvo fólksflutningabíla, Man vörubíl með krókheysi, snjóbil og nokkrar kerrur. Tvo slöngu-báta, einn harðbotna hraðbjörgunarbát, Björgunarskipið Ásgrím S. Björnsson og björgunarbátinn Þórð S. Kristjánsson.

Menntun og hæfniskröfur :

- Vélstjórnarréttindi að lágmarki 750kw óháð lengd, er skilyrði.
- Reynsla af sjálfstæði í vinnubrögðum, skilyrði.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð – „lífið liggur við“
- Reynsla af sambærilegum störfum, kostur.
- Góð reynsla af tækja og vélavíðgerðum, kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta, kostur.
- Reynsla af starfi í Björgunarsveit, kostur

Starfslýsing :

- Viðhald og viðgerðir á björgunarskipunum Ásgrími S. Björnssyni og Þórði S. Kristjánssyni.
- Viðhald og viðgerðir á bátum og bílum.
- Uppsetning á viðhaldsstjórakerfi fyrir tæki björgunarsveitarinnar og sjá um að halda því við.
- Viðgerð og viðhald á öðrum björgunarbúnaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Um er að ræða fullt starf.

Áhugasamir sendið umsókn ásamt ferilskrá á radning@bjorgunarsveit.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2015.
Öllum umsóknum verður svarað.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lyfjafræðingur	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201504/468
Flugmaður	Landhelgisgæslan	Reykjavík	201504/467
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Reykjavík	201504/466
Sjúkraliðar	Landspítali, bráðadeild	Reykjavík	201504/465
Búfræðikennari	Landbúnaðarháskóli Íslands	Hvanneyri	201504/464
Skólafélagsráðgjafi	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201504/463
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201504/462
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201504/377
Starfsmaður á sjúkradeild	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201504/461
Hjúkrunarfr./-nemar, sumaragl.	Landspítali, Barnaspítali Hringins	Reykjavík	201504/460
Sérfræðingur í hjúkrun	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201504/459
Sérfræðingur í hjúkrun	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201504/458
Sérfræðingur í hjúkrun	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201504/457
Sérfræðingur við rannsóknir	Rannsóknamiðstöð HA	Akureyri	201504/456
Verkefnastjóri	Rannsóknamiðstöð HA	Akureyri	201504/455
Lögrelgumenn	Lögrelgustjórinn á Suðurnesjum	Reykjanesbær	201504/454
Kennarastöður	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201504/453
Vélamaður	Vegagerðin	Fellabær	201504/452
Vélvirki/bifvélavirki	Vegagerðin	Reyðarfjörður	201504/451
Vaktstjóri	Vegagerðin	Hafnarfjörður	201504/450
Lektor í ferðamálafræði	Háskólinn á Hólum	Sauðárkrókur	201504/449
Verkefnastjóri á skrifstofu	Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Keldur	201504/448
Verk- eða tæknifræðingur	Vegagerðin	Reykjavík	201504/447

UPPLÝSA, FRÆÐA OG SKEMMTA

Ríkisútvarpið er ein helsta menningar- og lýðræðisstofnun þjóðarinnar. Hlutverk RÚV er að upplýsa, fræða og skemmta og auka með því lífsgæði þeirra sem njóta. RÚV sækir fram á landsbyggðinni og eykur jafnframt þjónustu við börn og ungmenni og óskar því eftir nýjum starfsmönnum í hópinn.

Leitað er að drifandi, sjálfstæðum og jákvæðum einstaklingum. Reynsla af fréttavinnslu og/eða dagskrárgerð, skrifum fyrir vefinn æskileg og gott vald á íslensku máli skilyrði.

Frétta- og dagskrárgerðarmenn á landsbyggðinni óskast

RÚV auglýsir eftir frétta- og dagskrárgerðarmönnum til að miðla efni af landsbyggðinni. Þeir þurfa að geta sýnt frumkvæði og hafa brennandi áhuga á að koma til skila markverðum atburðum af svæðinu með fjölbreyttri og forvitnilegri nálgun. Miðað er við að starfsmenn hafi aðsetur á viðkomandi landssvæðum og heyrir undir svæðisstjóra RÚV á Akureyri.

Auglýst er eftir:

- Frétta- og dagskrárgerðarmanni í fullt starf á Vestfjörðum/Vesturlandi.
- Frétta- og dagskrárgerðarmanni í hálf starf á Suðurlandi.
- Frétta- og dagskrárgerðarmanni í hálf starf á Austurlandi.
- Dagskrárgerðarmanni fyrir Landann í fullt starf á Norðurlandi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Freyja Dögg Frímannsdóttir svæðisstjóri RÚV á Akureyri, freyja.dogg.frimannsdottir@ruv.is, s. 515 3040.

Ertu með hugmynd?

RÚV vekur aukin heldur athygli á því að dagskrárstjórar allra miðla RÚV taka, hér eftir sem hingað til, fúslega við tillögum og tilboðum um dagskrárefni, hvort heldur sem um er að ræða staka þætti eða þáttaraðir. RÚV hvetur dagskrárgerðarfólk af landinu öllu til að senda inn tillögum og mun leita leiða til að framleiða efni sem víðast á landinu.

Snillingur óskast til að stýra KRAKKARÚV

RÚV auglýsir eftir verkefnastjóra til að hafa umsjón með þjónustu RÚV við börn og ungmenni, þvert á miðla. Verkefnastjórinn leiðir faghóp RÚV um barnaþjónustu og samhæfir innkaup, gerð og miðlun alls barnaefnis. Auk þess verður hann tengiliður við utanaðkomandi aðila á þessu sviði. Hann á náið samstarf við dagskrárstjóra allra miðla auk þess að ljúka við mótun og ritstýra nýjum vef og hafa umsjón með nýrri stafrænni barnaútvarpsrás, KrakkaRÚV. Verkefnastjórinn vinnur efni fyrir vef og útvarp í samstarfi við aðra starfsmenn.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur Bjarni Sigfússon nýmiðlastjóri RÚV, ibs@ruv.is, s. 515 3530.



VÉLSTJÓRI Á FLUTNINGASKIP

Eimskip óskar eftir að ráða vélstjóra með full STCW réttindi á skip félagsins. Almennt gildir að siglt er í tvær vikur og frí í tvær vikur.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Full réttindi STCW samkvæmt reglum III/2
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Jákvæðni, þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðni Sigurmundsson, í síma 525 7162. Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2015.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Leikskólakennari vegna stuðnings í leikskólann Sólhvörf
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Sérkennslustjóri í leikskólann Núp

Grunnskólar

- Þroskaþjálfari/sérkennari í Lindaskóla
- Umsjónar- og dönskukennari á elsta stig í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Smáraskóla
- Textilkennari í Smáraskóla
- Forstöðumaður í dægradvöl Smáraskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla
- Skólaliði í Smáraskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM Á AKRANESI, AKUREYRI OG Í HAFNARFIRÐI

AKRANES

Húsasmiðjan vill ráða starfsmann til sölu- og afgreiðslustarfa í verslun fyrirtækisins á Akranesi.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst.

Ábyrgðarsvið

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Þekking á byggingavörum s.s. festingum og verkfærum æskileg
- Reynsla af afgreiðslustörfum kostur
- Samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Umsóknir berist fyrir 14. maí n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is

Allar nánari upplýsingar veitir Óli Jónsson, rekstrarstjóri verslunarinnar, oli@husa.is, sími 660 3079.

Öllum umsóknum verður svarað.

AKUREYRI

Viljum ráða öflugan starfsmann í stöðu Deildarstjóra timburports verslunarinnar á Lónsbakka á Akureyri.

Við leitum að metnaðarfullum og þjónustulundum einstaklingi í krefjandi starf.

Ábyrgðarsvið

- Daglegur rekstur timburports
- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Umsjón með pöntunum á grófvöru
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Haldgóð þekking á timbri og byggingavörum nauðsynleg
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Lyftarapróf kostur
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

Umsóknir berist fyrir 17. maí n.k. til Sigurðar Harðarsonar, sighard@husa.is

Öllum umsóknum verður svarað.

HAFNARFJÖRÐUR

Viljum ráða metnaðarfullan og þjónustulundaðan sölu- og afgreiðslumann í timbursölu verslunarinnar í Hafnarfirði.

Um er að ræða framtíðarstarf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst.

Ábyrgðarsvið

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Lyftararéttindi kostur en ekki skilyrði
- Samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Reynsla af tölvunotkun

Umsóknir berist fyrir 10. maí n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is

Öllum umsóknum verður svarað.



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking
Áreiðanleiki
Liðsheild**



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Útídeild

AFA JCDecaux óskar eftir að ráða einstakling í útídeild fyrirtækisins. AFA JCDecaux sér um viðhald og rekstur á strætóskýlum, upplýsingastöndum og salernum á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er 08.00 – 15.30.

Kostir.

1. Rafmagns kunnátta
2. Lyftara próf
3. Laghentur
4. Geta unnið sjálfstætt

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið ferilskrá á Einar Hermannsson eh@afajcdecaux.is



grafa.is

Grafa og grjót ehf. óskar eftir að ráða vana vélamenn á beltagröfur og hjólagröfur. Viðkomandi þarf að hafa vinnuvélapróf (meirapróf er kostur), vera stundvís og vinnusamur.

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum sendist á grafa@grafa.is. Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Grafa og grjót ehf. Is looking to hire experienced workers on excavators. The person needs to have a valid license on heavy machinery, be punctual, hard working and speak English.

Applications along with recommendations can be sent to grafa@grafa.is before May 15th.



GAKKTU Í TEYMI ÍSLENSKRA FJALLALEIÐSÖGUMANNA

Við leitum að fólki sem vill vinna með okkur í frábæru starfsumhverfi.

Við leitum að:

- Vefumsjónarmanni
- Starfsmanni á skrifstofu í dagsferðadeild
- Starfsmanni á skrifstofu í langferðadeild
- Jöklaleiðsögumönnum
- Leiðsögumönnum

Allar frekari upplýsingar um störf og starfskröfur má finna á www.fjallaleidsogumenn.is eða hjá Margréti Jónsdóttur í síma 587 9999.

Umsóknir sendist á job@mountainguides.is.

Umsóknarfrestur til 17. maí 2015.

Vinsamlegast merkið umsóknir með því starfi sem sótt er um



ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN ÖRUGGLEGA Á FJÖLLUM!



Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

Technical writer

Job description:

The technical writer's role is to maintain / update Air Atlanta's Flight Operations manuals and coordinate communications between Flight Operations, Quality Department and ICETRA (Samgöngustofa).

Education and Qualifications:

- Education in aviation, engineering or business administration
- Quality control experience and working knowledge of EASA regulatory environment preferred
- Ability to read, analyse and interpret technical texts
- Must show initiative and be able to work independently
- Must be fluent in written and spoken English
- Excellent computer skills, i.e. Outlook, Word, Excel – Good computer literacy is a must

Operation Control Center

Job description:

The operation control center is a communication- and control center between all departments and outstations. They prepare, control and supervise the ongoing flight operation in accordance with procedures. The operation control center operates 24/7.

Education and Qualifications:

- Preferably Dispatch and/or pilot license
- Excellent attention to detail
- Skills to work under intensive time pressure
- Must be fluent in written and spoken English
- Completed secondary school or similar
- Experience in an airline Operations Environment is a plus
- Excellent computer skills

Travel Agent

Job description:

Travel agent reports to Manager Travel Office and shall: Co-ordinate and manage all travel arrangements for our internal staff. Book flights, hotels and ground transportation and review related invoices. The travel agent shall obtain the best value for money on all travel arrangements, and last but not least provide a high level of customer service.

Education and Qualifications:

- Experience working with Amadeus and an IATA/UFTA qualification is preferred
- Must be fluent in written and spoken English
- Good communication skills
- Good general computer skills
- Able to work independently

Application deadline is May, 10th 2015

If interested please submit application via www.airatlanta.com
All applications will be answered and treated as confidential

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world.
We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry.



Fjölbreytt störf hjá HEKLU

Við hjá HEKLU hf óskum að ráða í eftirtaldar stöður:

Bifvélavirkjar

Starfssvið

- Viðgerðir og viðhald á bifreiðum í háum gæða- og tækniflokki.
- Þátttaka í námskeiðum og símenntun á vegum HEKLU.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bíla-, véla- eða rafmagnsviðgerða.
- Reynsla af viðgerðum á Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi æskileg.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.



HEKLA hf er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar bifreiðar og hefur verið söluhæsta bifreiðumboðið á Íslandi undanfarin ár.

HEKLA er með fimm söluumboð á Íslandi – á Akureyri, Selfossi, Reykjanesbæ, Akranesi og Ísafirði. Höfuðstöðvar félagsins eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Um 100 manns starfa hjá HEKLU hf. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Starfsmaður í söluskoðun

Starfssvið

- Söluskoðanir á notuðum bílum fyrir söluendil HEKLU.
- Þátttaka í námskeiðum og símenntun á vegum HEKLU.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bíla-, véla- eða rafmagnsviðgerða.
- Reynsla af söluskoðunum og viðgerðum á bílum.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.

Starfsmaður á dekkjaverkstæði

Starfslýsing

- Almenn dekkjapjónusta.
- Umsjón með dekkjasölu og birgðahaldi.

Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af þjónustu og sölu dekkja.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.

Nánari upplýsingar veita Brynjar Páll Rúnarsson verkstæðisformaður í síma 590 5000 eða bpr@hekla.is og Ingvar Birnir Grétarsson þjónustustjóri í síma 590 5000 eða ibg@hekla.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf á heimasíðu HEKLU, www.hekla.is

Flutningaþjónusta (Logistics Services)

Icelandic Group auglýsir eftir starfsmanni til starfa við flutningaþjónustu félagsins (Logistics Services). Starfsmaður ber ábyrgð á bókunum sendinga hjá flutningsaðilum og kostnaðareftirliti. Viðkomandi þarf að vinna sjálfstætt og sýna framúrskarandi þjónustulund. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf hjá leiðandi fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi að vinnslu og sölu sjávarafurða.

Helstu verkefni

- Stýrir bókunum í skip
- Samskipti við flutningsaðila
- Kostnaðareftirlit
- Skjalavinnsla og reikningagerð

Hæfni

- Mjög góð tölvukunnátta
- Menntun sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og hæfni til að vinna í teymi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni

Umsóknarfrestur um starfið er til **13. maí 2015.**

Tekið er á móti umsóknum á job@icelandic.is. Óskað er eftir ítarlegri ferilskrá með umsókn.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigríður Guðmundsdóttir**, sirra@icelandic.is.

Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu tengdri íslenskum sjávarútvegi. Hjá félaginu starfa um 1800 manns í Evrópu og Asíu að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutninga, markaðssetningu og sölu sjávarfangs um víða veröld.



www.icelandic.is

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDUR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Viltu bættast í hópinn Sendu okkur umsókn!

Sumarstörf og framtíðarstörf á heimilum fatlaðs fólks

Forstöðumaður

- Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks
o (585-5500, hronnhilmars@hafnarfjordur.is)

Framtíðarstörf

- Framtíðarstörf á heimili fyrir fatlað fólk í Áslandshverfi
o (555 6554 johannah@hafnarfjordur.is)

Sumarrafleysingar

- Sumarrafleysingar - Heimili fyrir fatlað fólk
o (565 4830 binna@hafnarfjordur.is)
- Starfsmaður - Þjónustuiúðir Drekaöllum
o (544 2360 stellak@hafnarfjordur.is)
- Sumarrafleysingar á heimili fyrir fatlað fólk í Áslandi
o (555 2181 svanfridurs@hafnarfjordur.is)

Sótt er um störfín á www.hafnarfjordur.is

Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði

Skrifstofumaður skjalavinnsla

LIND fasteignasala leitar að einstaklingi til starfa á skrifstofu sína.

Helstu verkefni og ábyrgð

Almenn skrifstofustörf
Bókanir
Samskipti við lánastofnanir og sýslumannsembættin.
Aðstoð við undirbúning samninga.
Skjalavinnsla, senda gögn til þinglýsingar.
Móttaka viðskiptavina.

Hæfni

Sjálfstæði og víðsýni.
Hæfni til að starfa í teymi.
Dugnaður.
Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi.
Jákvætt viðhorf og öryggi í samskiptum.

Við bjóðum upp á

Jákvætt og skemmtilegt starfsumhverfi.
Góða staðsetningu og aðgengi að vinnustað.
Frábært tækifæri til að bæta við sig þekkingu.
Metnaðarfullt og fjölbreytt starf.

Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið með því að senda náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi á netfangið sirry@fastlind.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LIND
FASTEIGNASALA

LIND fasteignasala er öflugt og framsækið fyrirtæki sem leggur metnað í störf sín. Mikil áhersla er lögð á ábyrga og góða þjónustu. LIND er ein af stærstu og öflugustu starfandi fasteignasölum á landinu. Þar starfar 20 manna hópur af löggiltum fasteignasölum, sölufulltrúum og starfsfólki í skjalavinnslu.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
• þjónustufulltrúi

Álftanesskóli
• umsjónarkennari á yngsta stigi

Sjáländsskóli
• kennari

Leikskólinn Krakkakot
• sérkennslustjóri

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
www.gardabaer.is



KLETTUR - SALA OG ÞJÓNUSTA LEITAR EFTIR STARFSFÓLKI

Bifvélavirkja, vélvirkja eða starfsmann með reynslu af vörubílavöðum vantar til starfa á vörubílaverkstæði Kletts.

Verkstæðið er mjög vel tækjum búið og öll starfsaðstaða til fyrirmyndar.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Svein Símonarson í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is

KLETTUR

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | klettur.is



Forstöðumaður á nýju heimili Fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf

Óskað er eftir forstöðumanni til starfa á heimili fatlaðs fólks í nýjum íbúðakjarna á Klukkuvöllum í Hafnarfirði. Um er að ræða 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf hið fyrsta, helst ekki síðar en 1. júlí. **Umsóknarfrestur er 15. maí 2015.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fagleg ábyrgð á þjónustunni út frá ríkjandi hugmyndafræði.
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri heimilisins og umsjón með fjármálum íbúa.
- Skipulagning og yfirumsjón með móttöku íbúa.
- Skipulagning starfsmanna og yfirumsjón með innra starfi.
- Ráðning annarra starfsmanna og stjórnun starfsmannamála.
- Samstarf við íbúa, aðstandendur og aðra samstarfsaðila.

Hæfniskröfur:

- Proskapjálffamenntun eða önnur háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla á heimilum fólks með fötlun
- Reynsla af starfsmannahaldi og stjórnun
- Þekking á skipulagsvinnu
- Góð samskipta- og samstarfsfærni
- Sveigjanleiki og jákvæðni
- Almenn tölvukunnátta, s.s. Word og Excel
- Rík áhersla er lögð á hugmyndafræði og fagleg vinnubrögð

Umsækjandi þarf að geta tekið virkan þátt í innra starfi félagsins og haft stefnu þess og góða starfshætti að leiðarljósi í starfi. Hann tekur þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í skemmtilegu vinnuumhverfi. Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir og Erna Einarsdóttir í síma 414 0500 á virkum dögum. Atvinnumsókn sendist á thorhildur@styrktarfelag.is eða erna@styrktarfelag.is. Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélag.

Veðurstofa
Íslands



Gæða- og upplýsinga- öryggisstjóri

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða gæða- og upplýsingaöryggisstjóra sem ber ábyrgð á gæða- og upplýsingaöryggi hennar. Starfið heyrir undir Skrifstofu forstjóra og mun viðkomandi sitja í framkvæmdaráði stofnunarinnar.

Veðurstofan vinnur að innleiðingu stjórnunarkerfis skv. stöðlunum ISO 9001 og ISO 27001 og hefur meirihluti starfsmanna gengist undir gæðavottum skv. ISO 9001.

Meginhlutverk

- ▶ Ber ábyrgð á móttöku gæðastefnu og upplýsingaöryggisstefnu stofnunarinnar og hefur eftirlit með því að þeim sé framfylgt
- ▶ Sér til þess að ferli starfsmanna séu skilgreind sem og lykilkættir þeirra og jafnframt að sjá til þess að stofnunin setji sér markmið og árangur í ljósi þeirra sé mældur
- ▶ Ber ábyrgð á að upplýsingaeygni séu skilgreindar og að öryggi upplýsinga sé tryggt
- ▶ Hefur umsjón með umbótaferlum
- ▶ Ber ábyrgð á vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og reglum ásamt því að vera tengiliður gagnvart vottunar- eða eftirlitsaðila

- ▶ Sér um rekstur og uppfærslu gæðahandbókar (rekstrarhandbókar)
- ▶ Hefur umsjón með frekari uppbyggingu stjórnunarkerfisins
- ▶ Heldur uppi markvissri kynningu á gæða- og upplýsingaöryggismálum og stuðlar að aukinni vitund starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf sem nýttist í starfi. Framhaldsnám á sviði gæðastjórnunar og/eða upplýsingaöryggismála
- ▶ Yfirgripsmikil þekking á hugmyndafræði og aðferðum gæða- og upplýsingaöryggisstjórnunar, s.s. ISO 9001 og ISO 27001
- ▶ Farsæl reynsla af gæða- og upplýsingaöryggisstjórnun
- ▶ Hæfni til að innleiða breytingar og stjórna þeim
- ▶ Góð hæfni í samstarfi og mannlegum samskiptum
- ▶ Farsæl reynsla af hópstarfi og teymisvinnu
- ▶ Skipulagsþæfni og nákvæmni
- ▶ Mjög gott vald á íslensku og góð kunnátta í ensku

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur til og með 18. maí nk.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 110 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemi fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

intellecta
Ráðgjafi • Ráðningar • Rannsóknir

www.vedur.is
522 6000

Forstöðumaður Dvalaheimilis aldraðra í Stykkishólmi

Stykkishólmsbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns Dvalaheimilis aldraðra, Stykkishólmi. Um er að ræða 100% stöðu við hjúkrunar- og stjórnunarstarf. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf 1. júlí n.k., eða eftir nánara samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launaneðndar sveitarfélaga.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á rekstri Dvalaheimilisins.
- Umsjón og ábyrgð á umönnun heimilisfólks á dvalaheimili og á hjúkrunardeild.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hjúkrunarfræðimenntun og íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Reynsla við stjórnun, starfsmannahald og rekstur á sviði heilbrigðis-þjónustu, frumkvæði, metnaður, hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði og öguð vinnubrögð.

Dvalaheimili aldraðra í Stykkishólmi, sem er sjálfseignarstofnun, tók til starfa 9. ágúst 1978. Á heimilinu eru 5 dvalarrými og 13 hjúkrunarrými auk dagvistar. Sextán íbúðir fyrir aldraða eru tengdar Dvalaheimilinu. Starfsfólk eldhússins í Dvalaheimilinu sér um mat fyrir vistmenn, en einnig fyrir þá íbúa í búseturréttaríbúðunum sextán sem þess óska og fyrir starfsfólk og nemendur Grunnskóla Stykkishólms.

Umsóknir skulu berast bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða á netfangið baejarstjori@stykkisholmur.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri, sími: 433 8100/863-8888 og netfang: sturla@stykkisholmur.is
Upplýsingar um Stykkishólmi má finna á heimasíðu bæjarins www.stykkisholmur.is



Sturla Böðvarsson
Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
Ráðhúsinu
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi



SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfishafi Subway á Íslandi, rekur 24 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragðgóðan skyndibita með hollustu að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að matseðillinn bjóði upp á bragðgóða valkosti sem henta heilbrigðum lífsstíl. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylla ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.

Verslunarstjóri

Subway leitar að öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á að ná árangri í starfi og efla frábæran hóp. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem gerðar eru kröfur um fagleg vinnubrögð, rekstrarþekkingu, samskiptahæfni, frumkvæði, framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Helstu verkefni:

Verslunarstjóri stýrir daglegum rekstri verslunar og er leiðtogi á sínum veitingastað. Starf hans er mjög fjölbreytt enda tekur verslunarstjóri þátt í öllum daglegum störfum staðarins og ber ábyrgð á starfsmannastjórnun á sínum stað. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir pöntunum, uppgjörum, starfsmannamálum, þjónustu og afgreiðslu ásamt öllu öðru sem tilheyrir starfinu.

Við leitum að:

Kraftmiklum starfsmanni með reynslu og þekkingu á stjórnun og rekstri. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og víðsýnn í starfi og hafa getu til að leiða hóp starfsmanna ásamt því að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

Góð laun í boði og árangurstengt hvatakerfi.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 10. maí.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SÉRFRÆÐINGUR Í EFTIRLITI MEÐ LÍFEYRISSJÓÐUM

► Eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins leitar að öflugum sérfræðingi með ríka greiningarhæfni og yfirgripsmikla þekkingu á fjármálamarkaði.

Eftirlitssvið hefur yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila, fylgist með því að starfsleyfis-skilyrði séu uppfyllt og að gripid sé til viðeigandi ráðstafana ef tilefni er til. Einnig að starfshættir á fjármálamarkaði séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru, þ. á m. varðandi heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Hlutverk teymis í fjárhagslegu eftirliti með lífeyrissjóðum er að hafa yfirsýn yfir áhættur og stöðu lífeyrissjóða með reglubundnu og sértæku eftirliti.

Starfssvið

- Fjárhagslegt eftirlit og greining gagna frá lífeyrissjóðum
- Sértækar athuganir á starfsemi lífeyrissjóða
- Framkvæmd áhættumats lífeyrissjóða
- Mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða
- Tengiliður við lífeyrissjóði
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins

Hæfnikröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegu
- Viðeigandi þekking og reynsla af fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni og nákvæmni í vinnubrögðum nauðsynleg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og gagnrýnin hugsun
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku sem og í miðlun upplýsinga
- Frumkvæði, ábyrgð, heiðarleiki og metnaður í starfi
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu

Umsjón með starfinu hafa Sara Sigurðardóttir, forstöðumaður á eftirlitssviði (sara@fme.is), og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is). Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið rökstudd.

Grønland

Er du friluftsmenneske?
Kandu lide en smuk og storslået natur?
Er du jæger?
Kandu lide at sejle og fiske?
Hvis ja – så vil du trives i Grønland.



Masanti søger Maskinmester til at arbejde med Projektering, tilsyn og byggeledelse

Masanti A/S er et førende grønlandsk totalrådgivningsfirma med ingeniører, arkitekter, maskinmestre, konstruktører og tekniske tegnere m.v. Opgaverne er mangeartede, hvilket giver mulighed for en stor variation og mange nye udfordringer.

Masanti A/S har afdelinger i Ilulissat, Sisimiut, Maniitsoq og Nuuk desuden har vi et søsterselskab i Ringe på Fyn.

Vi søger en medarbejder, som primært skal beskæftige sig med projektering af brændstoftankanlæg og el-installationer samt i nogen grad byggeledelse og tilsyn. Alt efter dine evner og kvalifikationer vil du hurtigt få tildelt lederansvar på opgaverne.

Du skal være uddannet maskinmester eventuelt El-ingeniør / Installatør, du skal være servicemindet og klar til at lære nyt.

I Grønland får du mulighed for et spændende fritidsliv i Vestgrønlands rigtigt gode skærgårde med mulighed for sejlsads, havfiskeri, ørredfangst, fugle- rensdyr- og moskusjagt. Om vinteren byder terrænet på skiløb for alle aldersgrupper.

Masanti A/S betaler rejse og flytteomkostninger og anviser en egnet bolig.

Er du interesseret?

Så ring eller mail til Direktør Morten Gosvig.



Tlf. +299 34 79 71 • e-mail mgm@masanti.gl
Hjemmeside www.masanti.gl

Spennandi störf í boði

- Þjónustustjóri – Sólar
- Sölumaður á fyrirtækjamarkaði
- Verslunarstjóri – Subway
- Deildarstjóri lánadeildar Lífeyrissjóður verzlunarmanna
- Skólastjóri – Grunnskólinn í Garði
- Aðstoðarskólastjóri – Grunnskólinn í Garði
- Aðalbókari – P.G. Verktakar ehf.
- Bókari – P.G. Verktakar ehf.
- Vörumerkjastjóri – Ísam
- Verslunarstjóri – Ísbúð Vesturbæjar
- Sérfræðingur í upplýsinga- og kynningardeild – ASÍ
- Sérfræðingur í hagdeild – ASÍ
- Rekstrarstjóri
- Ritari í móttöku
- Sölumaður á fyrirtækjasviði
- Sumar- og framtíðarstörf í veitingaþjónustu

Nánari upplýsingar
á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Icepharma leitar að viðskiptastjórum á Lyfjasviði

Viðskiptastjóri fyrir Roche • Viðskiptastjóri fyrir Baxter og Baxalta á sviði sjúkrahúslyfja



Í boði er spennandi og fjölbreytt starf í lifandi og síbreytilegu starfsumhverfi. Góð skilyrði til að eflast og þroskast sem einstaklingur í starfi hjá framsæknu fyrirtæki.

Menntun og hæfni

- Menntun í heilbrigðisgreinum
- Reynsla af störfum í lyfjaiðnaði
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Opin og jákvæð skapgerð
- Hæfileikar til að vinna kappsamlega, sjálfstætt og skipulega að skýrum markmiðum
- Hugsunarháttur liðsheildar og góðir samstarfshæfileikar þvert á fagsvið
- Hæfileikar til að setja sig inn í flókið fræðilegt efni og geta til að miðla því
- Gott vald á ensku og kunnáttu í einu Norðurlandamáli
- Góð tölvukunnáttu

Við leggjum áherslu á færni á eftirtöldum sviðum

- Greiningu vandamála
- Rannsóknnum og úrlausn spurninga
- Nýsköpun
- Tengslamyndun
- Miðlun upplýsinga, sölu og markaðssetningu

Verkefni

- Kynningar fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Áætlanagerð
- Þátttaka í fundum og ráðstefnum innanlands og utan
- Að miðla ítarlegu fræðilegu efni
- Verð- og greiðsluþátttökuumsóknir

Um Roche. Höfuðstöðvar Roche eru í Basel í Sviss. Fyrirtækið er í fremstu röð í rannsóknum og þróun lyfja og greiningaraðferða. Roche er stærsta líftæknifyrirtæki í heimi og framleiðir meðal annars sérhæfð lyf gegn krabbameini, veirusjúkdómum, bólgusjúkdómum, efnaskiptasjúkdómum og sjúkdómum í miðtaugakerfi. Stefna Roche á sviði sérhæfðrar lyfjameðferðar er að þróa lyf og greiningaraðferðir sem leiða til umtalsvert betri heilsu, meiri lífsgæða og aukins langlífis sjúklinga. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu fyrirtækisins: www.roche.com.

Um Baxter og Baxalta. Frá og með 1. maí 2015 skiptist Baxter í tvö félög, Baxter og Baxalta, en þessi félög eru leiðandi á sviði lyfja og lækningatækja. Baxalta framleiðir lyf úr blóðvökva t.d. storkubætti, albúmín og eðlilegt manna immúnóglóbúlín (IgG). Baxter framleiðir krabbameinslyf, kviðskilunarvökva, næringarlausnir í æð, innrennslisvökva svo sem natríumklóríð og glúkósa, svæfingagös og lækningatæki notuð í skurðaðgerðum.


Nánari upplýsingar um störfin veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma (bessi@icepharma.is eða 821 8008). Umsóknir óskast sendar á bessi@icepharma.is merktar Viðskiptastjóri. Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.



icepharma

Starf hjá comma,



Við leitum að hressum, jákvæðum og drífandi einstaklingum með mikla þjónustulund til starfa í verslun okkar. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á tísku og mannlegum samskiptum.

Reynsla af afgreiðslustörfum er kostur og brosmildi æskilegt. Ef þú telur þig eiga samleið með okkur þætti okkur vænt um að heyra frá þér með því að fá senda ferilskrá með mynd á umsoknir@comma.is

comma,

 facebook.com/commaIceland

Læknamóttökuritari

55% staða sem krefst mögulega hærra vinnuhlutfalls án fyrirvara í undantekningartilfellum.

Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/ eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN leitar að öflugum sölumanni til starfa í verslun okkar. Starfið felur í sér þjónustu og sölu til viðskiptavina, upplýsinga og ráðgjöf. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00 – 18:00 og einhverja laugardaga. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu í sölu verkfæra, véla og rekstrarvara tengdum iðnaði.

Umsóknir sendist á thm@vfs.is fyrir 11. maí nk.

Markaðsstofa Hafnarfjarðar

Vilt þú taka þátt í spennandi verkefni?

Leitað er að verkefnastjóra til að leiða undirbúning að stofnun Markaðsstofu Hafnarfjarðar í samstarfi við undirbúningshóp sem skipaður er fulltrúum íbúa, atvinnulífsins í Hafnarfirði og Hafnarfjarðarbæjar.

Um er að ræða tímabundið starf í sex mánuði frá maí til október og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Markmið og verkefni:

- Uppbygging tengslanets atvinnulífs jafnt sem íbúa í Hafnarfirði
- Öflun og greining gagna
- Skipulagning og stofnun Markaðsstofunnar

Menntun og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Þarf að hafa brennandi áhuga á verkefninu
- Að þekkja vel til í Hafnarfirði er kostur
- Þarf að geta hafið störf strax

Tekið er við umsóknum á netfangið markadsstofa@hafnarfjordur.is til 13. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Þorsteinsdóttir upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, í síma 585 5500 eða á steinunn@hafnarfjordur.is.

Markaðsstofa Hafnarfjarðar mun verða leiðandi í að gera Hafnarfjörð að öflugum valkosti fyrir fólk og fyrirtæki til búsetu, atvinnu og afþreyingar. Með eflingu samstarfs íbúa, fyrirtækja, félaga og bæjaryfirvalda verður Markaðsstofan enn fremur vettvangur skoðanaskipta um hvernig gera má góðan bæ enn betri.

ORKUSTOFNUN

Sérfræðingur í verkfræði raforkumála

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings við eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.

Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.

Helstu verkefni:

- Eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemi þeirra gilda, reglugerðum og öðrum heimildum.
- Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.
- Þátttaka í starfi raforkuhóps orkusparnefndar.
- Fagleg aðstoð við stjórnvöld vegna umsagna, eftirfylgni og þróunar lagaumhverfis.
- Samskipti við erlendar eftirlitsstofnanir og samtök á sviði raforkueftirlits.
- Þjónusta og upplýsingagjöf á sviði raforkueftirlits.
- Umsjón með öflun og miðlun gagna á sviði raforkumála.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst á sviði rafmagnsverkfræði.
- Þekking á orkumálum, sérstaklega á sviði raforku.
- Reynsla af samskiptum opinberrar stjórnýsly og orkuiðnaðarins.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði og þekking á einu norðurlandamáli æskileg.
- Hæfileiki til að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.
- Þekking á rekstrarumhverfi orkuiðnaðarins æskileg.
- Raforkueftirlitið er samstarfsverkefni teymis starfsmanna við Orkustofnun og gerir kröfu um hæfni til ríkra samskipta og sveigjanleika í starfi.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími 5696000, netfang gdni.a.johannesson@os.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Guðnýjar Þórsdóttur starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang gd@os.is eigi síðar en 11. maí 2015.

Öllum umsóknum verður svarað.

Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
www.os.is

Orkumálastjóri



Pizza Bager til Øst Grønland



Pizzabager søges til vor pizzeria i Øst Grønland, Tasiilaq, med ansættelse snarest muligt. inkl. ud/hjemrejse / logi. Kontakt os endeligt for nærmere information om lønforhold <http://www.arcticwonder.com>

Arctic Wonderland Tours, Boks 511, 3913 Tasiilaq,
Mike eller Per Nicolaisen, e-mail:mike@arcticwonder.com, 00299 598711

Arctic Wonderland Tours in Tasiilaq is currently seeking a pizza baker, to start as soon as possible.
Please contact us for further information on above reg. lodge, pay, travel.

Arctic Wonderland Tours, Tasiilaq www.arcticwonder.com



Starfsmaður í mötuneyti

Við leitum að stundvísu, samviskusömum og þjónustulunduðum starfsmanni í 75% starf í mötuneyti okkar. Unnið er alla virka daga frá kl. 07:00 – 13:00 og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

16.00 Karlakór Kópavogs heldur vortónleika í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er 4.500 krónur.

16.00 Úrvalssveit Tónlistarskóla FÍH heldur ókeypis tónleika í Kaldalónssal Hörpu.

16.00 Hljómsveitin Dimma heldur tvenna tónleika á Húrra í dag. Fyrri tónleikarnir eru opnir öllum aldursbólum og er miðaverð 1.000 krónur og frítt fyrir börn yngri en 6 ára og sjá

Meistarar dauðans um upphitun. Seinni tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er miðaverð 2.000 krónur. Sérstakur gestur er Hljómsveitin Röskun.

17.00 Lúðrahljómsveit Reykjavíkur heldur vortónleika í Neskirkju. Efnisskrá tónleikana samanstendur af fjölbreyttri tónlist úr ýmsum heimshornum. Miðaverð er 2.000 krónur.

19.30 TINA - Drottning Rokksins í Eldborgarsal Hörpunnar í kvöld. Sigríður Beinteinsdóttir, Bryndís Ásmundsdóttir Stefanía Svavarsdóttir, Erna Hrönn og Regína Ósk flytja öll bestu lögin frá ferli Tinu. Miðaverð frá 6.900 krónum.

20.00 Hvannadalabræður fagna útgáfu hljómplötu sinnar Hvannadalabræður-

Klappa ketti með tvennum tónleikum á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er 2.500 krónur og hefjast seinni tónleikarnir klukkan 23.00.

21.00 Soffía Björg býður vorið velkomið í Mengi. Með henni verða Tómas Jónsson á skringi-rhodes og myndlistarkonan Sigríður Þóra Óðinsdóttir sem varpar vídeóverki á vegg tónleika-staðarins. Miðaverð er 2.000 krónur.

21.00 Skriðið úr Skelinni #6 á A. Hansen Bar í Hafnarfirði. Fram koma Skúli mennski, Unnur Sara, Kristín Waage & Band og Electric Elephant.

22.00 Svanhildur Jakobsdóttir rifjar upp nokkra af sínum helstu smellum ásamt ZwingZveitinni á Café Rósenberg. Miðaverð 3.000 krónur.

Opnanir

15.00 Listakonan Ragnheiður Guðmundsdóttir opnar einkasýninguna Vefir í listasalnum Anarkíu, Hamraborg 3. Meginstef sýningarinnar er hvernig tilfinningar hafa áhrif á líkamlegt ástand.

15.00 Listakonan Ólöf Björg Björnsdóttir opnar einkasýninguna Skuggar og skilningsljós í listasal Anarkíu, Hamraborg 3. Á sýningunni verða ný málverk.

Sýningar

14.00 Vorsýning á fjölbreyttum verkum handverkshópa sem starfa í Gerðubergi. Á sýningunni má meðal annars sjá bókband, bútasam, gler, handavinnu, tálgun og pappamódel. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnar sýninguna og Gerðubergskórinn syngur vel valin lög.

15.00 Nemendasýningin Treasure sýnd í Tjarnarbíó. Nemendur og kennarar Rebel Dance Studio sýna afrakstur annarinnar. Miðaverð er 2.500 krónur.

Söfn

14.00 Kínasafn Unnar, Njálsgötu 33a opið til klukkan 16.00. Unnur verður á svæðinu, sýnir og segir frá.

Uppákomur

11.00 Lifandi laugardagur í miðbæ Hafnarfjarðar. Opið verður lengur í verslunum og krítar fyrir utan verslanir fyrir börnin.

13.00 Ókeypis myndasögudagurinn 2015 haldinn hátíðlegur í verslun Nexus, Nóatúni 17. Gestir fá sérútgefin myndasögublöð á ensku frá ýmsum útgefendum. Búningaáhugafólk hvatt til þess að mæta í búningum.

13.00 Íslenski barinn fagnar eins árs afmæli. Hljómsveitirnar Dætrasynir og Ottoman koma fram og boðið verður upp á afmæliskökku.

Tónlist

21.00 Trúbadorinn Roland verður á American Bar í kvöld.

21.00 Dj Yamahó þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

22.00 Dj Raggi þeytir skífum á Lebowskí Bar í kvöld.

22.00 Berndsen og Arnljótur úr Oj-barasta þeyta skífum á Gauknum.

22.00 Dj Kári þeytir skífum á Paloma í kvöld.

23.30 Dj Frímann og Pilsner þeyta skífum á Paloma í kvöld.

Markaðir

11.00 Fatamarkaður Fatahönnuða á Lofti Hosteli í dag. Katrín Alda, Hildur Yeoman, Rebeka Jónsdóttir, Eygló Lárusdóttir, Rannveig Kristjánsdóttir og Sævar Markús selja notaða og ónotaða merkjavöru, skó, skart, tösku og tískubækur.



#SECRETSOLSTICE

SUMARIÐ 2015 NÆR HÁMARKI

SECRET 19.-21. JÚNÍ 2015 SOLSTICE

LAUGARDALUR × REYKJAVÍK

MÍÐASALA Á WWW.TIX.IS,
Í LUCKY RECORDS OG MOHAWKS



SUNNUDAGUR

HVAÐ?
HVENÆR?
HVAR?

3. MAÍ 2015

Tónleikar

16.00 Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur Árstíðirnar fjórar eftir Vivaldi og Árstíðirnar fjórar í Buenos Aires eftir Piazzolla í Hofi, Akureyri. Einleikari er fiðluleikarinn Greta Guðnadóttir og hljómsveitarstjóri Guðmundur Óli Gunnarsson. Miðaverð 4.900 krónur.

16.00 Þóra Einarsdóttir sópran og Gerrit Schuil píanóleikari flytja ljóð eftir Richard Strauss í Hljóðbergi, Hannesarholti. Miðaverð er 2.500 krónur.

16.00 Suðræn sveifla Óperukórsins í Reykjavík í Langhólskirkju. Einsöngvarar eru Garðar Thór Cortes, Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og Silja Elísabet Brynjarsdóttir. Miðaverð er 5.300 krónur.

21.00 Dúettinn Atómbraeður heldur tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

Sýningar

20.00 Kabarettinn Leitinn að Jörundi í Þjóðleikhúskjallaranum.

Söfn

14.00 Kínasafn Unnar, Njálsgötu 33a opið til klukkan 16.00.

Kvikmyndir

15.00 Heimildarkvikmyndin Orrustan mikla við Volgu, þar sem fjallað er um orrustuna um Stalingrad, sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Aðgangur ókeypis.

Uppákomur

13.00 Heimilislegur sunnudag á Kexi Hosteli. María Dalberg jógakennari stýrir jóga fyrir börn, mömmur, pabba afa og ömmur í Gym & Tonic salnum. Seinni tíminn hefst klukkan 13.30. Engin aðgangseyrir og ekki verri fólk hefur jógaábyrg meðferðis. Allir velkomnir.

13.00 Alþjóðlegur hláturdagur haldinn hátíðlegur með hláturstund við gömlu þvottalaugarnar í Laugardalnum. Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari og aðrir hláturjógaleiðbeinendur leiða hópinn og kenna hláturæfingar. Allir velkomnir.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í Félagsheimili eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4. Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi. Félagar taki með sér gesti. Aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.600 krónur gegn framvísun félags-skrárteinis

Dans

20.00 Danshöfundurinn Katrín Gunnarsdóttir skoðar lánaða líkama í tveimur ólíkum sóló-dansverkum sem verða sýnd í Tjarnarbió. Í Macho Man er kafað ofan í sveitta undirheima bardagaþrótta og í verkinu Sacing History er útgangspunkturinn persónuleg danssaga Katrínar síðustu 15. árin. Miðaverð er 2.500 krónur.

Tónlist

21.00 Dj Krystal Carma þeytir skifum á Kaffibarnum.

22.00 Trúbadorinn Siggí Þorbergs verður á American Bar.

Leiðsögn

14.00 Ókeypis fjölskylduleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Safnkennari gengur með börnum í gegnum sýninguna Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár. Allir velkomnir.

14.00 Birna Þórardóttir leiðir gesti um slóðir íslenskra myndlistarkvenna.

Gönguferðin hefst við Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7.

14.00 Helga Björnsson teikuhönnuður gengur um sýninguna Un þeu plus í Hönnunarsafni Íslands. Á sýningunni má sjá teikningar Helgu tengdar ferli hennar sem teikuhönnuður í hátíðskunni í París en Helga gengur í fylgd Hörpu Þórsdóttur forstöðumanns safnsins og rifjar upp sögur og minningar.

15.00 Eyrún Óskarsdóttir listfræðingur leiðir gesti um sýninguna í birtu daganna sem nú stendur yfir í Safni Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74.

15.00 Meistaraneimar í hönnun


leiða gesti um MA-útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands í Gerðarsafni. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Listamannspjall

15.00 Finnur Arnarson myndlistarmaður ræðir við gesti um verk sín á sýningunni Menn í Hafnarborg. Einnig mun Finnur taka þátt í leiðsögn um sýninguna.

15.00 Listamannspjall í Habinger, Freyjugötu 1, við Margréti H. Blöndal um sýningu hennar Felldur. Ingibjörg Sigurjónsdóttir leiðir spjallið.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Stofnaður 1952
farsæl starfsemi í yfir 60 ár

Skólaárið 2015-2016

Inntökupróf

Þekking
Reynsla

Fagmennska
Gæði

Úrvalskennarar í klassískum
og nútíma listdansi



Myndirnar eru teknar á sýningum skólans
Ljósmyndari: Steve Lorenz

Listdansskóli
Íslands

Inntökupróf fara fram
laugardaginn 9. maí 2015
Rafræn skráning á
www.listdans.is

Grunndeild árgangar 2004–
2006 klukkan 12, árgangur
2003 og eldri klukkan 13

Framhaldsdeild árgangur
1999 og eldri koma í
inntökupróf klukkan 14:30

Tekið verður inná bæði
nútíma listdansbraut og
klassíska listdansbraut

Nám við Listdansskóla
Íslands er góður undirbún-
ingur fyrir frekara nám
og/eða atvinnumennsku.
Nemendur fá fjölmörg
tækifæri til að sýna á sýn-
ingum skólans sem og við
önnur tækifæri eins og með
Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Staður
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar
www.listdans.is
588 91 88

Jesús ...kallaði: „Ef
nokkurn þyrstir þá
komi hann til mín
og drekki. Frá hjarta
þess sem trúir á mig
munu renna lækir
lifandi vatns.“

SIJUSISBIBSIOJAVWWW

TÍST VIKUNNAR


Bergur Ebbs
@BergurEbbs
Að skera gúrku með ostaskera er svo basic lifehack að mér finnst næstum ekki taka því að nefna það.

Bragi Valdimar
@BragiValdimar
Það eru tvær lóur búnar að yfirbuga veðurfræðing úti í götu. Önnur skrækir dirrendi meðan hin lætur hann éta Inspired by Iceland bækling.

Steiney Skúladóttir
@steiney_skula
Borðaði ekki morgunmat. Hefði verið gott að eiga #heimilisbraud

Sunna Ben
@SunnaBen 28. apríl
Borða stundum minnst spennó bitana úr sushibakkanum fyrst til að sitja ekki uppi með þá, en verð þá oft södd áður en að gúrminu kemur #erfitt

Anna Margrét Gunnarsdóttir
@adhdkisan 30.apríl
Fór í fótisnyrtingu. Þurfti að hjóla heim í sandöllum. Fékk að smakka á mínu eigin meðali. Það er ekki komið sandala-veður, staðfest.



EIN STÆRSTA LAGERSALA FYRR OG SÍÐAR Á ÍSLANDI

EKKI MISSA AF ÞESSU!

RISA LAGER SALA

AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

25 TIL 70%

AFSLÁTTUR

BÍLD SHÖFÐA 9
BÍLANAUSTSHÚSIÐ

OPNUNARTÍMI: LAU. 11⁰⁰–17⁰⁰, SUN. 13⁰⁰–17⁰⁰, MÁN.–FÖS. 12⁰⁰–18⁰⁰



FLOTTIR Eiríkur Bergmann ásamt Pétur Blöndal og Ómar Ragnarssyni. FRÉTTABLAÐ/ERNIR

Hryðjuverkamanninum fagnað

Fjöldi fólks mætti í útgáfuhólf Eiríks Bergmann, prófessors í stjórnmálafræði, á fimmtudag til að fagna útgáfu bókar hans Hryðjuverkamaður snýr heim. Eiríkur hefur einnig gert samning við útgáfufyrirtækið Palgrave Macmillan um fræðibók um þjóðernishyggju á Norðurlöndum og stjórnmál hægri öfgaflokka.



STOLTAR Móðir Eiríks, Guðrún Axelsdóttir, og dóttir hans, Hrafnhildur Eiríksdóttir.

RÆÐA MÁLIN Ómar Ragnarsson og Pétur Blöndal ræða málin í útgáfuhófinu.



ÁRITAD EINTAK Guðlaugur Þór Þórðarson fær Eirík til að árita eintakið sitt.

HRESS OG KÁT Pau Páll Ragnar og Hildur Sverrisdóttir mættu með bros á vör.

**Gjafakort
Miðborgarinnar
okkar**
Fánlegt í bókaverslunum
miðborgarinnar

Sumarið mætir í miðborgina

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Í maí vikur vetrarúlpan fyrir þynnri yfirhöfnum og þeir bjartsýnustu dusta rykið af stuttbuxunum og sandöllum. Mannlífið blómstrar í miðborginni og þar er alltaf gott að versla. Gjafir og gotterí á hverju stráí og sól langt fram eftir kvöldi.

Opið til kl. 17:00 og víða lengur í verslunum.

10. maí	Mæðradagurinn
13. maí	Listahátíð í Reykjavík sett
13. maí	Miðborgarvaka til kl. 22
14. maí	Uppstigningardagur
24. maí	Hvítasunnudagur

Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.

BERGSTADIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÓRNUPORT
TRADARKOT
VESTURGATA
VITATORG



Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 4. maí, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Kristján Davíðsson

Á uppboðinu verður gott úrval verka samfélagslistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd laugardag kl. 11-17,
sunnudag kl. 12-17, mánudag kl. 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA
fold



STÓR STJARNA Nina er von að spila á risastórum hátíðum og klúbbum.

MYND/CARIN ABDULLA

Kraviz væntanleg aftur í maí

Teknóstjarnan hefur tónleikaferð sína á Paloma.

Ein þekktasta tónlistarkonan í teknóheiminum í dag, Nina Kraviz, heldur partýkvöld á skemmtistaðnum Paloma í miðbæ Reykjavíkur 15. maí. Um er að ræða fyrsta kvöldið í Trip records-útgáfutónleikaferð hennar. „Hún er von að spila á risastórum klúbbum og tónlistarhátíðum, svo það er mjög sérstakt og skemmtilegt að hún velji að hefja túrinn hér. Þegar ég útskýrði fyrir henni hversu lítill staður Paloma væri þá varð hún bara enn spennari fyrir vikið,“ segir

Arnviður Snorrason, Addi eða betur þekktur sem EXOS. Nina spilaði á Sónarhátíðinni í febrúar og hefur síðan þá komið þrívísar til landsins. „Hún er rosalega hrifin af Íslandi, íslensku teknó og bara íslenskri tónlist og segist finna sterka tengingu við landið.“ Tónleikaferðin, sem hún kallar Trip líkt og útgáfufyrirtæki hennar, hefst eins og áður sagði hér. „Næstu Trip-útgáfutónleikar verða síðan haldnir í Detroit, New York og Barcelona, svo þetta er magnað.“ - as



NINA KRAVIZ



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Inntökupróf í Læknadeild HÍ Læknisfræði og sjúkráþjálfun

Inntökupróf í Læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkráþjálfun verður haldið í Reykjavík fimmtudaginn 11. og föstudaginn 12. júní 2015.

Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið. Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með 20. maí 2015. Skráning fer fram á netinu, www.laeknadeild.hi.is Próftökugjald er 20.000 kr.

Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru samþæmilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsóknin telst því ekki gild fyrir en staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini eða rafrænt stúdentsprófsskírteini úr *Innu* hefur borist skrifstofu Nemendaskrár Háskóla Íslands, Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík.

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til Nemendaskrár Háskóla Íslands um að stúdentsprófi verði lokið áður en inntökupróf hefst. Staðfesting þarf að berast eigi síðar en 20. maí 2015.

Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu Læknadeildar með sérstakri ráðgjöf, m.a. frá kennurum framhaldsskóla og Námsmatsstofnunar. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum fyrri daginn, en seinni daginn eru tvær próflotur: Aðgangspróf fyrir háskólastig (A-próf), 3,5 klst., auk einnar tveggja tíma próflotu líkri þeim sem skipulagðar eru fyrri daginn. A-prófið gildir 30% af inntökuprófinu. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggja fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar sem finna má á heimasíðu Læknadeildar, www.laeknadeild.hi.is

Árið 2015 fá 48 nemendur í læknisfræði og 35 í sjúkráþjálfun rétt til náms í Læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



STEMNING Hljómssveitin HAM á Airwaves á NASA 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞOR BIRKISSON

Heiðurinn er þess sem opnar á Nasa

Iceland Airwaves-hátíðin verður haldin á Nasa á ný.

Aðdáendur Airwaves-hátíðarinnar hafa svo sannarlega ástæðu til þess að fagna, en staðfest hefur verið að hátíðin verður haldin á skemmtistaðnum Nasa að nýju í ár. „Um leið og við heyrðum að það ætti að opna staðinn að nýju, þá fórum við á stúfana og tryggðum okkur staðinn á Airwaves,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves.

Hátíðin hefur ekki verið haldin á skemmtistaðnum Nasa í fjögur ár. „Þetta var alltaf einn af okkar uppáhaldsstöðum og það var hálf

blóðugt að missa hann á sínum tíma. Nasa spilaði mikilvægt hlutverk á Airwaves, var ekki of lítil og ekki of stór.“

Grímur býst við að staðurinn verði notaður öll kvöldin, enda skipti miklu máli að geta dreift hátíðargestum og haft staði sem henta sem flestum tónleikum. „Þetta var akkúrat kryddið sem okkur vantaði aftur. Þetta tekur álag af litlu stöðunum og tekur gígginn sem passa ekki í Hörpu. Heiðurinn verður allur þess sem fær að opna Airwaves á Nasa.“ - as

LAMBALÆRI

Í Iceland færðu gæða lambalæri og allt hitt sem þarf til að setja saman sannkallaða sælkeramáltíð.



1199 kr. kg

VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.

1. FLOKKS SS LAMBALÆRI
FROSID. 2,1–2,6 KG

PPRÁKTÍVA - SÍA - 151440

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

FJÖLBREYTT ÚRVAL EFTIRRÉTTA Á GÓÐU VERÐI



699 kr.

Áður: 798 kr.

Súkkulaðihjúpaður is m/mintu
18 stk.



799 kr.

Áður: 1298 kr.

Ískaka m/karamellu- og
súkkulaðisósu, fyrir 10



599 kr.

Áður: 1298 kr.

Ostakaka
fyrir 10



699 kr.

Áður: 1498 kr.

Lagkaka
fyrir 10



699 kr.

Áður: 1498 kr.

Lagkaka
fyrir 8



1299 kr.

Áður: 1798 kr.

Súkkulaðihúðaðir ávextir
60 stk.

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Bergsveinn Arilfússon söngvari þurfti algjörlega að snúa við blaðinu eftir nokkur ár af stanslausu partíi. Tónlistin togar þó alltaf í hann og nú ætla Sóldögg að koma saman aftur af tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá því bandið var stofnað.

Þetta er svo gaman,“ segir Bergsveinn og bókstaflega ljómar þegar hann segir mér frá endurkomunni og hressandi hljómsveitaræfingum Sóldaggar undanfarna daga. „Við erum ráðsettir fjölskyldu-feður í úthverfum í dag og frá því að bandið hætti árið 2001 hafa tíu börn fæðst í hópinn. Svo fórum við að spá í hvernig við ættum að fagna afmælinu, við erum allir miklir vinir og höfum alltaf haldið góðu sambandi þannig að þælingin var fyrst að fara saman í ferðalag með fjölskyldurnar. En svo fundum við að okkur langaði svo að taka upp hljóðfærin og spila fyrir fólk aftur. Finna aftur stemninguna, spennuna og orkuna. Ég held að þetta sé eins og fyrir menn sem spiluðu fótbolta á yngri árum að fara svo í bumbubolta til að upplifa tilfinninguna aftur.“

Innst inni hljómsveitargaur

Bergsveinn, eða Beggi eins og hann er alltaf kallaður, byrjaði ungur í bransanum og var í rapphljómsveit fimmtán ára gamall. Hann vakti síðan mikla athygli þegar hann tók þátt í söngleikum The Commitments á menntaskólaaldri og í kjölfarið var hljómsveitin Sóldögg stofnuð 1995.

„Þegar þetta afmæli kom upp fór ég í smá naflaskoðun og hugsaði hver ég væri eiginlega. Jú, ég er ráðsettur maður og vinn mína vinnu hjá Ölgerðinni í matvælabransanum og hef gert í mörg ár. En innst inni er ég hljómsveitargaur. Mamma kom einmitt í gær heim með gamla teikniblokk frá því ég var sjö ára. Þar var ég búinn að teikna óla prik kalla með hljóðfæri uppi á sviði og svo stóð með krakkaskrift fyrir ofan: „Ég ætla að verða söngvari þegar ég verð stór.“ Ég er bara þessi gaur.“

Springa úr sköpunarkrafti

Sóldaggarmeðlimirnir fjórir hittust á dögum til að athuga hvort fótur væri fyrir því að spila opinberlega á afmælinu. „Við komum saman, allir komnir með grátt í skeggið og vangann en svo var þetta eins og að fara í tímavél. Falleg nærvera skapaðist og fullt af hugmyndum fór á flug. Á þessari einu æfingu gerðum við grunn að þremur nýjum lögum. Allir að springa úr sköpunarkrafti.“

Hljómsveitin hætti störfum árið 2001 eftir sex ára spilamennsku úti um allt land og um það bil 130 böll á ári. Hver einasta helgi fór í akstur landshorna á milli þar sem sofið var í rútunni á daginn og spilað á kvöldin. Sveitin náði skottinu á sveitaballtímabilinu og Beggi lýsir tímanum sem einu stóru partíi. En af hverju hætti hljómsveitin?

„Af því að partíið var í raun löngu búið,“ segir Beggi hlæjandi en bætir svo einlægur við að hann hafi hreinlega klárað sig andlega. „Þessi lífsstíll keyrði mig eiginlega í þrot enda vorum við í hljómsveitinni ekki beint þekktir fyrir að vera þessir fyrirmyndarpopparar eins og þekkjast í dag – þessir sem eru í íþróttum, bragða ekki áfengi og eru góðar fyrirmyndir fyrir unga fólk. Á einhverjum tímamarki fór ég að gleyma af hverju ég væri í þessu og ég týndi sjálfum mér. Þess vegna tók ég meðvitaða og heiðarlega ákvörðun um að hætta í músík. Þrátt fyrir að ég hefði mikla ástríðu fyrir tónlist þá varð ég að gera þetta til að breyta lífi mínu og koma fótunum niður á jörðina. Ég hætti að drekka og hef ekki smakkað vín frá árinu 2003. Áfengi helst oft í hendur við svona mikla spilamennsku því á einhverjum tímamarki ferðu að halla þér að einhverri hækju.“

Hrokinn farinn

Við tók alveg nýtt líf hjá Begga. Hann tók saman við æskuástina og stofnaði fjölskyldu. „Það gerðust alveg æðislegir hlutir eftir að ég tók þessa ákvörðun. Ég var búinn að taka rokklífsstílinn alla leið og kláraði þakkann. Það gerir það að verkum að þegar ég er að kveikja á gasgrillinu eða að leira á laugardagskvöldi þá er ekkert þarna úti sem togar í mig lengur. Been there – done that,“ segir Beggi glottandi.

Er þá barnadraumurinn um að starfa sem söngvari farinn út í buskann? „Nei, nei. Ég er búinn að vera með annan fótinn í bransanum. Ég var í Vinum vors og blóma á tímabili, söng með Pöpum og hef tekið þátt í einhverjum uppfærslum. Það er gott að koma að

SAGÐI SKILIÐ VIÐ BRANSANN OG BREYTTI LÍFI SÍNU



MENNTAÐUR BAKARI Beggi starfar í matvælabransanum hjá Ölgerðinni og er ánægður með dagvinnu og fjölskyldulíf í úthverfi þótt tónlistin blundi alltaf í honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



POPPARAR Sóldaggarmenn stilla sér upp á Gauki á Stöng árið 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR JÓNASSON

“Við komum saman, allir komnir með grátt í skeggið og vangann en svo var þetta eins og að fara í tímavél. Falleg nærvera skapaðist og fullt af hugmyndum fór á flug.

“Á einhverjum tímamarki fór ég að gleyma af hverju ég væri í þessu og ég týndi sjálfum mér. Þess vegna tók ég meðvitaða og heiðarlega ákvörðun um að hætta í músík.

þessu aftur en bara svona yfirvegað. Þegar maður er svona skýr þá upplifir maður þetta öðruvísi, sambandið við fólk í salnum verður betra og kikkið enn meira. Maður er meira svona frá hjartanu í þessu, enda er ég orðinn miklu næmari og meyrari með því að vera vímulaus. Hrokinn og óttinn eru farnir.“

Sóldögg kemur fjórum sinnum fram á næstu mánuðum. Fyrsta giggið verður í kvöld á Spot í Kópavogi en lokahnykkurinn verður á Þjóðhátíð í Eyjum, eða hvað?

„Við ákváðum að gera tónlist í sumar. Semja og hafa gaman. Ég veit ekkert hvert það leiðir okkur. Við erum náttúrulega komnir á ákveðinn aldur og tónlistarsenan búið að breytast mjög mikið. En fyrir okkur er bara æði að búa til smá tónlist aftur.“

Brúðargjafir & brúðargjafalista



Komið í verlanir okkar og setjið saman brúðargjafalista af öllum þeim vörum sem ykkur langar í og leyfið starfsfólki okkar að leiðbeina ykkur um sögu og gæði allra þeirra vöruflokka sem við höfum upp á að bjóða.

Einnig er hægt að setja sama sinn eigin lista á vefsíðu okkar www.kunigund.is

Brúðhjón sem stofna brúðargjafalista hjá Kúnígúnd fá glæsilega brúðargjöf frá GEORG JENSEN og hafa úr fjórum hlutum að velja.*

* Úttekt af brúðargjafalista þarf að vera að lágmarki 10 þúsund krónur



Ný og glæsileg heimasíða Kúnígúnd er komin í loftið. www.kunigund.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



Sýningartímar á eMið.is og mið.is

Dropbox fyrir pöpulinn

BAKPANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Ég skil ekki af hverju mér, einsog svo mörgu öðru vinnandi fólki, bregður alltaf svo í brún þegar við mér blasir værukærð ráðamanna varðandi hag vinnandi fólks. Þetta er alveg undarlegt því mér mætti vera hugur þeirra ljós fyrir löngu. Þeim er kannski ekkert illa við okkur en þeim þykir hagur allra annarra vega þyngra en okkar. Við erum einsog uppáhaldslíð þeirra í belgisku knattspyrnunni meðan gamla LÍÚ er landsliðið.

PESSI óskiljanlegi skrekkur minn gerir vart við sig þegar góðir og gegnir sjálfstæðismenn tala um verkfallsréttinn einsog einhverja óhöllustu í höndum óábyrgs fólks sem jafnvel ætti að banna. Eins þegar fjármálaráðherra segir að ekki megi ganga svo langt í jöfnuðinum að hann komi niður á hvatan-


um. Og svo bregður mér alltaf jafn mikið þegar þingmenn rétta okkur löngutöng og vasast með fjölskyldumál sín í hinum ýmsu nefndum.

PETTA er enn óskiljanlegri fyrir þær sakir að ég bý á Spáni þar sem bankarnir fóru á hausinn en hin vinnandi stétt hélt í honum lífi og kostaði það blóð, svita og tár. Nú eru bankarnir farnir að græða aftur en enginn talar um að þeir ættu að borga fyrir bjargráðin.

SVO var fjármálaráðherra Grikkja gerður hornreka einsog mávur á hrafnaþingi þegar hann hafnaði þeirri kröfu evrópskra kollega sinna að grískur almenningur yrði húðstrýktur enn frekar. Svo virðast ráðamönnum víðast í Evrópu stafa ógn af því að vinnandi fólk búi í eigin húsnæði.

PAD virðist ekki rúmast í mínum hausi að ráðamenn eru flestir af allt öðru sauðahúsi, þetta eru flestir stóreignamenn og viðskiptamenn sem auðgast með arði, vöxtum og ofurlaunum en tikka ekki eftir töxtum og stimpilklukkum einsog við sem kjósum þá.

ÉG áttaði mig á þessum kvilla mínum þegar tölva mín „krass-aði“ og harði diskurinn tæmdist. Ég „krassa“ greinilega sjálfur annað slagið svo staðreyndir þurrkast úr vitund minni. Ég hef því ákveðið að fá mér Dropbox, sem reyndist tölva minni svo vel, en þar get ég til dæmis geymt þrælshald, lénskerfi og vistarbönd en eins frönsku byltinguna og vökulögin og þannig gleymi ég ekki að þó að mannúðin sé nú meiri þá er enn við sama djöfulinn að etja.



Finnst Kanye pínu frábær

Taylor Swift kom með afar óvænt útspil í illvígri deilu tónlistarmannanna, sem lifað hefur góðu lífi í fjölmiðlum síðan árið 2009.

Svo virðist sem frosið hafi í helvíti en Taylor Swift lét á dögnum hafa eftir sér að sjálfumglæði rapphundurinn Kanye West, væri stútfullur af frábærum hugmyndum.

Ráku margir upp stór augu vestanhafs í kjölfarið, en listamennirnir hafa eldað grátt silfur í þó nokkurn tíma vegna furðulegrar framkomu Kanye á VMA-hátíðinni árið 2009, þegar hann truflaði Swift í þakkarræðunni og tjáði umheiminum að Beyoncé væri réttmætur sigurvegari.

Ástæða þessara ummæla fröken Swift ku vera orðrómur sem fór á kreik um mögulegt samstarf þeirra eftir að til þeirra sást ræða saman í febrúar og hefur fengið að grassera síðan.

Söngkonan sá sig knúna til að útskýra þetta fyrir heimsbyggðinni, sem getur tekið ró sína á ný, því samstarf þessara erkióvina er ekki á dagskránni á næstunni. Þó ber að hafa í huga að aldri skuli segja aldrei þegar kemur að skemmtanaíðnaðinum.

-ga



ÓLÍK Stjörnurnar hafa tekist á í gegnum tíðina, en nú virðist Swift ætla að grafa stríðsöxina. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS



LAUGARÁS BÍÓ | **mid.is** | Míðasala og nánari upplýsingar | Coca-Cola | LAUGARÁSBÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
AGE OF ADALINE	5, 8, 10:20
AVENGERS 2 3D	2, 7, 10
MALL COP 2	5, 8
ÁSTRÍKUR 2D	2, 4, 6 - ÍSL TAL
FAST & FURIOUS 7	10
LOKSINS HEIM 2D	1:50 - ÍSL TAL

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

SAMBÍÓINN

ROBERT DOWNEY JR., CHRIS HEMSWORTH, RUFFALO DIAZ, CHRIS EVANS, SOBIELITA JOHANNSSON, JEREMY RENNER, JAMES SPADER, SAMUEL L. JACKSON

FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS

AVENGERS AGE OF ULTRON

THE WATER DIVINER ER MEISTARAVEK. SVONA EIGA KVÍKMYNDIR AD VERA. LARRY KING - LARRY KING NOW. „RUSSEL CROWE LEIKSTYRIR OG LEIKUR Í EINNI BESTU MYND ÁRSINS.“ NANCY JAY - DAYBREAK USA.

LIAM NEESON

CHILD 44

RUN ALL NIGHT

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
THE WATER DIVINER kl. 3-5:30 - 8-10:30	THE WATER DIVINER kl. 5:30 - 8-10:30
AVENGERS 2 3D kl. 1-2-4-5-7-8-10-11	AVENGERS 2 3D kl. 2-5-8-11
AVENGERS 2 VIP 2D kl. 2-5-8-11	AVENGERS 2 2D kl. 3-6-9
CHILD 44 kl. 5-8-11	CHILD 44 kl. 10:30
RUN ALL NIGHT kl. 10:20	RUN ALL NIGHT kl. 8
GET HARD kl. 8	GET HARD kl. 5:40
CINDERELLA kl. 3	CINDERELLA kl. 2
SVAMPUR SVEINSSON kl. 2D	SVAMPUR SVEINSSON kl. 2D
KEFLAVÍK	KRINGLUNNI NÚMERUÐ SAETI
THE WATER DIVINER kl. 10:20	THE WATER DIVINER kl. 3-5:30-8
THE AGE OF ADALINE kl. 8	AVENGERS 2 2D kl. 2-3-5-6-8-9-11
AVENGERS 2 3D kl. 5-8-11	CHILD 44 kl. 10:25
ÁSTRÍKUR Á GODABAKKA kl. 4	THE WATER DIVINER kl. 8
LOKSINS HEIM kl. 3D: 3 2D: 6	AVENGERS 2 3D kl. 2-5-8-11
	AVENGERS 2 2D kl. 2-5-10:25

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU KR. 750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

Simi: 553 2075 | bara lúxus | Ódýrt í bíó

SYND I 3D | SYND KL. 2 | SYND KL. 2 | SYND I 2D | LOKSINS HEIM | SYND I 2D ÍSL TAL | SYND KL. 1:50

LAUGARÁS BÍÓ | TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓINN

AVENGERS AGE OF ULTRON | CINDERELLA ÖSKUBUSKA | SVAMPUR SVEINSSON SVAMPUR Á ÞURRU LANDI

SPARBÍÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA, KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

FJÖLSKYLDUPAKKINN

Allir borga barnaverð

MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

DAGSKRÁ OG MÍÐASALA ER Á EMIDI.IS

ÁSTRÍKUR | MALL COP 2 | LOKSINS HEIM

Fylltu lungun af fjallalofti

MORGUNGÖNGUR FÍ OG VÍS 4.-8. MAÍ

Ferðafélag Íslands og VÍS ætla að taka daginn snemma 4.-8. maí með hressandi fjallgöngu og bjóða þér með. Fararstjórnir, Páll Guðmundsson og Auður Kjartansdóttir, koma hópnum af stað með morgunleikfimi og halda öllum gangandi með fróðleik og skemmtun. Göngurnar taka 2-3 klst.

Gönguleiðir 4.-8. maí

Mánudagur: **Helgafell við Hafnarfjörð**. Gangan hefst við Kaldársel.

Þriðjudagur: **Mosfell í Mosfellsdal**. Gangan hefst við kirkjuna á Mosfelli.

Miðvikudagur: **Keilir**. Gangan hefst við bílastæði á Höskuldarvöllum.

Fimmtudagur: **Vífilsfell við Sandskeið**. Gangan hefst í malarnámi við rætur fjallsins.

Föstudagur: **Úlfarsfell**. Frá bílastæði sunnan fellsins, við veg sem liggur upp á það.

Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Brottför er kl. 6.00 frá upphafsstað göngu. Hlökkum til að sjá þig!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



Spá Fréttablaðsins



- | | |
|---------------|-------------|
| 1. FH | 7. Víkingur |
| 2. KR | 8. Keflavík |
| 3. Stjarnan | 9. Fjölnir |
| 4. Breiðablik | 10.ÍA |
| 5. Fylkir | 11.ÍBV |
| 6. Valur | 12. Leiknir |

FH HAFNAR
Í 1. SÆTI

Fréttablaðið spáir FH Íslandsmeistararitlinum í Pepsi-deildinni í ár, en FH hefur farið í gegnum tvö síðustu tímabil titlalaust. Pressan er mikil í Hafnarfirðinum enda liðið gífurlega vel mannað með nánast tvo menn á hverja stöðu. Sigurganga FH hefur verið með ólíkindum frá 2004, en liðið hefur síðan þá unnið Íslandsmeistararitlinum sex sinnum og orðið bikarmeistari þrívégis.

→ Lykilmaðurinn í sumar

Fyrirlíði FH og múrbrjóturinn á miðjunni er **Davíð Þór Viðars-son**. Davíð Þór er liðinu gífurlega mikilvægur í varnarleiknum þar sem hann er duglegur að stöðva sóknir andstæðinganna og svo kemur hann langt aftur til að setja sóknir FH af stað. Fyrirlíðastaðan verður mikilvæg í sumar enda liðið stúfult af atvinnumönnum og erlendum leikmönnum. Davíð verður að vera framlenging af Heimi inn á vellinum.



→ Binni bjartsýni

Parf ekki að spila mótið
Er þetta einhver spurning? Við erum með besta hópinn, besta þjálfarann, flottasta völlinn, bestu umgjörðina. Titillinn kemur heim í haust.

→ Siggi svartsýni

Sammála
Ekki einu sinni ég er svo svartsýnn að spá FH ekki titilinum. Þú sagðir það best: Þarna er allt til alls. Við eigum bara að vinna mótið.

→ Nýju andlitin

Bjarni Þór Viðarsson Dan.
Guðmann Þórisson Sví.
Jérémy Sewry Ungverjaland
Kristján Flóki Finn Dan.
Þórarinn Ingi Vald. ÍBV

Fylgstu með þessum Kristján Flóki Finn boga-son Stór og sterkur framherji sem er uppalinn hjá FH og kom aftur heim fyrir tímabilið frá FCK. Ætti að nýttast FH vel í 4-4-2 leikkerfinu sem það spilar í sumar.

EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFAFINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

Gengið síðustu sex tímabil | 2009 1. sæti | 2010 2. sæti | 2011 2. sæti | 2012 1. sæti | 2013 2. sæti | 2014 2. sæti • Íslandsmeistari 6 (2004-2006, 2008-2009, 2012) • Bikarmeistari 2 (2007, 2010)

Titillinn fer í Hafnarfjörðinn

Fréttablaðið og Vísir spá FH Íslandsmeistararitlinum. Hafnarfjarðarliðið er titlalaust síðustu tvö árin og miklu hefur verið til tjaldað til að endurheimta titilinn. Baráttan verður aðallega við KR og Stjörnuna.

FÓTBOLTI Pepsi-deild karla í fót-bolta hefst á sunnudaginn með fjórum leikjum, en stórleikur umferðarinnar er á mánudaginn þegar KR og FH eigast við í Frostaskjólí. Sá leikur verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Pepsi-mörkin verða sama kvöld klukkan 22.00, en fyrsta beina útsendingin verður frá leik nýliða ÍA og Íslandsmeistara Stjörnunnar á sunnudaginn klukkan 16.30.

Fréttablaðið hefur talið niður í fyrsta leik með árlegri spá um sætaröðun liðanna og eins og sjá má hér að ofan er FH spáð Íslandsmeistararitlinum. FH verður í baráttu við KR og Stjörnuna, en Breiðabliki er spáð mögulegu Evrópusæti.

Bestir í öllu

„Það er mjög auðvelt að spá FH sigri í sumar“, segir Hjörtur Hjartarson, sérfræðingur Pepsi-markanna, um meistaræfnin í Hafnarfirðinum.

„FH er með bestu kallana, mestu breiddina, frábæran þjálfara, sigurhefð og hungur í að endurheimta titilinn. Það er allt sem bendir til þess að liðið verði meistari,“ segir hann.

Hjörvar Hafliðason, annar sérfræðingur Pepsi-markanna, hefur áhyggjur af markaskorun liðsins.

„FH skoraði ekki mikið í Lengjubikarnum í vetur, ekki einu sinni gegn BÍ/Bolungarvík sem allir rúlluðu yfir. Steven Lennon, eins öflugur leikmaður og hann er, hefur aldrei verið stöðugur markaskorari,“ segir hann.

Hjörtur bendir þó á að hann sé nú að spila fyrir mun betra lið en áður. Lennon skoraði sex mörk í tíu leikjum þegar hann kom í fyrra en var áður á mála hjá Fram.

„Er auðveldara að skora fyrir FH, þar sem allir liggja til baka á móti þér, heldur en Fram?“ spyr Hjörvar. „Já, það er bara þannig,“ svarar Hjörtur sem var mikill markaskorari á sínum ferli og markakóngur efstu deildar 2001.

Þjálfarinn spurningarmerki

KR missti öflugan leikmann þegar Baldur Sigurðsson og Haukur Heiðar Hauksson fóru í atvinnu-mennsku, en á móti hafa komið mjög öflugir leikmenn. Núna rétt fyrir mót kom Óskar Örn Hauks-

son til baka eftir að hafa verið á láni í Kanada.

„Það breytir öllu að fá Óskar aftur þarna inn. Það gjörbreytir ásýnd liðsins. Svo fékk liðið líka feitasta bitann á markaðnum í Pálma Rafni og auðvitað Skúla Jón í vörnina. Hann er frábær leikmaður,“ segir Hjörtur.

Bjarni Guðjónsson tók við KR-liðinu af Rúnari Kristinssyni en hann er með Guðmund Benediktsson sér til aðstoðar. Bjarni þjálfaði meistaraflokk fyrst í fyrri og féll þá með Fram-liðið.

„Honum hefði verið hampað hefði þetta dæmi hjá Fram gengið upp en að sama skapi verður að gagnrýna að hann á eitt tímabil að baki sem þjálfari í efstu deild og fór lóðrétt niður. Þetta er ekki ferilskráin sem maður vill taka með sér inn í KR. En hann þekkir vissulega vel til þarna og var leiðtogi sem leikmaður,“ segir Hjörtur.

Titill sem skiptir máli

Stjarnan verður í baráttunni um Íslandsmeistararitilinn en ver hann ekki samkvæmt spánni. Liðið gerði vel á leikmannamarkaðnum og fyllti í skörðin sem mynduðust eftir síðasta tímabil.

„Mikilvægast fyrir Stjörnuna var að fá Halldór Orra aftur og að halda Ólafi Karli. Stjarnan mun samt kynna því að það er miklu erfiðara að verja titilinn heldur en að vinna hann. Aðeins FH hefur verið titillinn á undanförunum árum,“ segir Hjörvar.

Stjarnan hefur verið samfleytt í efstu deild frá 2009 og var í baráttu um Evrópusæti í nokkur ár áður en liðið vann titilinn. Það tókst ekki og þá tapaði liðið tvö ár í röð í bikarúrslitum.

„Þessi sigur Stjörnunnar síðasta haust var ekki bara einhver sigur heldur er þetta titill sem breytir félaginu. Hingað til höfum við vanist því að Stjarnan tapar alltaf í stóru leikjunum. Þetta hefur mikla þýðingu en að sama skapi vilja núna allir vinna þá,“ segir Hjörvar.

Getur strítt stóru liðunum

„Ef allt gengur upp hjá Breiðabliki getur það blandað sér í baráttuna um titilinn,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, íþróttastjóri 365, um



HUNGRAÐIR FH er spáð titilinum enda liðið vel mannað. Breytingar hafa þó orðið á liðinu og er fyrirliðinn Ólafur Páll, fyrir miðju, farinn í Fjölni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

möguleika Breiðabliks.

Blikar hafa spilað mjög vel á undirbúningstímabilinu og unnið tvo titla. „Arnar hefur unnið gott starf í vetur. Hann fékk hópinn snemma, hefur spilað mikið á sömu mönnum og þarna eru allir í toppstandi. Þá er liðið með besta bakvarðapar landsins.“

Haldist allir lykilmenn liðsins

heilir spáir Óskar því að þeir geti strítt stóru liðunum en nokkur spurningarmerki eru í hópnum.

„Það sem ég hef áhyggjur af er staða varnarsinnaðs miðjumanns. Mér finnst Oliver og Gunnlaugur Helgi ekki verið nógu sannfærandi og þá set ég stórt spurningarmerki við bosníska framherjann Ismar Tandir,“ segir Óskar. tomas@365.is

Niðurstaða Fréttablaðsins: Toppbaráttan



Líklegasta liðið til að verða meistari enda með besta liðið, mestu breiddina, besta þjálfarann, bestu umgjörðina og flottasta völlinn. FH fær samkeppni frá KR og Stjörnuni en það á að klára mótið.



Það breytti miklu fyrir KR að fá Óskar Örn Hauksson aftur heim, en síðast þegar KR varð meistari kom hann að 20 mörkum liðsins. Liðið er vel mannað en þjálfarinn er stórt spurningarmerki.



Meistararnir fylltu í skörðin hjá sér með gæðaleikmönnum og fengu bónus þegar Halldór Orra sneri aftur heim. Garðbæingar eiga eftir að kynna því hvernig það er að reyna að verja titilinn.



Lærisveinar Arnars Grétarssonar hafa verið frábærir í vetur en eru ekki með hópinn til að blanda sér af krafti í toppbaráttuna. Geta dansað með stóru strákunum framan af en enda í Evrópusæti.



MEISTARAR? Terry getur lyft bikarnum í lok tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Titilbaráttan getur klárast

FÓTBOLTI Chelsea getur orðið Englandsmeistari í hádeginu á sunnudaginn þegar liðið tekur á móti Crystal Palace á Brúnni. Liðið er með 80 stig og þrettán stiga forystu á Manchester City og Arsenal. Þó Arsenal eigi leik til góða getur það mest náð 82 stigum og verður titilbaráttunni því lokið með sigri Chelsea.

Chelsea er í miklum ham og hefur unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum, þannig að fastlega má búast við því að lærisveinar José Mourinho verði meistarar eftir fimm ára bið.

Liverpool á enn möguleika á Meistaradeildarsæti, en liðið þarf að vinna upp sjö stig á erkifjendur sína í Manchester United í síðustu fjórum umferðunum. Með tveimur sigrum í síðustu fjórum umferðunum kemst United aftur í Meistaradeildina sem var stóra takmarkið í vetur. Tottenham er í sömu stöðu enda með 58 stig og Southampton er ekki endanlega úr leik með 57 stig í sjöunda sæti.

- tom

LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR	
11.45: Leicester - Newcastle	Sport 2 HD
14.00: Córdoba - Barcelona	Sport HD
14.00: Liverpool - QPR	Sport 2 HD
14.00: Swansea - Stoke	Sport 3
14.00: Sunderland - Southampton	Sport 4
14.00: Aston Villa - Everton	Sport 5
14.00: West Ham - Burnley	Sport 6
16.30: Man. Utá - WBA	Sport 2 HD
18.00: Sevilla - Real Madrid	Sport HD
19.00: Cadillac Match Play	Golfstöðin
00.00: San Antonio - LA Clippers	Sport 3
01.00: Mayweather - Pacquiao	Sport HD
SUNNUGADUR	
12.00: Moto GP	Sport HD
12.30: Chelsea - Crystal P.	Sport 2 HD
13.30: Cadillac Match Play	Golfstöðin
15.00: Tottenham - Man. City	Sport 2 HD
17.00: ÍA - Stjarnan	Sport HD

ÍBV þarf að vera með læti á Seltjarnanesi

Úrslit beggja undanúrslitarimma Ólísdeildar kvenna ráðast í oddaleikjum. Kristín Guðmundsdóttir spáir í spilin.

HANDBOLTI Í dag ræðst hvaða lið leika til úrslita um Íslandsmeistararitilinn kvenna í handbolta en þá fara fram oddaleikir í báðum undanúrslitarimnum í úrslitakeppni Ólísdeildar kvenna. Kristín Guðmundsdóttir, leikstjórnandi Vals, gaf álit sitt á ríminum fyrir Fréttablaðið.

Fyrri leikur dagsins verður viðureign Fram og Stjörnunnar í Safamýri klukkan 14.00. Stjarnan knúði fram oddaleik með afar öruggum sigri í Mýrinni á fimmtu-

dag. „Frammistaða Fram var arfaslök í þeim leik og þetta hefur verið aðeins of mikið svart og hvítt hjá þeim fyrir minn smekk,“ sagði Kristín en Valur féll úr leik í 8-liða úrslitum eftir tap gegn Stjörnuni í oddaleik.

„Framarar voru sjálfsagt með það í undirmeðvitundinni [á fimmtudagskvöldið] að þeir ættu alltaf einn leik eftir en nú er jöfn pressa á öllum. Ég vona að þetta verði jafn og spennandi leikur en ég gæti trúað því að reynsla

Stjörnunnar skili sigrinum. Stjarnan er með fleiri leikmenn sem kunna að klára svona leiki.“

Deildarmeistarar Gróttu kvittuðu fyrir óvænt tap gegn ÍBV á heimavelli í þriðja leik liðanna með því að gersigra Eyjakonur í Eyjum á fimmtudag, 34-21.

„Það er erfitt að vinna Gróttu en það er hægt, sérstaklega ef að hugarfarirð klinkar hjá þeim. Breiddin er svo ekki það mikil að um leið og einn leikmaður byrjar að klinka þá gæti þetta orðið erfitt fyrir þær,“

segir Kristín sem hafði það á tilfinningunni fyrir úrslitakeppnina að ÍBV færi alla leið í úrslitin.

„ÍBV þarf að mæta til leiks með mikil læti og sjálfstraustið í botni. Þá gætu þær komist á bragðið og leikurinn orðið spennandi. En ef að Gróttu fær að spila sinn leik og fær bæði vörn og markvörsluna almennilega í gang þá gæti eftirleikurinn orðið auðveldur,“ segir Kristín.


Leikur Gróttu og ÍBV hefst klukkan 16.00 í dag.



ÖFLUG Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skorar mark fyrir Gróttu gegn ÍBV en liðin mætast á ný í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KONUNGUR TÖFFARANNA

sleppir ekki fyrsta sætinu



„Jack Reacher er konungur
konunganna, töffari töffaranna ...“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ

„Lee Child gerir þetta
frábærlega vel.“

SIGURÐUR G. VALGEIRSSON
KILJAN

„Hressandi að fá svona
alvöru karlmenni.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
KILJAN

1.

Metsölulisti
Eymundsson

KILJULISTI: VÍKA 17





ARON Leikstjórnandinn er í lykhillutverki með Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verja toppsætið í Serbíu

HANDBOLTI Ísland mætir Serbíu ytra í undankeppni EM 2016. Strákarnir okkar komu sér á topp riðilsins með glæsilegum sextán marka sigri á Serbíu í Laugar-dalshöllinni á miðvikudag, 38-22.

Ísland komst á topp riðilsins með sigrinum á markatölu en liðið er með fjögur stig, rétt eins og Svartfjallaland og Serbía. Ísrael er svo án stiga á botninum en tvö efstu liðin komast áfram á EM 2016 í Póllandi.

Sigur í Serbíu yrði mikilvægur áfangi í baráttunni um farseðilinn til Póllands en særðir heimamenn þurfa einnig nauðsynlega á stígnum að halda. Leikurinn hefst klukkan 17.00 á morgun en Ísland verður reyndar án Guðjóns Vals Sigurðssonar og Alexanders Peterssonar þar sem báðir eiga við meiðsli að stríða.

Við vildum spila á sunnudag

Ásmundur Arnarsson segir að það hafi verið vilji þjálfara og leikmanna Fylkis að spila gegn Breiðabliki á morgun. Að fresta leiknum til fimmtudags hafi verið millilending sem enginn sé í raun fyllilega sáttur við.

FÓTBOLTI Sú ákvörðun að fresta leik Fylkis og Breiðabliks til fimmtudags vakti athygli og undrun margra. Fylkismenn voru harkalega gagnrýndir í þætti Pepsi-markanna á Stöð 2 Sport á fimmtudagskvöld en Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fylkis, vísar umfjölluninni til föðurhúsanna.

„Það er mín skoðun að lið eigi að spila á sínum heimavelli, sé þess yfirhöfuð kostur,“ sagði Ásmundur en Fylkismenn voru gagnrýndir fyrir að færa leikinn ekki í knattspyrnuhús eða gervigrasvöllinn í Laugardal.

„Fyrir utan þá staðreynd að gervigrasið í Laugardal stenst ekki ströngustu kröfur leyfiskerfis KSÍ þá voru menn ekki ánægðir með það hraðmót sem fór fram á gervigrasinu í fyrra,“ sagði Ásmundur og vísaði til þess að fjölmargir leikir fóru fram í Laugardalnum í upphafi tímabilsins eftir mikla vetrarhörku á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir að það eigi ekki að þvinga félög til að spila á öðrum völlum en sínum heimavelli. „Stórlíð úti í heimi eru ekki beðin um að spila á heimavöllum annarra

liða ef heimavöllurinn þeirra er ekki leikfær. Þess fyrir utan leggur félagið áherslu á að spila á velli sem er löglegur og stenst allar kröfur.“

Fylkissvöllur er ekki tilbúinn eftir kaldan vetur og kuldakast síðustu daga og vikna hefur ekki hjálpað til. Starfsmenn Fylkis hafa lengi vítað í hvað stefndi og segir Ásmundur að leitað hafi verið allra mögulegra lausna.

„Félagið reyndi að fá leiknum frestað fram í júní til að gefa velli tvær vikur í viðbót. Því var hafnað og er félagið afar ósátt við vinnubrögð KSÍ í því máli. Við könnuðum einnig hvort Breiðablik vildi skipta á heimaleikjum og í fyrstu kom það til greina. Svo reyndist erfitt að ná í Blikana en það kom loks upp úr krafsinu að völlum þeirra var ekki heldur tilbúinn,“ segir Ásmundur.

